# Fundargerðir bæjarráðs 1942

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bæjarráð 1942.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðir

# BÆJARRÁÐS
# REYKJAVÍKUR

1942

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1942, föstudaginn 2. jan., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Beiðni Gísla Jónssonar, Litla-landi, um leiguland við Suðurlandsbraut, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

2. Lagt fram bréf Ólafs Pálssonar sundkennara, þar sem hann segir lausu gæslumannsstarfi sínu við Sundlaugarnar.

3. Bæjarráðið samþykkir að staðfesta fyrirmæli loftvarnanefndar um að í hverju húsi bæjarins skuli vera nauðsynlegustu tæki til varnar gegn íkveikjusprengjum, eins og nánar er frá greint í bréfi nefndarinnar til bæjarstjórnar, dags. 24. des. s.l.

4. Samkv. tillögu gasstöðvarstjóra samþ. bæjarráðið að Ólafi H. Einarssyni gaslagningarmanni skuli greidd laun skv. 7. launaflokki frá 1. jan. 1942.

5. Lögð fram beiðni Barnavinafélagsins Sumargjöf um styrk til starfsemi félagsins.

6. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarnesbletti, án mannvirkja, fyrir kr. 21.00,00. Samþ. að nota forkaupsréttinn.

7. Lagt fram bréf lögreglustjóra og yfirlögregluþjóns um launakjör lögregluþjóna. Frestað til athugunar.

8. Samþ. að skipa Svavar Jóhannesson I. fl. skrifara á Manntalsskrifstofunni frá 1. jan. 1942.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1942, föstudaginn 9. jan., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti V. A. fyrir kr. 15.000,- Hafnað.

2. Lögð fram beiðni Þórhalls Árnasonar um leyfi til að byggja íbúðarhús og peningshús á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti V. A. Samþ. að óska umsagnar skipulagsnefndar.

3. Synjað beiðni Ásgeirs Magnússonar um viðbótarland við Vatnagarðablett II.

4. Ákveðið að leigja iðnaðarlóðina Höfðatún 10 til 40 ára og að leigan skuli metin af lóðamatsnefnd á 5 ára fresti.

5. Samþ. að selja Ellen Einarsson lóðina nr. 30 við Sólvallagötu.

6. Synjað, beiðni Eggerts Davíðssonar og Þórðar Hjartarsonar um lóð undir bráðabirgðaskúr við Kaplaskjólsveg.

7. Lagt fram bréf Einars Kristjánssonar viðvíkjandi byggingu Skautahallar, ásamt umsögn skipulagsnefndar og Í. S. Í. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

8. Samþ. að gefa Bjarna Pálssyni Hring. 36, kost á lóðinni nr. 9 við Guðrúnargötu.

9. Samþ. að gefa Ingimari Þorsteinssyni, Seljav. 9, kost á lóðunum nr. 9 og 11 við Kaplaskjólsveg, enda verði hann byrjaður á byggingu fyrir 15. febr. n.k.

10. Lögð fram matsgjörð um endurgjald fyrir lóðirnar nr. 1,3,5,7,9, 11 og 13 við Reykjavíkurveg, er teknar voru undir flugvöllinn.

11. Lagt fram bréf Egils Vihjálmssonar um breytingar á verkstæðishúsi hans, Laug. 118, og leigu á lóð til viðbótar lóð hússins. - Samþ. að óska umsagnar skipulagsnefndar.

12. Að gefnu tilefni frá stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkur tekur bæjarráðið fram, að það líti svo á, að Gunnar Ólafsson, bifreiðastjóri á næturlæknabílnum, sé ekki starfsmaður bæjarins.

13. Lagt fram bréf stjórnar Starfsmannafélags Reykjavíkur um launakjör sótara. - Falið slökkviliðsstjóra til umsagnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Samþ. að láta leggja rafmagnsheimtaug að Fífuhvammi, enda greiði umsækjandinn allan kostnað við það.

15. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um ráðningu vélstjóra til starfa hjá Rafmagnsveitunni.

16. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um kostnað við reiðhjólanotkun. Falið rafmagnsstjóra og bæjarverkfræðingi til athugunar.

17. Samþ. að verða við tillögu rafmagnsstjóra um lagningu heimtaugar að Arnarhóli við Nýbýlaveg.

18. Lagt fram bréf lögreglustjóra og yfirlögregluþjóns um launakjör lögreglunnar.

19. Lagt fram bréf stjórnar Fasteigendafélagsins um lækkun á fasteignagjöldum.

20. Lagt fram bréf stjórnarnefndar ríkisspítalanum viðvíkjandi fæðingardeild spítalans.

21. Samþ. að ráða Svein Jónasson fastan starfsmann frá 1. jan. 1942, og taki hann laun eftir VIII. launaflokki.

22. Lagt fram fram bréf frá Hrímfaxa h/f, dags. 30. des., viðvíkjandi sjóðstarfinu. - Samþ. að svara bréfinu þannig, að bæjarstjórn skorti lagaheimild til þeirrar aðstoðar, sem farið er fram á í bréfinu.

23. Lagt fram bréf frá utanríkisráðuneytinu þar sem skýrt er frá símskeyti, er ráðuneytinu hafði borist frá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn um sölu á hitaveituefnum, sem eru í Kaupmannahöfn, ásamt uppdrætti að svarskeyti.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1942, laugardaginn 17. jan., kl. 10 1/2 f.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gefa þessum mönnum kost á eftirtöldum lóðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Marinó Jónsson | fái | Kleppsveg | 2 |
| Loftur Einarsson | " | Kleppsveg | 4 |
| Oddsteinn Gíslason | " | Langholtsveg | 1 |
| Ásgeir Þorláksson | " | " " | 3 |
| Rósinkar Ingimarsson | " | " " | 9 |
| Sigurður Jóhannsson | " | " " | 13 |

2. Lögð fram erindi Sigurjóns Danívalssonar o.fl. og Einars Kristjánssonar o.fl. um byggingu skautahallar ásamt umsögn skipulagsnefndar. - Samþ. að leita umsagnar Í. S. Í.

3. Lögð fram umsögn skipulagsnefndar um erindi félags íslenskra myndlistamanna um lóð undir bráðabirgðasýningarskála. - Ákveðið að senda félaginu bréf nefndarinnar.

4. Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar um húsalínu frá gatnamótum Tryggvagötu og Geirsgötu að Ægisgötu.

5. Samþ. að gefa þeim Guðm. St. Gíslasyni, Gísla Halldórssyni og Sigv. Thordarson kost á lóðunum nr. 28 og 30 við Rauðarárstíg, enda verði þeir byrjaðir á byggingu fyrir 15. mars n.k.

6. Samþ. að gefa Páli Guðbjörnssyni, Laugarnesvegi 77, kost á lóðinni nr. 13 við Kirkjuteig, enda verði hann byrjaður á byggingu fyrir 1. apríl n.k.

7. Lagt fram bréf Valdimars Sveinbjörnssonar um lóð til að flytja á húsið nr. 11 við Vatnsstíg. - Vísað til afgreiðslu bæjarverkfræðings.

8. Lagt fram bréf Helga Bergs um lóð undir skúr Guðlaugar Björnsdóttur.

9. Lagt fram bréf lögreglustjóra um útisíma handa lögreglunni. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

10. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Haga, með húsum og mannvirkjum, fyrir 75 þús. kr. - Samþ. að nota forkaupsréttinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Erindi Gísla Jónssonar, Litla-landi, um land við Suðurlandsbraut vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

12. Lagt fram bréf lögreglustjóra, ásamt útskrift úr gerðabók heilbrigðisnefndar frá 14. jan.

13. Lagt fram bréf erfðafestuhafa í Sogamýri um eftirgjald eftir lönd þeirra.

14. Lagt fram bréf lögreglustjóra um launakjör Guðmundar Guðmundsson, Rauð 13. - Frestað til athugunar.

15. Lagt fram bréf Guðmundar Jónassonar, Mánag. 8, um akstur skólabarna. - Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

16. Lögð fram beiðni Bjarna Jónssonar Holtsg. 35, um meðmæli með veitingaleyfisbeiðni. - Vísað til bæjarstjórnar.

17. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að semja við stjórn breska setuliðsins um lagningu háspennulínu frá Elliðaárstöðinni að Lögbergi og byggingu spennistöðva.

18. Samkv. tillögu rafmagnsstjóra samþykkti bæjarráðið að veita Einari Bjarnasyni rafvirkja löggildingu til þess að starfa við lágspennuveitur.

19. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að flytja Harald Blöndal upp í VII. flokk frá 1. jan. 1942.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 23. jan., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti VIII., ásamt húseigninni Tungu fyrir kr. 75.000, - Hafnað.

2. Lögð fram beiðni Alexanders Guðmundssonar, Bjarmalandi, um erfðafestu eða leigu á Laugarnesbletti. - Vísað til meðferðar bæjarverkfræðings.

3. Lögð fram umsókn Sambands íslenskra bankamanna um leigulóðir á Melunum undir íbúðarhús. Þar sem skipulag er ekki ákveðið á þessu svæði er ekki unnt að verða við beiðninni, en bæjarráð er því hlynt, að sambandinu verði ætlaðar bygg-ingarlóðir á góðum stað. Málinu að öðru leyti vísað til umsagnar skipulags-nefndar.

4. Lögð fram umsókn Guðmundar Axels Björnssonar, Fram. 8 A, um lóðina nr. 64 við Vesturgötu. Bæjarráðið sér sér ekki fært að verða við beiðninni að svo stöddu.

5. Samþ. að gera leigusamninga við h/f Goða um lóðir undir sambyggð íbúðarhús á svæðinu milli Hringbrautar og Grandavegar, er Oddi Jónassyni o.fl. var gefinn kostur á á fundi bæjarráðs 19. sept. s.l.

6. Lagðar fram umsóknir frá Eggert Davíðssyni og Þórði Hjartarsyni um lóðir undir bráðabirgðahús í Kleppsholti. - Vísað til meðferðar borgarstjóra.

7. Synjað beiðni Gísla Jónssonar um leyfi til að byggja viðbyggingu við fiskverk-unarhús h/f Haugs við Kaplaskjólsveg.

8. Lögð fram beiðni Gísla Halldórssonar og Sigv. Thorarensen um leigulóðir við Bollagötu, milli Rauðarárstígs og Hringbrautar, undir íbúðarhús. Ákveðið að óska umsagnar skipulagsnefndar.

9. Lagðar fram matsgerðir lóðamatsnefndar á leigu eftir lóðirnar nr. 10 við Höfðatún og nr. 2 við Einholt.

10. Lögð fram umsögn Íþróttasambands Íslands um leyfisbeiðnir til að reisa skauta-höll. Borgarstjóra falið að skrifa umsækjendum.

11. Lagt fram bréf Magnúsar G. Guðmundssonar, Laug. 47, varðandi skipulag við Frakkastíg. Ákveðið að leita umsagnar skipulagsnefndar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lagt fram bréf stjórnar Starfsmannafélags Reykjavíkur um aukadýrtíðaruppbót á laun starfsmanna bæjarins.

13. Samþ. að skipa þá Sólon Lárusson járnsmið og Jón Guðbjörnsson bílvirkja, fasta starfsmenn hjá Rafmagnsveitunni með launum skv. VII. launaflokki. Byrjunarlaun kr. 350.00 á mánuði.

14. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra og bæjarverkfræðings um kostnað við reiðhjólanotkun starfsmanna bæjarins. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Lagt fram bréf slökkviliðsstjóra um launakjör sótara. Vísað til afgreiðslu borgarstjóra

16. Lögð fram beiðni Barnavinafélagsins Sumargjöf um eftirgjöf að fasteignagjöldum af húsi félagsins, Tjarnagötu 33. Vísað til afgreiðslu borgarstjóra.

17. Erindi lögreglustjóra um kaup á nýjum bíl í stað R 1111 og kaup á einu mótorhjóli. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

18. Samþ. að veita Haraldi Salómonssyni, Suðurgötu 15, löggildingu sem vatnsvirkja í Reykjavík.

19. Lögð fram skýrsla frá lögreglunni um viðskipti við setuliðsmenn.

20. Lagt fram bréf frá sundhallarforstjóranum þar hann tilkynnir, að Þórunn Kjartansdóttir hafi sagt lausu starfi sínu. - Borgarstjóra heimilað að ráða aðra stúlku í stað Þórunnar.

21. Lagt fram bréf stjórnarnefndar ríkispítalanna um aðsókn að fæðingadeild Landsspítalans.

22. Lagt fram bréf utanríkisráðuneytisins ásamt símskeytum varðandi hitaveituna.

23. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í desembermánuði.

24. Lagt fram bréf Þorsteins Einarssonar íþróttafulltrúa um kjör Ólafs Pálssonar við Sundlaugarnar og sundkennslu í laugunum. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

25. Lagt fram bréf forstjóra Sundhallarinnar um starfsrækslu Þvottahúss Sundhallarinnar. Vísað til afgreiðslu borgarstjóra.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson  Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1942, mánudaginn 26. jan., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram símskeyti frá rafmagnsstjóra, móttekið í dag þar sem hann skýrir frá tilboðum, er borist hafa í efni til Sogsvirkjunarinnar. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn, að rafmagnsstjóra verði heimilað að semja um kaup á atvinnu á þeim grundvelli, sem fram kemur í skeytinu, en leggur jafnframt áherslu á, að allt verði gert sem unnt er til þess að afhendingartími á efninu, sem um ræðir í skeytinu, verði styttur svo sem frekast er unnt.

2. Samþ. tillaga loftvarnanefndar um að taka tilboði um að setja upp útisímakerfi fyrir lögregluna.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 30. jan., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram bréf frá Landsbankanum varðandi forkaupsrétt að erfðafestulandinu Haga. - Samþ. að verða við þeim tilmælum, er fram koma í bréfinu.

2. Synjað beiðni Sigurðar Helga Ólafssonar um lóð undir verslunarhús í Höfðahverfi.

3. Lögð fram matsgerð lóðamatsnefndar á endurgjaldi fyrir lóðina nr. 30 við Sólvallagötu.

4. Lögð fram matsgerð sömu nefndar á ársleigu eftir þrjár lóðarspildur er Gísli Halldórsson hefir fengið leigðar til viðbótar Pálshúsalóðinni.

5. Lagt fram bréf frá stjórn bandaríska seðuliðsins um framlengingu Baugsvegar. Samþ. að verða við þeim tilmælum, er fram koma í bréfinu.

6. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar frá 13. jan. Bæjarráð samþykkir 1. og 2. lið fundargerðarinnar fyrir sitt leyti.

7. Samþ. að greiða Magnúsi Sigurjónssyni starfsmanni hjá Rafmagnsveitunni, laun skv. 8. launaflokki með aldurshækkunum skv. starfstíma.

8. Samkvæmt tillögu rafmagnsstjóra samþykkti bæjarráðið að veita þeim Sigurði Bjarnasyni, Þvervegi 6, og Ágústi Ólafssyni Mánagötu 7, löggildingu til rafvirkjastarfa í Reykjavík.

9. Lagt fram bréf stjórnar Verkakvennafélagsins Framsókn varðandi endurbætur á aðbúnaði við Þvottalaugarnar. - Málinu frestað til athugunar, en jafnframt vísar borgarstjóri til tillagna, er hann hefir áður gert í þessu máli.

10. Lögð fram skýrsla húsameistara bæjarins um kostnað við byggingu fyrstu 8 bráðabirgðahúsanna í Höfðaborg.

11. Samþ. að gefa Jóni V. Guðmundssyni kost á lóðinni nr. 22 við Rauðarárstíg.

12. Lagt fram erindi frá Verksmiðjunni Herkúles h/f og Merkúr h/f um rafmagnshitun á efstu hæð hússins nr. 7 við Ægisgötu.

13. Fleira ekki gert. - Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1942, föstudaginn 6. febr., kl. 5 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað að svo stöddu beiðni Emils Rocstad um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti VIII.

2. Synjað beiðni Ólafs Jóhannssonar, Berg. 78, um leyfi til að byggja timburskúr í norðvesturhorni lands Geirs G. Gunnlaugssonar, Eskihlíð.

3. Lagt fram bréf Gísla Jónssonar forstjóra um viðbótarbyggingu á fiskverkunarstöðinni í Melbæ. - Vísað til athugunar bæjarverkfræðings.

4. Lögð fram tillaga bæjarverkfræðings um skiptingu lóða við Rauðarárstíg og Skúlagötu. Bæjarráð samþykkir lóðarskiptinguna í meginatriðum.

5. Samþ. að heimila borgarstjóra að gefa eftirtöldum mönnum kost á leigulóðum við ~~Rauðarárstíg~~. Skúlagötu. Björn Jónsson og Stefán Jónsson Laug. 147 a, Steingrímur Árnason, Ing. 3, Guðlaugur Stefánsson, Vest. 66 og Benedikt Sveinson, Miðtún 11.

6. Lagt fram bréf Sigurjóns Danívalsson og G. S. Hafdal um byggingu skautahallar.

7. Synjað að svo stöddu beiðni nokkurra búenda við Kleppsveg um að vatnsæð verði lög í Kleppsveg á þeim kafla, sem enn er vatnslaust.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 12 við Samtún við Stefán Einarsson. - Þórður Halldórsson hefir afsalað sér lóðinni.

9. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 7 við Miðtún við Thor Jensen framkv. stj., Einar B. Kristjánsson, Freyj. 37, hefir afsalað sér lóðinni.

10. Bæjarráð samþykkir að kaupa ný vinnslutæki fyrir sandnám og grjótnám samkv. tillögu bæjarverkfræðings í símskeyti dags. í dag.

11. Lagt fram bréf stjórnar bandaríska setuliðsins um útbúnað fyrir sjóflugvélar í Fossvogi. - Samþ. að verða við þeim tilmælum, er um ræðir í bréfinu.

12. Samþ. að gefa Bjarna Pálssyni kost á lóðinni nr. 9 við Guðrúnargötu, enda verði hann byrjaður á byggingu fyrir 15. mars.

13. Lögð fram tillaga bæjarverkfræðings um byggingu nýs þvottahúss við þvottalaugarnar. - Bæjarráð samþykkir tillöguna, en Axel Pétursson óskaði bókað, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann væri ósamþykkur rökstuðningi verkfræðingsins fyrir því, að ekki sé heppilegt að byggja þvottahús inni í bænum.

14. Synjað beiðni h/f Merkúr og h/f Herkúles um rafmagnshitun á húsinu nr. 7 við Ægisgötu.

15. Samþ. að ráða Baldur Steingrímsson rafmagnsverkfræðing sem aðstoðarverkfræðing hjá Rafmagnsveitunni frá 1. jan. s.l.

16. Lagt fram símskeyti frá borgarritara og bæjarverkfræðingi, móttekið í dag, varðandi hitaveitumálið.

17. Samþ. að gefa eftirtöldum mönnum kost á þessum leigulóðum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gústaf Hákonsson, Selj. 13 | fái | Hátún | 31 |
| Gunnar Viljálmsson, Laug. 118 | " | " " | 35 |
| Ágúst Jónsson, Hverf. 106 a | " | Miðtún | 14 |
| Páll Ingólfsson, Miðtún 10 | " | " " | 16 |
| Egill Egilsson, Týsgötu 4 c | " | " " | 18 |
| Guðmundur Guðmundsson,Laugahr. | fái | Miðtún | 20 |
| Hilmar Árnason, Grensásv. 2 | " | " " | 32 |
| Lúðvík Þorgeirsson, Berg. 71 | " | " " | 38 |
| Júlíus H. Svanberg, Laugarnesv. 54 | " | " " | 42 |
| Halldór Jónsson, Nönnugötu 5 | " | " " | 48 |
| Sigurður Grímsson, Fram. 42 | " | " " | 50 |
| Jóhann Jóhannsson, Þór. 7 | " | " " | 52 |
| Hallfríður Bjarnadóttir, Óð. 25 | " | " " | 58 |
| Ólafur S. Guðjónsson og Helgi Guðlaugsson, Laug. 55 | " | " " | 60 |
| Sigurður Ö. Hjálmtýsson, Óð. 15 | " | " " | 72 |
| Jórunn Grímsdóttir, Laug. 124 | " | " " | 44 |
| Ólafur M. Jónsson, Efrihlíð | " | " " | 24 |
| S. Vignir, Asturstr. 12 | " | " " | 40 |
| Jóhann Jóhannsson, Laug. 33 b | " | " " | 38 |
| Jón Ingi Guðmundsson, Eir. 13 | " | " " | 26 |
| Haraldur Runólfsson, Óð. 11...enda greiði hann áfallinn kostnað við gröft á lóðinni. | " | " " | 34 |

18. Lögð var fram tillaga, er samþykkt var í bæjarstjórn varðandi framtíðarskipulag heilbrigðismála í bænum, og skýrði borgarstjóri jafnframt frá viðtali sínu við landlækni um málið. Óskaði hann að mega kveðja sér til ráðunauta úr hópi lækna og féllst bæjarráðið á það.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediksson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 13. feb., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað beiðni Jóhanns G. Guðmundssonar, Bakk. 5, um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Austurhólsbletti.

2. Samþ. að leyfa Jens Bjarnasyni að byggja viðbyggingu úr timbri við útihús á erfðafestulandinu Laugarnesbletti II, enda verði byggingin tekin burtu bænum að kostnaðarlausu þegar krafist verður.

3. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu spildur úr erfðafestulöndunum Kleppsmýrarbletti I., III., og IX.

4. Lögð fram umsögn skipulagsnefndar um skipulagsbreytingu syðst í Norðurmýrinni ásamt uppdráttum að svæðinu. Bæjarráð samþykkir tillögur skipulagsnefndar fyrir sitt leyti.

5. Lögð fram að nýju umsókn Sig. Thorarensen og Gísla Halldórssonar um lóðir undir sambyggð 2hæða íbúðarhús ásamt umsögn skipulagsnefndar. Leggur skipulagsnefndin til, að þessum húsum verði ætlað rúm á fyrirhuguðum byggingarreit fyrir sunnan framlengingu Hringbrautar, gegnt Rauðarárstíg.

   Ákveður bæjarráð að láta umsækjendum í té lóðir á þessu svæði eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings og borgarstjóra.

6. Lögð fram að nýju umsókn h/f Keilis um lóð fyrir skipasmíðastöð ásamt umsögn skipulagsnefndar. - Í tilefni af bréfi skipulagsnefndar ítrekar bæjarráð samþykkt sína frá 26. sept. s.l.

7. Lögð fram umsögn skipulagsnefndar um erindi Egils Vilhjálmssonar um stækkun athafnasvæðis við verksmiðjuhús hans á Laugavegi 118. ~~Frestað til athugunar~~. - Samþ. að verða við erindinu í aðalatriðum eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

8. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni, Laug. 46, kost á lóðinni nr. 1 við Guðrúnargötu, enda verði hann byrjaður á byggingu fyrir 1. mars.

9. Synjað umsókn Péturs Ketilssonar um lóðina nr. 1 við Guðrúnargötu, þar sem lóðinni er þegar ráðstafað.

10. Samþ. að heimila borgarstjóra að útvísa verksmiðjunni Mána h/f lóð við Langholtsveg undir íbúðarhús.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. ~~Samþ. að gefa~~ Synjað umsókn Stefáns Gíslasonar, Njál. 27 b, og Péturs Gíslasonar, Njál. 110 um lóðina nr. 9 við Kirkjuteig.

12. Samþ. að gefa Sigurði Sigurbjörnssyni, Hverfi. 102 b, kost á lóðunum n. 24 og 26 við Rauðarárstíg.

13. Lögð fram beiðni Sveins G. Sveinssonar, Eir. 13, um lóð undir bráðabirgðahús. - Vísað til afgreiðslu bæjarverkfræðings.

14. Synjað beiðni Gísla Jósefssonar um leyfi til að byggja viðbótarbyggingu á fiskverkunarstöðinni í Melbæ.

15. Lagt fram béf húsameisara ríkisins um lóðir undir prestseturshús í Hallgrímsprestakalli.

16. Synjað að svo stöddu beiðni Benedikts Sveinssonar, Skól. 11, um kaup á Hábæjarlóðinni við Grettisgötu.

17. Bæjarráð samþykkir að leigja Vikurfélaginu h/f viðbótarlóð að stærð ca. 2160 $m^2$ fyrir norðan núverandi lóð félagsins, skv. útvísun bæjarverkfræðings. Bæjarráð fellst fyrir sitt leyti á lóðarskiptingu og lóðamörk þau sem um getur í bréfi Gísla Halldórssonar til bæjarráðs, dags. 12. feb. 1942.

18. Lögð fram matsgjörð þeirra Jóns Blöndal og Einars B. Guðmundssonar á endurgjaldi fyrir erfðafestulandið Melblett IV.

19. Lögð fram tilkynning frá sundhallarstjóranum um að fimm starfsmenn við Sundhöllina hafi sagt lausu starfi sínu. - Borgarstjóra falið að ráða fólk í stað þess, er lætur af störfum.

20. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Hestamannafélaginu Fák beitilönd í Geldinganesi og Breiðholtsgirðingu á komandi sumri.

21. Samþ. að veita Runólfi Jónssyni, Grett. 50, löggildingu sem vatnsvirkja í Reykjavík

22. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi og húsameistara bæjarins að gera tillögu um stað fyrir barnaskóla í Skildinganeskólahverfi.

23. Lagðar fram tillögur rafmagnsstjóra um breytingar á launakjörum nokkurra starfsmanna Rafmagnsveitunnar og ráðningar nýrra starfsmanna. - Bæjarráð fellst á tillögurnar.

24. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra þar sem hann tilkynnir, að Ólafur Ásgeirsson, skrifari hjá Rafmagnsveitunni, hafi sagt lausu starfi sínu frá 15. apríl n.k. - Ákveðið að ráða annan mann í stað Ólafs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Lagt fram bréf kexverksmiðjunnar Frón h/f um rafmagnshitun á bökunarofni. - Falið rafmagnsstjóra tilfrekari athugunar.

26. Lögð fram símskeyti frá rafmagnsstjóra, móttekin 30. jan og 5. feb., varðandi Sogsvirkjunina.

27. Lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 6. febr., þar sem þess er óskað, að bæjarsjóður greiði laun framkvæmdarstjóra, er ráðinn yrði barnaverndarnefndinni til aðstoðar við framkvæmd bráðabirgðalaga frá 9. des. 1941, um eftirlit með ungmennum o.fl. - Bæjarráðið samþykkir að verða við tilmælum ráðuneytisins.

28. Rætt um brottflutning barna úr bænum. Borgarstjóra var falin frekari athugun málsins og um fyrirkomulag á forstöðu framkvæmda.

Fleira ekki gert.
Fundi sltið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, þriðjudaginn 17. febrúar, kl. 5 1/2 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Rætt um brottflutning barna úr bænum. - bæjarráð leggur til, að skipuð verði fimm manna nefnd til að annast um framkvæmdir, tveir tilnefndir af bæjarstjórn Reykjavíkur, tveir af ríkisstjórninni og einum af Rauða Krossi Íslands.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benekitsson
Guðm. Ásbjörnsson   Jón Axel Pétursson
Jakob Möller   Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1942, föstudaginn 20. febr. kl. 5 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Alifuglabúi bakarameistara h/f að byggja alifulgahús á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. 46, enda verði byggingin tekin burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður.

2. Samþ. að taka úr erfðafestu spildu af Kirkjumýrarbletti IX.

3. Synjað beiðni Ólafs Jóhannsonar, Berg. 78, um leyfi til að leggja timburskúr á landi Geirs G. Gunnlaugssonar.

4. Samþ. að heimila borgarstjóra að kaupa af Sólvallafélaginu lóðarspildu við Brávallagötu.

5. Lögð fram umsókn Eyjólfs Jóhannsonar um lóð undir trésmíðaverksmiðju.
- Vísað til athugunar bæjarverkfræðings.

6. Lögð fram bréf Flugfélags Íslands varðandi byggingu flugskýlis.

7. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 43 við Bræðraborgarstíg við Konrelíus Sigmundsson byggingameistara, Bárugötu 11.

8. Samþ. að gefa þeim Þorkeli Jónssyni, Hring. 34, Degi Halldórssyni, Mím. 8 og Guðjóni Eyjólfssyni, Lauf. 64 A, kost á lóð við Skúlagötu inni við Rauðará, enda verði þeir byrjaðir á byggingu fyrir 1. apríl n.k.

9. Samþ. að gefa Sigurði Ásbjörnssyni, Freyj. 6, kost á lóð við Skúlagötu l, eftir útvísun bæjarverkfræðings, enda verði hann byrjaður á byggingu fyrir 1. maí n.k.

10. Lagt fram bréf Kvenréttindafélags Íslands varðandi byggingu þvottahúss.

11. Lagt fram bréf búenda á bæjarlandi Reykjavíkur þar sem þess er óskað, að borgarstjóri og bæjarráð hafi forgöngu í því að Mjókurlögin verði endurskoðuð á Alþingi.
   Bæjarráð mælir með þeirri málaleitun, sem í erindinu felst, og skorar á þingmenn bæjarins að taka málið upp á Alþingi.

12. Lagt fram bréf Skógræktarfélags Íslands um girðingu um hið væntanlega friðland Reykvíkinga„Heiðmörk”. Vísað til athugunar borgarstjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Samþ. að heimila gasstöðvarstjóra að gera nauðsynleg innkaup á kolum handa Gasstöðinni skv. tillögu hans í bréfi til bæjarráðs, dags. 18. þ.m.

14. Lögð fram beiðni Björns Kristjánssonar, starfsmanns við Gasstöðina, um hækkun á launum. Að fengnum tillögum gasstöðvarstjóra sér bæjarráð sér ekki fært að verða við beiðninni.

15. Lagt fram bréf nokkurra starfsmanna Rafmagnsveitunnar þar sem þeir gera kröfu um greiðslu fyrir eftirvinnu.

Bæjarráð tekur ekki afstöðu til erindisins fyrr en fyrir liggur álit nefndar þeirrar, er skipuð var 26. sept. s.l., til að gera tillögur um frígjafir vegna eftirvinnu starfsmanna bæjarins.

16. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 19. febr. varðandi aldursuppbót á laun þriggja starfsmanna Rafmagnsveitunnar. - Bæjarráð fellst á þær tillögur, sem í bréfinu felast.

17. Lögð fram matsgjörð húsaleigunefndar á leigu eftir íbúðir í Höfðaborg.

18. Lögð fram beiðni Mæðrastyrksnefndarinnar um styrk til greiðslu kostnaðar við sumardvöl mæðra með börn.

19. Samþ. að greiða Íþróttasambandi Íslands upphæð þá, sem í fjárhagsáætlun er ætluð til læknisstarfa samkv. ákvörðun bæjarráðs.

20. Samþ. að heimila borgarstjóra að ráða mann til aðstoðar byggingarfulltrúanum fyrst um sinn.

21. Samþ. að mæla með umsókn Hólmfríðar Þorláksdóttur, Brag. 22 A, um styrk úr styrktarsjóði Hjálmar kaupmanns Jónssonar.

22. Lögð fram ársskýrsla Bæjarbókasafns Reykjavíkur árið 1941.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 27. febr. kl. 5 síðdegis hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarásbletti IX fyrir kr. 21.000,00. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXX fyrir kr. 20.000,00. Hafnað.

3. Synjað beiðni Ásbjarnar Ólafssonar og Óla Ísakssonar um leyfi til byggja timburhús og breyta fjósi og hlöðu á erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti VIII.

4. Lögð fram samþykkt tillaga um leiguskilmála fyrir viðbótarlóð Vikurfélagsins h/f.

5. Lögð fram beiðni Baldurs Jónssonar um heimild til að reisa bráðabirgðaskúr fyrir veitingasölu á lóð bæjarsjóðs aftan við lóðina nr. 69 við Víðimel. - Borgarstjóra var heimilt að leyfa þetta til bráðabirgða.

6. Lögð fram beiðni Jóh. M. Kristjánsson um lóð undir fjölleikahús og leyfi til kvikmyndahúsarekstrar.

7. Ákveðið að lóð Keilir h/f á Gelgjutanga skuli leigð til 40 ára og leigan metin af lóðamatsnefnd á 5 ára fresti. - Lóðin er leigð undir verkstæði og skipasmíðastöð og til þess að hafa á henni dráttarbraut, enda komi leyfi hafnarstjórnar til.

8. Lögð fram beiðni Jóns Gauta um leyfi til að byggja bráðabirgðageymsluskúr við Suðurlandsbraut gegnt Tungu. Vísað til athugunar bæjarverkfræðings.

9. Lögð fram beiðni Finns Finnssonar, Vest. 41, um að hann fái keypta lóðarspildu til viðbótar lóðinni nr. 41 við Vesturgötu. - Borgarstjóra heimilað að verða við erindinu.

10. Lagt fram bréf Guðm. S. Hafdal og Sigurjóns Danívalssonar um byggingu skautahallar.

11. Lögð fram beiðni Gísla Halldórsonar verkfr. um lóð fyrir smurningsstöð fyrir bifreiðar við Hringbraut. - Bæjarráð mun taka umsóknina til athugunar þegar tímabært er.

12. Lagðar fram fundargerðir loftvarnanefndar frá 3., 9., 16., og 24. febr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagt fram bréf loftvarnanefndar um kaup á handslökkvitækjum handa slökkviliðsmönnum. Bæjarráðð samþykkir kaupin fyrir sitt leyti.

14. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að gera nauðsynlegar breytingar á gatnamótum Lækjargötu og Austurstrætis suðvestanverðum.

15. Samþ. að gera leigusamnig um lóðina nr. 25 við Hátún við G. Håkonsen og við Þórð Jasonarson um lóðina nr. 31 við sömu götu.

16. Lagt fram bréf dóms- og krikjumálaráðuneytisins þar sem ráðuneytið leyfir fyrir sitt leyti, að hluti af Hólmslandi verði afgirtur vegna friðunar Gvendarbrunna. - Borgarstjóra og bæjarvekfræðingi falið málið til afgreiðslu, en jafnframt lætur bæjarráð í ljósi ósk um það, að aflað verði lagaheimildar til að selja bæjarsjóði jörðina Hólm.

17. Lagt fram bréf stjórnar Landsspítalasjóðs Íslands um framlag af hendi sjóðisins til nýrrar fæðingardeildar.

18. Lögð fram tilkynning frá stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrún um tillögu, er samþykkt var á aðalfundi félagsins 22. febr.

19. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 19 við Hrísateig við þá Axel Magnússon, Vest. 17 A, Helga Helgason, Þór. 20 og Friðrik Karlsson, Berg. 64.

20. Lagt fram bréf stjórnar hjúkrunarfélagsins Líknar um að félagið taki að sér að sjá um aðstoð til sængurkvenna o.fl. - Bæjarráð er fyrir sitt leyti samþykkt því fyrirkomulagi, sem ráð er fyrir í bréfinu.

21. Lagt fram símskeyti frá Höjgaard verkfr. viðvíkjandi hitaveitunni.

22. Samþ. að gefa Ólafi S. Guðjónssyni og Helga Guðlaugssyni kost á lóðinni nr. 58 við Miðtún.

23. Samþ. að gefa Guðna Bjarnasyni, Bald. 16, kost á lóðinni nr. 60 við Miðtún.

24. Samþ. að gefa Guðmundi Jónssyni, Öld. 7 A, kost á lóðinni nr. 47 við Miðtún.

25. Lagt fram bréf atvinnumálaráðuneytisins dags. 10. þ.m., með fylgiskjölum, ásamt greinagerð rafmagnsstjóra, varðandi raforkuveituna frá Elliðaám til Hafnarfjarðar. - Ákveðið að senda ráðuneytinu greinagerð rafmagnsstjóra.

26. Lögð fram greinagerð rafmagnsstjóra um sölu rafmagns til Hafnarfjarðar.

27. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að gera upp reikninga við Rafveitu Hafnarfjarðar fyrir árið 1939 og 1940 á þeim grundvelli, sem fram komu í bréfi hans frá 27. feb.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. Lagt fram bréf oddvita Tálknafjarðarhrepps um viðskipti hreppsins við bæjarsjóð. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

29. Lögð fram beiðni frá Guðsteini Eyjólfssyni, Laug. 34, um meðmæli með veitingaleyfisbeiðni. - Vísað til bæjarstjórnar.

30. Lagt fram bréf Þorsteins Einarsson íþróttafulltrúa um launakjör Ólafs Pálssonar sundkennara.

31. Lagt fram bréf Jóns E. Jónssonar, kyndara í Gasstöðinni, þar sem hann segir lausu starfi sínu. - Borgarstjóra falið að athuga, hvort unnt er að fá Jóni annað starf.

32. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í janúar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson   Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 6. mars, kl. 5 síðdegis hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að eigninni Blönduhlíð, ásamt erfðafestulöndunum Norðurmýrarbl. 14, 19 og 23 fyrir kr. 125.000,00. - Frestað til athugunar.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogabletti VI fyrir kr. 27.000,00. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogabletti 7 fyrir kr. 23.000,00. - Hafnað.

4. Lagt fram bréf Jóns Katarínussonar viðvíkjandi lóð undir hús hans Sólbakka. - Vísað til athugunar bæjarverkfræðings.

5. Synjað umsókn Þórðar Jasonarsonar um leigulóð á horni Skúlagötu og Höfðavegar, þar sem bæjarsjóður er ekki eigandi landsins.

6. Leiguskilmálar um lóð Félags íslenskra iðnrekenda undir sýningarskála ákveðnir þannig, að lóðin skuli leigð til 10 ára og leigan metin af lóðarmatsnefnd.

7. Lagt fram bréf Stefáns Thorarensen lyfsala um kaup á áhaldahúsi bæjarins við Vegamótastíg. Frestað til athugunar.

8. Lögð fram umsókn Þórðar Sveinssonar og co h/f um iðnaðarlóð við Klepps-veg.

9. Samþ. að leigja eftirtöldum mönnum þessar lóðir með venjulegum leigulóðarskilmálum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Grímur Thomsen | fái | Hrísateig | 3 |
| Haraldur Sigurðsson | " | " " | 4 |
| Sigmundur Guðmundsson | " | " " | 5 |
| Hjörleifur Òlafsson | " | " " | 7 |
| Òlafur Þórarinsson | " | " " | 9 |
| Björn Steffensen | " | " " | 13 |
| Jón Kristjánsson | " | " " | 15 |
| Elís Jonsson | fái | Kirkjuteig | 5 |
| Jón Bjarnason | " | " " | 7 |

10. Bæjarráð tilnefnir af sinni hálfu í dómnefnd um samkeppnisuppdrætti að íbúðarhúsum þá Helga H. Eiríksson og Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Bæjarráð samykkir fyrir sitt leyti kaup loftvarnarnefndar á vírneti.

12. Lögð fram orðsending frá Strætisvögnum Reykjavíkur h/f, er birt var í útvarpinu þann 5. þ.m.

13. Lagt fram bréf stjórnar Rauða Kross Íslands þar sem þess er óskað að bærinn láti í té lóð undir stórhýsi, er Rauði Kross Bandaríkjanna muni byggja. - Vísað til athugunar borgarstjóra og bæjarverkfræðings.

14. Samþ. að fela borgarstjóra að ráða þá starfsmenn til Rafmagnsveitunnar, sem ákveðið var að ráða þangað á síðasta fundi bæjarráðs.

15. Samþykkt tillaga rafmagnsstjóra um að greiða Jóhanni Einarssyni laun skv. 9. launaflokki, sem aðstoðarmanni við spennistöðvar.

16. Lagðar fram tillögur rafmagnsstjóra um breytingar á launakjörum nokkurra starfsmanna rafmagnsveitunnar.

17. Samþ. að láta þeim Þorvarði Björnssyni, Einari Pálssyni og Bjarna Andréssyni í té rafmagn í sumarbústað þeirra við Elliðaár, enda verði kostnaðinum við lagningu línunnar skipt milli allra notenda hennar.

18. Lögð fram beiðni Halldórs Jónssonar sótara um að hann fái til kaups húseign bæjarsjóðs, nr. 20 við Bergþórugötu.

19. Lagðar fram fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 10. og 20. febr.

20. Útsvarsmál: Stefán Ólafsson, Rán. 3, Þórður Kolbeinsson, Hverf. 94 A, Kristján Sólmundsson, Bjarni Bjarnason, Hring. 36, Árni Einarsson, Lind. 30, db. Jóns Erlingssonar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson   Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller   Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 20. mars, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Bæjarráð skipa nú þessir bæjarfulltrúar, kosnir á fundi bæjarstjórnar 19. þ.m: Guðm. Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Jón A. Pétursson, Sigfús Sigurhjartarson.

Varamenn voru kosnir þessir bæjarfulltrúar: Árni Jónsson, Björn Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Haraldur Guðmundsson, Valtýr Stefánsson.

**Þetta gerðist á fundinum:**

1. Formaður bæjarráðs var kosinn Bjarni Benediktsson borgarstjóri, varaformaður: Guðm. Ásbjörnsson og ritari: Jón A. Pétursson.

2. Synjað beiðni um byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti XI.

3. Að gefnu tilefni í brjefi Þóris Baldvinssonar dags. 17. þ.m., tekur bæjaráð fram, að það samþykkir ekki skiftingu á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXVIII.

4. Samþ. að leyfa Sigrúnu S. Bjarnar að byggja heyhlöðu á Þvottalaugabl. II, járnvarða úr timbri, enda verði byggingin tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður, með 6 mánaða fyrirvara.

5. Synjað beiðni Kristleifs Jónssonar um skiftingu á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIX.

6. Lagt fram erindi frá Knattspyrnufél. Reykavíkur, dags. 12. þ.m., með beiðni um að holræsi verði lagt frá erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri XI út í gegnum Eiðsgranda. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

7. Lögð fram umsókn Matthíasar Lýðssonar um 1 ha. land undir sumarbústað á milli Árbæjar og Ártúns, svo og beiðni Samúels Torfasonar um leyfi til að byggja sumarbústað við Breiðholtsveg.

8. Lögð fram umsókn Hólmfríðar Kristjánsdóttur Lauf. 10 um erfðafestuland

9. Erindi eigenda hússins nr. 11 við Auðarstræti um bætur vegna mistaka, sem orðið hafa við byggingu nágrannahúss, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

10. Eftir tillögu borgarstjóra samþykkti bæjarráð að skora á þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar að beita sjer fyrir löggjöf þess efnis, að bæjarsjóður fái heimild til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taka eignarnámi úr landi jarðarinnar Vatnsenda, er verði lögð við fyrirhugað friðland Reykvíkinga, Heiðmörk.

11. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að Ófeigur Guðnason megi flytja hænsnabú á erfðafestulandið Haga, enda samþykki erfðafestuhafinn flutninginn.

12. Lagt fram bréf utanríkismálaráðuneytisins dags. 11. þ.m., varðandi byggingu geymsluskúra setuliðanna á Háskólalóðinni.

13. Lagt fram brjef frá hestamannafjel. „Fákur"dags. 10. þ.m. með eftirritum af brjefum fjelagsins til bresk-íslenska samninganefndarinnar dags. 31. desbr. 1941 og svari nefndarinnar dags. 7. febr. s.l., varðandi kröfu fjelagsins um að setuliðin leggi nýjan reiðveg upp úr bænum. Borgarstjóra falið að styðja kröfu fjelagsins.

14. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 27. febr. síðastl.

15. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 27. f.m., með tillögu loftvarnanefndar um að bifreiðar í þjónustu nefndarinnar við loftvarnasörf verði tryggðar af ríkissjóði og bæjarsjóði,á sama hátt og starfsmenn hjálparsveitanna. Frestað til athugunar.

16. Lögð fram tilkynning lögreglustjóra, dags. 27. f.m., um ályktun loftvarnanefndar 24. f.m., varðandi öryggi íbúanna í Skildinganesi.

17. Lagt fram brjef utanríkismálaráðuneytisins dags. 17. þ.m., með eftirritum af brjefi ráðuneytisins til sendiráðs Bandaríkjanna dags. 19. fm. og svari sendiráðsins 16. þ.m., varðandi nauðsyn þess að hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna hjer leiti ekki eftir íbúðum eða öðru húsnæði hjer í bænum.

18. Lagt fram brjef utanríkismálaráðuneytisins. dags. 12. þ.m., með eftirriti af brjefi sendiráðs Bandaríkjanna, dags. 11. þ.m., varðandi afgreiðslu á vjelum til stækkunnar rafmagnsstöðvarinnar við Ljósafoss.

19. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að leggja heimtaug að húsi Bjarna Bjarnasonar Digranesbletti 48, með sömu skilmálum og sett hafa verið fyrir lagningu heimtauga að öðrum húsum á þessum slóðum.

20. Lagt fram brjef frá Rakarameistarafjelagi Reykjavíkur dags. 16. þ.m., með árituðu samþykki stjórnar Rakarasveinafjelags Reykjavíkur, þar sem farið er fram á, að breytt verði samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík. Borgarritara falið að undirbúa málið fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

21. Lögð fram beiðni Karls Þorfinnssonar Vest. 42, um leyfi til að reka veitingasölu í húseigninni Hverfisg. 49.

22. Lagður fram efnahagsreikningur Sjúkrasjóðs Hins ísl. Kvenfjelags pr. 31. des. 1941.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. Lagður fram reikningur Styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík árið 1941 með yfirliti um starfsemi sjóðsins 1921-1941.

24. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í febrúar þ.á.

25. Lögreglustjóri leggur til að Sigríður Erlingsdóttir, Tjarnarg. 16, verði skipuð lögregluþjónn í Reykjavík frá 1. febr. þ.á. að telja. Bæjarráð leggur til að hún verði sett lögregluþjónn frá þessum tíma.

26. Lagt fram brjef lögreglustjóra og yfirlögregluþjóns umferðalögreglunnar, dags. 13. þ.m., varðandi breytinga á launakjörum lögregluþjóna, svo og eftirrit af brjefi dómsmálaráðuneytisins til gjörðadóms í kaupgjalds- og verðlagsmálum, dags. 9. þ.m. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.

27. Eftir tillögu Sigurgeirs Friðrikssonar bókarvarðar var samþykkt að skipa Herborgu Gestsdóttur Laufásv. 43 aðstoðarbókavörð við Bæjarbókasafnið með launum skv. XIII. flokki launasamþykktarinnar.

Fleir gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller
Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson
Björn Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 30. mars kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að með samþykki allra bæjarráðsmanna utan fundar, yrði útför hr. Jóns Helgasonar biskups hinn 27. þ.m. kostuð af bæjarsjóði, í virðingarskyni vegna rannsókna hans á sögu Reykjavíkur og rita um þau efni.
2. Erindi Mæðrastyrksnefndar um útborgun á styrk til nefndarinnar skv. fjárhagsáætlun 1942 vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
3. Lagðar fram matsgerðir lóðarmatsnefndar á leigu eftir lóð h.f. Keilis á Gelgjutanga og h.f. Sjóklæðagerðarinnar við Skúlagötu.
4. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 28. þ.m., með tilkynningu um samþykkt loftvarnanefndar 14. þ.m. að byggja loftvarnabyrgi fyrir 100 manns á Arnarhólstúni, úr sandpokum með þaki yfir.
5. Lagðar fram fundargerðir sumardvalanefndar 3. mars. (2 fundir), 4. mars, 5. mars, 7. mars, 18. mars, svo og brjef nefndarinnar til borgarstjóra með frv. að brjefi, sem nefndir hyggst að senda hreppsstjórum um land allt. Málinu vísað til borgarstjóra.
6. Lagt fram brjef póst- og símamálastjórnarinnar dags. 27. þ.m., þar sem beiðst er umsagnar bæjarstjórnar um breytingar á aksturáætlun h.f. Strætisvagna Reykjavíkur.
7. Ákveðið að fá umsögn bæjarverkfræðings um tillögu lögreglustjóra um að járngrindur verði settar við götuhorn Austurstrætis, Bankastrætis og Lækjagötu.
8. Samþ. að taka úr erfðafestu Norðurmýrarblett XXXVI gegn samningsbundnu endurgjaldi, kr. 0.70 pr. ferm.
9. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. 23. þ.m., varðandi lóð undir fyrirhugaða byggingu Rauða Kross Bandaríkjanna hjer í bænum. Bæjarráð samþykkir að gefa kost á lóð undir byggingu á horni Egilsgötu og Barónsstígs eftir nánari útvísun síðar og að því tilskyldu að húsinu verði ekki ráðstafað að ófriðnum loknum án samþykkis bæjarstjórnar.
10. Umsókn Ingibjargar Ólafsdóttur Hverf. 69 um meðmæli til að fá veitingaleyfi vísað til bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursosn
Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson
Gunnar Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 10. apríl , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Guðmundi Ólafssyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti X.

2. Samþ. að taka úr erfðafestu löndin Norðurmýrarbletti XIV, XIX, XXIII. Falið borgarstjóra til meðferðar.

3. Lagt fram brjef frá utanríkisráðuneytinu dags. 8. þ.m. með tilkynningu um orðsendingu frá sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn varðandi efnivörur til hitaveitunnar sem þar liggja. Borgarstjóra falið að svara brjefinu í samræmi við fyrri afstöðu bæjarráðs til þessara mála.

4. Samþ. að gefa Sigurjóni Danívalssyni og Guðm J. Hofdal fyrirheit um lóð undir skautahöll á svæðinu suður af Sundhöllinni, enda verði færðar sönnur á það fyrir bæjarráði, innan 6 mánaða, að skautahöllin verði reist skv. teikningum er bæjarráð einnig samþykki.

5. Synjað beiðni Karls Guðmundssonar um erfðafestuland við Breiðholtsveg.

6. Lagt fram brjef Tryggva Salómonssonar dags. 8. þ.m um ráðstöfun á Sunnuhvolstúnunum.

7. Lagt fram brjef útvarpsstjóra dags. 20. f.m. með tillögu um að fyrirhuguðu útvarpshúsi verði ætluð lóð á Melunum, á eða nálægt íþróttavellinum. Bæjarráð mun taka tillit til þessara óska, er skipulag verður ákveðið á þessum slóðum, en vísar málinu að öðru leyti til Skipulagsnefndar.

8. Beiðni Ásmundar Sveinssonar um lóð undir hús og höggmyndir vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

9. Borgarstjóra heimilað að leigja Halldóri Sigfússyni Grett. 46 lóðarspildu nálægt húsi hans í Breiðholtslandi, með sömu kjörum og lönd hafa verði leigð á þessum slóðum.

10. Samþ. að gefa Leó Árnasyni Frakk. 13 kost á leigulóðinni Hrísateig 12.

11. Synjað beiðni Fjólu Reimars um leyfi til að reisa veitingaskúr á milli Elliðaárbrunna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að gefa Júlíusi Svanberg Laugarnesv. 54 kost á leigulóðinni Kirkjuteig 17.

13. Lagt fram erindi frá h.f. Keili dags. 24. f.m. varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir fjelagsins á lóðinni á Gelgjutanga. Bæjarráð getur ekki sinnt 2. og 4. lið erindisins, en 1. og 3. lið vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

14. Erindi Gísla Halldórssonar um að lögð verði skolpæð frá verksmiðjulóð hans við Pálshús vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

15. Borgarstjóra heimilað að selja 91. ferm. spildu til viðbótar lóðinni nr. 108 við Hverfisgötu.

16. Lagt fram brjef frá Ármanni Halldórsyni skólastjóra Miðbæjarskólans með tilmælum um að bæjarsjóður sjái honum fyrir skólastjóraíbúð, annaðhvort kaupi hús eða byggi bráðabirgðaíbúð á lóð bæjarins Skálholtsstíg 1. Erindinu synjað með 3:1 atkv.

17. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 17. f.m.

18. Lagt fram brjef lögreglustjóra 1. þ.m. um greiðslu kaups vegna vinnustöðvunar er merki eru gefin um loftárásahættu.

19. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 21. f.m. með tilmælum um að XII kafla lögreglusamþykktarinnar verði breytt í það horf að húseigendur verði skyldaðir til að þrífa götur og gangstjettir fyrir lóðum sínum.

20. Eftir tillögu lögreglustjóra samþykkir bæjarráð að leggja til að öll umferð farartækja verði bönnuð um norðanverða Bjarkargötu, norðan Skothúsvegar.

21. Lagt fram brjef Rafmagnsveitunar dags. 8. .m. varðandi götulýsingu í Skerjafirði. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

22. Lagt fram bréf frá stjórn Elliheimilisins Grund varðandi skuld heimilisins við Gamalmennahælissjóð. Falið borgarstjóra til athugunar.

23. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti beiðni J. Kruse, norsks prests, um afnot einnar skólastofu til kennslu nokkrum norskum börnum sem hjer eru.

24. Borgarstjóra heimilað að greiða sjúkrahúsi Hvítabandsins styrk skv. fjárhagsáætlun.

25. Bæjarráð synjar beiðni Erlends Erlendssonar um leyfi til að reka veitingar á lóð Sogsvirkjunarinnar við Ljósafoss.

26. Borgarstjóra falið að svara brjefi Rauða Kross Íslands dags. 8. þ.m. varðandi ráðstöfun að ófriðnum loknum á hinni fyrirhuguðu byggingu á lóðinni á horni Egilsgötu og Barónstíg (sbr. fundargerð 30. mars, 9. lið).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. Lagður fram reikningur Gasstöðvarinnar árið 1941.

28. Útsvarsmál: Sigurður Brynjólfsson Hað. 12, Gissur Grímsson Fossvogsbl. 56, Marteinn Sívertsen Njg. 92, Guðbjörg Ingvarsdóttir Reynimel 44, Páll Pálsson Brag. 22, Steinn Steinsson Syðra- Laugholti, Gúmmískógerðin Lvg. 67, Kjartan F. Jónsson Lvg. 46 B. Dagur Hj. Hákonarson Sólv. 54, Páll Kr. Árnason Bárug. 21, Baldur Guðmundsson Bergþ. 15, Lillendahl Th.,Bárug. 4, Geir Jónsson Nýl. 29, Vikurfjelagið h.f., Björgólfur Kristjánsson Fich. 3, Eiríkur Einarson Garð. 34, Ólafur Högnason Bald. 6, Lögfræði og fasteignaskrifstofa Gunnars og Geirs, Þorvaldur Friðriksson Þingh. 28, Kjartan Jónsson Bald. 17, Guðríður Þorsteinsdóttir Öld. 4, Höjgaard & Schultz A.S.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson Jakob Möller
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 17. apríl kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Einari Guðmundssyni Kálfakoti að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XVII.

2. Synjað beiðni Hjálmars Jónssonar um leyfi til að byggja viðbót við íbúðarhúsið á Laugarnesbletti III.

3. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu hluta af Kirkjumýrarbl. X og XI fyrir leigulóðir handa Þóru Stefánsdóttur Hrist, Ásmundi Sveinssyni og norska ríkinu.

4. Bæjarráð getur ekki orðið við tilmælum Geirs Gunnaugssonar um bætur vegna þess að ákveðið er að taka erfðafestulandið Norðurmýrarbl. XXXVI af honum fyrir fyrirfram ákveðið endurkaupsverð.

5. Björn Ólafson og Skúli Thorarensen fara fram á að fá leigt húsið Blönduhlíð, ef bæjarsjóður kaupir húsið.

6. Samþ. að leyfa Eiríki Þorsteinssyni Brunn. 10 að byggja viðbótarbyggingu úr timbri á erfðafestulandnu Sogamýrarbl. XLIV.

7. Samþ. úthlutun eftirtaldra byggingalóða:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eiríkur Sigurbergsson, Leifsg. 18 | fái | Hátún | 33 |
| Þórunn Grímsdóttir, Lvg. 124 | “ | Miðtún | 21 |
| Bogi Ólafsson, Höfðaborg 74 | “ | “ “ | 32 |
| Jón Magnússon, Grett. 60 | “ | “ “ | 44 |
| Àrni Einarsson, Miðtún 10 | “ | “ “ | 48 |
| Sveinn Jónsson, Sumarbústað | “ | “ “ | 50 |
| Eggert Guðmundsson, Lnv. 58 | “ | Samtún | 24 |

Jafnfram afsalar Eiríkur sjer lóðinni Miðtún 21, Jórunn lóðinni Miðtún 44 og Bogi greiði áfallin kostnað við gröft á lóðinni Miðtún 32.

8. Samþ. að leyfa Guðbjarti Pjeturssyni Skólav. 3 að reisa bráðabirgðaskýli nálægt vegamótum Kringlumýrarvegar og Sogavegar eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

9. Lagt fram brjef frá Þóru Þórðardóttur Framnv. 60 um aðstoð til að byggja hús í stað húss hennar, sem stendur í vegastæði Hringbrautar. Bæjarráð tekur fram að lóðir sem hún óskar eftir sjeu þegar leigðar og ennfremur að hús hennar þurfi ekki að taka í næstu framtíð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Samþ. að fela borgarstjóra að láta reisa þvottahús í Höfðahverfi svo og nýtt þvottahús við Þvottalaugarnar.

11. Lögð fram skýrsla Jóns Sigurðssonar verkfr. til borgarstjóra um rekstur strætisvagna á sjerleyfisbeiðnum í Reykjavík.

12. Lagðir fram uppdrættir að viðbótarbyggingu við Laugarnesskólann. Samþ. að fá umsögn skólanefndarinnar.

13. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 10. þ.m. Bæjarráð samþykkir ekki fjárveitingu til byggingar fyrirhugaðs loftvarnabyrgis á Arnarhóli.

14. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 15. þ.m., þar sem skýrt er frá því, að á fundi sem hann sat nýlega með loftvarnanefnd ensku herstjórnarinnar hafi verið ákveðið að æskja eftir því að máluð verði hvít lína á allar aðalgötur eftir þeim miðjum og eins á brúnir þeirra.

15. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 15. þ.m. Að gefnu tilefni í 5. lið samþykki bæjarráð að beina því til lögreglunnar að hafa eftirlit með hreinlæti við pylsuvagnana í Kolasundi.

16. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 13.þ.m., varðandi vatnsgeymana á Rauðarárholti.

17. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 7. þ.m. með erindi yfirlögregluþjóns umferðalögreglunnar dags. 21. f.m., þar sem gerðar eru ýmsar tillögur vegna stóraukinnar umferðar í bænum. Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til athugunar.

18. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 16. þ.m. með erindi Stangaveiðifjelagsins um leigu á Elliðaánum nú í sumar. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja fjelaginu veiðina fyrir kr. 3500. - Með fullri verðlagsuppbót.

19. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leggja heimtaug að Heimahvammi við Elliðaár með þeim skilmálum, er greinir í bréfi rafmagnsstjórans 16/4. s.l.

20. Lögð fram beiðni stjórnar Kvennaheimilisins Hallveigastaðir h/f um styrk úr bæjarsjóði til húsbyggingar.

21. Lagt fram bréf Lögreglufélags Reykjavíkur, dags. 16. þm., ásamt fylgiskjölum, varðandi launamál lögreglunnar. - Ákvörðun frestað.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson
Jón Axel Pétursson Valtýr Stefánsson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 24. apríl kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Arabletti með húseigninni Finnbogahúsi fyrir kr. 45.000. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.
2. Boðinn forkaupsrjettur að leigulandinu Árbæjarbletti LXVI fyrir kr. 1500. Hafnað.
3. Boðinn forkaupsrjettur að leigulandinu Árbæjarbletti LI fyrir kr. 400. - Með því að landið er ógirt og ekkert hefir verið unnið að ræktun á því, ákveður bæjarráð að taka landið af leigjanda.
4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XIX fyrir kr. 3500. - Hafnað.
5. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXII með íbúðarhúsinu nr. 22 við Háaleitisveg fyrir kr. 36400. - Hafnað.
6. Bæjarráð samþykkir afsal Karls Olsens fyrir erfðafestulandinu Laugamýrarbl. III með húseigninni Víðivöllum til Guðnýjar Pálsdóttur í makaskiftum fyrir húseignina Laufásveg 22.
7. Synjað erindi Gunnars Ó. Hálfdánarssonar um leyfi til að byggja hús á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXI.
8. Bæjarráð vill ekki sinna boði Sólveigar Jónsdóttur um sölu á Kirkjubóli við Laugarnesveg með erfðafestulöndum fyrir kr. 120000.-
9. Synjað beiðni Þór. Gr. Víkings um skiftingu á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. III.
10. Synjað erindi Ágústs Jóhannessonar um leigulóð við Kaplaskjólsveg.
11. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Miðtún 40 við Hendrik E. Einarsson Hverf. 104 b eftir beiðni Margrjetar Hannesdóttur.
12. Eftir beiðni Sigurðar Jónssonar Fjöln. 18 var samþykkt að gera leigusamning um lóðina Skeggjagötu 25 við Andrjes Kr. Hansson, Karl. 12.
13. Samþ. að leyfa E. Garðari Ólafssyni Sóleyjarg. 13 að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. LIX.
14. Lagt fram brjef skipulagsnefndar 20 þ.m. varðandi breidd á Frakkastíg. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að götubreiddin verði ákveðin 12 1/2 meter.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Bæjarráð samþykkir að breyta erfðafestuskilmálunum um löndin Sogamýri á þá leið að erfðafestugjaldið verði ákveðið kr. 50 pr. ha., að liðnum 10 árum frá útvísun, í stað þessa að miða gjaldið við mjólkurverð á hverjum tíma.
16. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu spildur af löndunum Sogamýri VII og X.
17. Samþ. að fela borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að taka úr erfðafestu landspildu til úthlutunar undir smágarða.
18. Búnaðarsamband Kjalarnesþings sækir um kr. 823,50 styrk til starfsemi sinnar á árinu. Bæjarráð mælir með umsókninni. Jafnframt var borgarstjóra falið að athuga mögulega fyrir nánari samvinnu bæjarins við sambandið, sjerstaklega hvort hafa mætti meiri not ráðunauta sambandsins hjer í bænum.
19. Lagt fram brjef frá skólanefnd Laugarnesskólans dags. í dag, með umsögn um teikningar af fyrirhugaðri viðbótarbyggingu við skólahúsið. Bæjarráð samþykkir teikningarnar og felur borgarstjóra að hefja framkvæmdir svo fljótt sem við verður komið.
20. Bæjarráð samþykkir að hálf húseignin Vífilsgata 2 verði leyst úr veðböndum, þar sem lán, sem bæjarjóður er í ábyrgð fyrir, eru greidd að hálfu.
21. Ingibjörg Ólafsdóttir Hvg. 69, endurnýjar umsókn sína um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
22. Lagðar fram tillögur um húsnæðismál, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 16. þ.m.
23. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að þær breytingar verði gerðar á akstursáætlun Strætisvagna Reykjavíkur h.f., sem getur í erindi póst- og símamálastjórnarinnar 27. mars síðastl.
24. Lagt fram brjef frá 17 ljósmæðrum varðandi eftirlit með sængurkonum í bænum.
25. Lagt fram brjef frá borgarstjóra, þar sem hann beiðist þess að verða leystur frá störfum sem eftirlitsmaður með verkamannabústöðunum hjer í bænum, kosinn af bæjarstjórn.
26. Bæjarráð leggur til að stjórn Elli- og hjúkrunarheimilisins Grund verði veitt leyfi til að veðsetja húseign sína fyrir láni, er gangi fyrir skuldinni við Gamalmennahælissjóð, enda verði lánsfjárhæðinni varið til nýbyggingar, svo sem segir í brjefi stjórnarinnar dags. 7. þ.m. Lánsfjárhæð og lánskjör verði samþykkt af bæjarráði.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Gum. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson Jakob Möller
Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 8. maí, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XXXIV með húsi fyrir kr. 40.000. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XIX fyrir kr. 10.000. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti XIII fyrir kr. 5000. - Samþ. að heimila borgarstjóra að nota forkaupsrjettinn.

4. Synjað erindi Páls M. Ólafssonar Freyjug. 6 um leyfi til að reisa sumarbústað í Breiðholtslandi.

5. Samþ. að gera leigusamning til 40 ára um iðnaðarlóðirnar nr. 2 og 6 við Höfðatún og lóð Lúðvíks Jóhannessonar ofl. við Mjölnisveg. Jafnframt samþ. að gera samning um þá lóð við h.f. Bílasmiðjuna.

6. Eftir beiðni Guðjóns Sigurðssonar Barónsstíg 63 var samþ. að gera leigusamning um lóðina Leifsgötu 4 við Þorvald Sigurðsson Barónsstíg 12.

7. Lagt fram erindi Sigurðar Árnasonar og Gríms Grímssonar f.h. s.f. Nordalsíshúss með beiðni um að fá leigðan til 30 ára norðurhluta lóðar bifreiðastöðvarinnar Geysis við Kalkofnsveg, til þess að reisa þar tvílyft hús fyrir starfsemi þeirra. Bæjarráð telur ekki fært að verða við þessu erindi, enda er því kunnugt um, að þeim fjélögum stendur til boða lóð, er hafnarsjóður á við Sölvhólsgötu.

8. Lagður fram dómur hæstarjettar í dag í máli bæjarins gegn Emil Rokstad um veiðirjett í Elliðavatni.

9. Lagt fram brjef sóknarnefndar í Nesprestkalli um að lóð undir kirkjubyggingu verði afhent nú í vor.

10. Synjað beiðni Geirs Herbertssonar og Þórarins Sigumundssonar um leyfi til að setja upp „Kiosk" á Lækjatorgi.

11. Samþ. að leyfa Fjólu N. Reimarsdóttur Berg. 76 að setja upp veitingaskúr við Elliðaárnar, eftir útvísun bæjarverkfræðings.

12. Lögð fram umsögn Símonar Ágústssonar um barnaleikvelli í bænum, svo og brjef barnavinafjel. „Sumargjafar", dags. 6. þ.m., þar sem tilkynnt er ályktun aðalfundar fjelagsins, um að fjelagið taki að sjer starfrækslu barnaleikvallanna. Þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

voru lagðar fram tillögur Sigfúsar Sigurbjartssonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að láta gera umbætur á leikvöllunum í samráði við tillögur Símonar og borgarstjóra ennfr. falið að ræða við „Sumargjöf" um tilboð fjelagsins.

13. Lagðar fram fundargerðir loftvarnanefndar 14. og 25. mars og 22. apríl.

14. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 5. þ.m., varðandi fyrirhugaða myrkvun bæjarins með næsta hausti, ef til loftárása kæmi. Að athuguðu máli telur bæjarráð gildandi fyrirmæli um myrkvun til minni baga öllum almenningi, en önnur úrræði sem rætt hefir verið um.

15. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 21. apríl.

16. Allsherjarnefnd efri deilda Alþingis óskar eftir umsögn bæjarráðs um frv. til laga um heimild til þess að taka eignar- og leigunámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi. Bæjarráð telur æskilegt að þessi lönd verði eign hins opinbera.

17. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að heimila Rafmagnsveitunni að selja Nýju Blikksmiðjunni 40 kw rafmagns til hitanotkunar að næturlagi, með verði skv. gildandi taxta.

18. Lárus Jóhannesson Suðurg. 4 krefur bæjarsjóð um skaðabætur vegna árásar, er hann telur sig hafa orðið fyrir af völdum tveggja lögregluþjóna 20. janúar s.l. Ákveðið að fá umsögn lögreglustjóra um málið.

19. Samþ. tillögur rafmagnsstjóra í 2 brjefum dags. 5. mars og í brjefi gjaldkera Rafmagnsveitunnar 24. febrúar þ.á. um flutning nokkurra starfsmanna Rafmagnsveitunnar á milli launaflokka.

20. Lúðvík Þorgeirsson Berg. 7, og Kristján Ág. Þorvarðsson Hvg. 16 A sækja um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

21. Lagt fram þakkarbrjef frá J. Kruse, norskum presti hjer í bænum fyrir að bæjarráð hefir leyft afnot kennslustofu í Austurbæjarskólanum til kennslu fyrir norsk börn sem hjer dvelja.

22. Rætt um áhættuþóknun til nokkurra starfsmanna bæjarins og greiðslu fyrir aukavinnu starfsmannanna.

23. Lagðar fram skýrslur um starfsemi Ráðningarstofunnar í mars og apríl. þ.á.

24. Erindi Knattspyrnufjel. Reykjavíkur um ræsi frá landi fjelagsins við Kaplaskjólsveg vestur úr gegn um Eiðisgranda vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

25. Samþ. að verja 4000 krónum til endurbóta á íbúðarhúsinu í Gufunesi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Lögð fram álitsgerð dómnefndar um uppdrætti í hugmyndakeppni um 3ja hæða íbúðarhús fyrir Reykjavíkurbæ.

27. Rætt um húsnæðisvandræði og fyrirhugaðar framkvæmdir bæjarins um byggingu íbúðarhúsa.

28. Samþykkt að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Norðurmýrarblett XIII eða hluta af landinu.

29. Lagðar fram tillögur um úthlutun lóða í Norðurmýri. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

30. Samþ. að leyfa Agnari Koefoed-Hansen, Kjartansgötu 9 að byggja sumarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. X.

31. Samþ. að útvísa undir smáhýsi lóðinni við Langholtsveg og jafnframt samþ. lóðarskifting á svæðinu.

32. Með samþykki Ásgeirs Sigurðssonar og Aðalst. Björnssonar var samþ. að gefa Haraldi Hjálmarssyni Þjórsárg. 6, Sigurjóni Jónssyni Rauð. 42 og Tryggva Andrjessyni, Barón. 78, kost á leigulóðinni Flókagötu 16.

33. Synjað erindi h.f. Goða um lóðaskiftingu á svæðinu á milli Hringbrautar, Framnesvegar og Grandavegar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Sigfús Sigurhjartarson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 12. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Lögð fram eftirfarandi tillaga, er samþykkt var á bæjarstjórnarfundi 7. þ.m. af öllum viðstöddum bæjarfulltrúum, en ekki færð til gjörðarbókar þá:

„Bæjarstjórn veitir borgarstjóra umboð til þess fyrir hönd bæjarsjóðs að kaupa jarðirnar Korpúlfsstaði með Lambhaga og parti úr Keldum, Lágafell, Varmá í Mosfellssveit, Arnarholt og Brekku á Kjalarnesi og Þorláksstaði í Kjós, svo sem þær eru skilgreindar í matsgerð þeirra Guðmundar Ásbjörnssonar, Sig. Á. Björnssonar, Emils Jónssonar og Jens Hólmgeirssonar, dags. 20. apríl 1942, að frátekinni 63 ha. spildu úr Lágafellslandi ásamt húsum, sem á henni eru, fyrir allt að 2 miljónir króna og eina húsbyggingarlóð í Reykjavík. Ennfremur heimilar bæjarstjórn borgarstjóra að semja, í samráði við bæjarráð, um greiðslu-skilmála jarðaverðsins og afhendingartíma jarðanna"

Borgarstjóri skýrði frá því, að samkv. þessu umboði hafi hann fest kaup á jörðum þeim er þar greinir að undanskildu sumarfjósi í Lágafellslandi (að verðmæti ca. kr. 14.000.-), fyrir kr. 1.860.000.- einamiljónáttahundruðogsextíuþúsundkrónur, auk byggingarlóðarinnar.

Kaupverðið greiðist með jöfnum afborgunum á 20 árum, vextir 4% p.a., þó er gert ráð fyrir að einhver hluti kaupverðisins, t.d. allt að 360 þús. krónum, verði greitt á þessu ári, eftir nánara samkomulagi. Jarðirnar verða afhentar bæjarsjóði á næstu fardögum, þó skilur seljandi sjer rjett til að láta sumarfjósið standa fram á næsta vor, hafa hey í húsinu á Korpúlfsstöðum fram á sumar, afnot af ca. 5 dagsl. kartöflugörðum í sumar og beit fyrir 20 kýr í Hvömmum í Hamrahlíð norðanverðri nú í sumar. Hinsvegar getur bærinn nú þegar tekið löndin til voryrkju og þau hús til sinna nota, sem nú eru hans.

Kaup þessi eru gjörð að áskildum forkaupsrjetti lögum samkvæmt og af hálfu bæjarins að áskildu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Bæjarráð samþykkir framangreinda skilmála og felur borgarstjóra að ganga frá samningum

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson
Jón Axel Pétursson Sigfús Sigurhjartarson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 15. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulöndunum Jaðarsblettum I og II fyrir kr. 13.000. - Hafnað.

2. Synjað beiðni um skiftingu á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLI.

3. Synjað erindi Magnúsar Jónssonar um erfðafestuleigu á Mjóumýri við Breiðholtsveg.

4. Samþ. að leyfa Þóri Baldvinssyni að byggja bifreiðaskúr úr vikursteini á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXVIII.

5. Lagt fram brjef Lárusar Jóhannessonar hrmftr. vegna eiganda erfðafestulandanna Norðurmýrarbletta XIV, XIX og XXIII varðandi eignaryfirfærslu á löndunum. Þá var lagt fram erindi Sigfúsar Guðnasonar Blönduhlíð, þar sem hann falar löndin á leigu. Borgarstjóra falið að ráðstafa eignunum.

6. Eftir beiðni Markúsar Ísleifssonar var samþ. að gera leigusamning um Samtún 20 við Jón Gunnlaugsson Aðal. 2 og Hauk Snorrason Ægisgötu 10.

7. Eftir beiðni Ársæls Jónssonar Þjórsárg. 2 var samþ. að gera leigusamning um lóðina Mánagötu 10 við Þorstein Ársælsson Þjórsárg. 2, og um lóðina Mánagötu 12 við Georg Kristjánsson Kjartansg. 10.

8. Eftir beiðni Atla Eiríkssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Skarphjeðinsgötu 6 við þá Atla og Gústav Ólafsson lögfr.

9. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að láta gera öskustíg vestur frá Hofsvallagötu, sunnan Sólvallagötu og semja um kaup á lóðarspildu, er taka þarf í því skyni frá Sólvallag. 29.

10. Samþ. að gefa Stefáni Jakobssyni og Þorleifi Þórðarsyni kost á lóðarspildu við Háaleitisveg til framleiðslu á vikurplötum, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

11. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 30. f.m.

12. Lagt fram brjef lögreglustjóra 11. þ.m. varðandi tryggingu bifreiða sem starfa í þágu loftvarnanna, svo og brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 13. þ.m., með yfirlýsingu um að ríkissjóður ábyrgist bifreiðaeigendum helming þess tjóns, sem verða kann á bifreiðum þeirra vegna loftvarnastarfa og ekki fæst bætt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá vátryggjanda. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að hinn helmingur tjónsins verði greiddur úr bæjarsjóði.

13. Með brjefi dags. 13. þ.m. tilkynnir lögreglustjóri að loftvarnanefnd hafi ráðið Jörund Pálsson auglýsingastjóra sem framkvæmdastjóra nefndarinnar frá 1. júní n.k., er Sveinn S. Einarsson vekfr. lætur þá af störfum fyrir sitt leyti.

14. Lagt fram brjef frá Rauða Kross Íslands 30. f.m., með brjefi frá formanni Rauða Kross U.S.A. hjer á landi, varðandi fyrirhugaða byggingu á horni Egilsgötu og Barónsstígs.

15. Samþ. að mæla með því að Pétri Daníelssyni Reynimel 49 verði veitt meðmæli til þess að fá veitingaleyfi.

16. Samþ. að heimila borgarstjóra að leyfa Kvenfjel. Hringnum að hafa veitingatjald í hljómskálagarðinum einn dag í júnímánuði.

17. Umsókn Landsbankans um leyfi til að byggja geymslu- og vinnustöð á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XVII vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

18. Lagt fram brjef heilbrigðisfulltrúa, dags. 4. þ.m. með frv. að reglum um sorphreinsun í bænum. Vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til athugunar.

19. Lagt fram eftirrit af brjefi landlæknisins til heilbrigðisnefndar dags. 26. febr. og brjef heilbrigðisfulltrúa til sömu nefndar dags. 23. f.m. varðandi götuhreinsunina í bænum. Málið falið borgarstjóra til afgreiðslu.

20. Lagt fram brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu dags. 8. þ.m. varðandi takmörkun á tölu veitingastaða í bænum.

21. Lagt fram brjef lögreglustjóra og yfirlögregluþjóns umferðalögreglunnar dags. 13. mars þ.á., með eftirritum af brjefi þeirra til forsætisráðherra dags. 7. janúar og brjefi ráðherrans til gerðardóms í kaupgjalds- og verðlagsmálum dags. 9. mars, varðandi launamál lögreglunnar. Þá voru lögð fram eftirrit brjefa lögreglufjelagsins til gerðardómsins dags. 17. mars og 5. apríl þ.á. Ennfremur umsögn Starfsmannafjelagins dags. 9. apríl og athugasemdir lögreglufjelagsins við þá umsögn, dags. 16. apríl þ.á.

Fara lögregluþjónar fram á að vera hækkaðir um einn launaflokk og fái auk þess 15% áhættuþóknun fyrir störf sín á meðan núverandi ástand er og mælir forsætisráðherra með þeim kröfum. Bæjarráð leggur til að gerðardómurinn heimili að greiða lögreglumönnum 10% álag á laun þeirra fyrir óhjávæmilega yfirvinnu eins og sakir standa og komi sú greiðsla í stað frígjafa skv. 8. gr. launasamþykktarinnar.

Þá samþykkir bæjarráð fyrir sitt leyti, að sanngjarnt megi telja að lögregluþjónum, slökkviliðsmönnum, hafnsögumönnum, varðmönnum og vatns-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mönnum hafnarinnar, sje greidd áhættuþóknun vegna sjerstakrar slysahættu, sem fylgir störfum þeirra af völdum hernámsins og leggur til að farið verði eftir úrskurði gerðardómsins um greiðslu áhættuþóknunar.

22. Svohljóðandi tillaga gerð til bæjarstjórnar:

Á meðan svo er ástatt sem nú að fremur er hörgull á folki til nauðsynlegra starfa en atvinnuleysi samþykkir bæjarstjórn að heimila aukagreiðslu fyrir yfirvinnu fastra starfsmanna bæjarins og bæjarfyrirtækja, í stað frígjafa skv. 8. grein launasamþykktarinnar frá 1. apríl 1939, eftir þeim reglum sem hjer segir:

a. Yfirvinna skal greidd mánaðarlega með launum fyrir þann tímafjölda er starfsmaðurinn hefir unnið liðinn almanaksmánuð umfram reglulega starfstíma í starfsgrein hans, en að frádregnum tímafjölda er hann hefir forfallast frá vinnu í mánuðinum, nema að forföllin sjeu vegna launaðra borgaralegra skyldustarfa.

b. Kaup. fyrir hverja yfirvinnuklukkustund skal vera 1/200 hluti af lágmarksmánaðarkaupi í launaflokki starfsmannsins, með 33 1/3 % álagi, auk verðlagsuppbóta. Þó er rjett að starfsmönnum sje greidd kaup, er svarar til þess sem yfirvinna þeirra er beinlínis seld öðrum.

c. Starfsmenn er taka laun skv. I-IV launaflokki fá ekki greidda yfirvinnu, nema að bæjarráð samþykki sjerstaklega og heldur ekki þeir starfsmenn aðrir, sem eru eða verða til þess settir, að hafa á hendi stjórn og reikningshald um yfirvinnu.

d. Með reikninghaldi um yfirvinnu skal færð nákvæm skrá um tímafjölda hvers starfsmanns, sem greiða ber yfirvinnukaupi, svo og fjarvistir hans að hinu leytinu. Þá skal og fylgja greinargerð um hver nauðsyn bar til yfirvinnunnar.

e. Að öðru leyti setur bæjarráð nánari reglur um þetta mál, eftir því sem nauðsyn ber til

f. Þessar reglur gilda ekki um yfirvinnu lögregluþjóna.

23. Erinidi rafmagnsstjóra dags. 8. þ.m. um vinnu við vjelaviðhald aflstöðva vísað til meðferðar borgarstjóra.

24. Staðfest eftirfarandi úthlutun byggingalóða, sbr. fundargerð 7. maí, 29. lið:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Guðjón O. Guðjónsson, Hallv. 6 A | fær | Auðarstr. | 17 |
| Baldvin Einarson, Rauð. 40 | " | Flókagötu | 19 |
| Gunnar Níelsson, Berg. 80 | " | " " | 21 |
| Sóknarnefnd Hallgrímssóknar | " | " " | 27 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eggert P. Briem, Fjöln. 10 | “ | “ “ | 29 |
| Finnbogi Kjartansson, Amt. 12 | “ | “ “ | 31 |
| Olafur H. Jónsson, Berg. 67 | “ | “ “ | 33 |
| Jón Eiríksson, Hringbraut 68 | “ | “ “ | 35 |
| Indriði Níelsson, Lvg. 38 | “ | Guðrúnarg. | 9 |
| Magnús Oddsson, Njg. 110 | “ | Gunnarsbraut | 40 |
| Pétur Ketilsson Baugsv. 7 | “ | Hrísateig | 2 |
| Jóhann Sigurbjörnsson, Shellveg 2 | “ | “ “ | 4 |
| Arni Ingólfsson, Berg. 68 og Einar Magnússon, Skegg. 11 | fá | Hringbraut | 79 |
| Atli Eiríksson, Sunnuhvoli | “ | Hringbraut | 81 |
| Hannes Arnórsson Gunn. 30 og Konráð Gíslason, Verbúð 1 | fá | “ “ | 83 |
| Oskar Smith, Lvg. 144 | fær | “ “ | 87 |
| Sigfús Kolbeinsson, Hringbraut 64 | “ | Bollagötu | 1 |
| Runólfur Jónsson, Grett. 50 | “ | “ “ | 2 |
| Zophonías Snorrason, Leifsg. 23 | “ | “ “ | 3 |
| Hallfríður Bjarnadóttir, Oð. 25 | “ | “ “ | 4 |
| Arni Pálsson, Vífilsg. 3 | “ | “ “ | 5 |
| Þorlákur G. Ottesen, Hringbr. 184 og Þórður Brynjólfsson, Brag. 29 | fá | “ “ | 6 |
| Oddur Sigurðsson, Háteigsv. 15 | “ | “ “ | 7 |
| Armann Guðmundsson, Þverv. 40 | “ | “ “ | 8 |
| Guðbjarni Guðmundsson, Lind 20 | “ | “ “ | 9 |
| Sigvaldi Guðmundsson, Hringbr. 69 | “ | “ “ | 10 |
| Magnús K. Jónsson, Baugsv. 13 | “ | “ “ | 12 |
| Guðbjartur Jónsson, Vatn. 16 a | “ | “ “ | 14 |
| Þórarinn Kristjánsson, Hringbr. 120 | “ | “ “ | 16 |
| Helga Níelsdóttir, Hringbr. 78 | “ | ónefnd gata | 1 |
| Þorl. Helgi Eyjólfsson, Eiríksg. 31 | “ | “ “ | 3 |
| Tómas Olason, Lvg. 11 | “ | “ “ | 5 |
| Sigurjón Pálsson, Þórsg. 27 | “ | ónefnd gata | 7 |
| Daníel Þorkelsson, Leifg. 30 | “ | “ “ | 9 |
| Stefán Thorarensen, Gunn. 26 | “ | “ “ | 11 |
| E. Lövdal, Hringbraut 78 | “ | “ “ | 13 |
| Axel Kristjánsson, Auð. 5 | “ | “ “ | 15 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Lagðar fram tillögur um úthlutun lóða við Langholtsveg. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

26. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti breytingu á áætlunarferðum Strætisvagna Reykjavíkur, sem fjelagið fer fram á í brjefi 28. f.m.

27. Útsvarsmál: Einar D. Kristjánsson db. Reyn. 44, Jón H. Kristjánsson db. Framnv. 50, Sigurður Ó. Gíslason db., Óð. 16, Guðm Pálsson db. Lind. 36, Júlíus A. Hallgrímsson db. Freyjug. 27, Kristinn Ág. Finnbogason, Þórarinn Eyjólfsson Grund, Jón Magnússon Lvg. 65, María Hallgrímsdóttir Grund 17, Sigfús Fr. Kristjánsson Þjórsárg. 1, Friðrik P. Welding Framnv. 10, Inger Bener Ljósv. 32, Kristín Þ. Gunnsteinsdóttir Fjölv. 20, Jón Jónsson Berg. 50 b, Þorsteinn Finnbjarnason Bergþ. 23, Lilja Bjarnadóttir Lvg. 93.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson Sigfús Sigurhjartarson
Gunnar Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 22. maí , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Norðurmýrarblett XV, eða hluta hans (Ranglega bókað Norðurmbl. XIII í 28. lið fundargerðar bæjarráðs 8. maí).

2. Boðinn forkaupsrjettur að efðafestulöndunum Bústaðabl. I og IV fyrir kr. 29.300. - Hafnað.

3. Beiðni Matthíasar Guðmundssonar Bergþ. 53 um að mega taka vatn úr leiðslu í Fossvogi til notkunar í sumarbústað vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

4. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja geymsluhús á leigulóð Hagastöðvarinnar fyrir matsverð, kr. 5860,-

5. Erindi Mjólkursölunefndar um lóð undir nýja mjólkurstöð vísað til skipulags- nefndar til umsagnar.

6. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 11. þ.m.

7. Lagt fram brjef frá Verkfræðingafjelagi Íslands dags. 11. þ.m, um nauðsyn þess að settar verði hjer á landi fastar reglur „normur" um járnbenta steinsteypu og að bæjaryfirvöldin beiti sjer fyrir því, í samvinnu við fjelagið. Bæjarverkfræðingi falið að taka upp samvinnu við V.F. Í. um þetta mál.

8. Samþ. að greiða Jóni Þorsteinssyni kr. 1948.80 uppbót vegna dýrtíðarinnar á greiðslu til hans fyrir sjúkraleikfimi barna.

9. Starfsmannafjel. Reykjavíkurbæjar fer þess á leit að athugða verði hvort ekki sje rjett að gera tímakaupmönnum við hreinsunarstörf að föstum starfsmönnum. Falið borgarstjóra til athugunar.

10. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að ameríski Rauði Krossinn fái til afnota nokkrar kennslustofur í Miðbæjarskólanum til 1. septbr. næstk.

11. Lagt fram brjef Starfsmannafjelagsins, dags. 18. þ.m., með tilmælum um að Brynjólfi Jónssyni baðverði í Miðbæjarskólanum verði greitt kaup allt árið í stað kaups fyrir þann tíma er skólinn starfar.

12. Bæjarráð samþykkir að greiða helming (kr. 3000.-) launa Jóhanns Jónassonar búnaðarráðunautar búnaðarsamb. Kjalarnesþings, enda taki hann að sjer alla umsjón með matjurtagörðum bæjarins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagður fram dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. þ.m. í mál Bjarna Eggertssonar fyrrv. lögregluþjóns gegn lögreglustjóra ofl.

14. Borgarstjóra falið að ráðstafa bifreiðunum R. 1111 og R 1166.

15. Samþ. að tillaga rafmagnsstjóra í brjefi, dags. 16. þ.m., um kaup á efni frá Westinghouse Electric International Co., New York, til aukninga rafmagnsveitunnar til Hafnarfjarðar.

16. Samþ. að auglýsa til umsóknar bókavarðarstöðuna við Bæjarbókasafnið.

17. Tillögu Katrínar Pálsdóttur á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi fyrirkomulag á fyrirhuguðum íbúðarhúsabyggingum, vísað til húsameistara til athugunar.

18. Lögð fram tillaga Björns Bjarnasonar um skömmtun á húsnæði, er var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

19. Samþ. eftirfarandi úthlutun byggingarlóða:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eggert Guðmundsson, Laugarnesv. 58 | fær | Hátún | 11 |
| Helgi Einarsson, Reykavv. 9 | " | " " | 29 |
| Kristján Jóhannesson, Klapp. 25 | " | ón. götu | 32 |
| Guðni Sigurðsson, Suðurg. 13 | " | " " | 34 |
| Jóhann Pálsson, Þrast. 8 | " | " " | 56 |
| Gunnlaugur J. Briem, Barón. 65 | " | " " | 58 |
| Aðalsteinn Kristinsson, Lauf. 42 | " | Samtún | 24 |
| Olafur Þorgrímsson, Aust. 14 | " | Hraunteig | 8 |

Umrædd ónefnd gata er í Kleppsholti.

20. Lagðar fram og ræddar tillögur, er samþykktar voru í bæjarstjórn við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 8. janúar þ.a., eða vísað var til bæjarráðs.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 29. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa byggingu svínahúss á erfðafestulandinu Laugarnesi, enda samþykki bæjarverkfræðingur staðsetningu hússins.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XLIII fyrir kr. 6000. - Hafnað.

3. Synjað erindi um að skilja að erfðafestulöndin Sogamýri XIII og Þvottalaugablett XXXVI svo og byggingu íbúðarhúss í Sogamýri XIII og skiftingu Þvottalaugabl. XXXVI.

4. Samþ. að gefa Páli Guðjónssyni Laugarnesv. 77 og Vilh. Jónssyni Sjafn. 6 kost á leigulóðinni Kirkjuteig 13.

5. Samþ. að gefa Gunnsteini Jóhannessyni Lauganesv. 53 kost á leigulóðinni Efstasundi 30.

6. Lagt fram brjef frá Oddi Jónassyni Laufásvegi 9 varðandi byggingu á baklóð hússins Laufásvegi 19.

7. Frjálslyndi söfnuðurinn í Reykjavík fer fram á að fá ókeypis lóð undir væntanlega kirkju safnaðarins.

8. Samþ. að fela borgarstjóra að semja við Alm. Byggingafjelagið h.f. um leigu á Blönduhlíð.

9. Lagt fram brjef frá lögreglustjóranum í Keflavík dags. 27. þ.m. með beiðni um að bæjarráð samþykki fyrir sitt leyti að ameríska herstjórnin sem hefir á leigu annan vetur bor bæjarins, megi lána Keflavíkurhreppi borinn til að bora 1 holu eftir neysluvatni nú í sumar. Sömuleiðis lagt fram brjef bæjarverkfræðings dags. 29. þ.m., varðandi málið.

10. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 20. þ.m., þar sem samþykkt eru kaup bæjarins á jarðeignum Thor Jensens í Kjósasýslu.

11. Samþ. tillaga verkfræðings hitaveitunnar um innheimtu hitaveitugjalda yfir sumarmánuðina.

12. Bæjarráð fellst á að Rafmagnsveitan taki þátt í stofnun sambands íslenskra rafveitna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um kaup á vörum í Bandaríkjunum til stækkunnar Sogsstöðvarinnar.

14. Lagt fram brjef frá sendiráði Íslands í Washington, dags. 13. f.m., varðandi tilraunir þess til að fá forgangsleyfi, betra er áður var veitt, fyrir framleiðslu á vjelasamstæðum til stækkunar Sogstöðvarinnar.

15. Helgi Tómasson skátahöfðingi sækir um styrk til skátaskólans á Úlfljótsvatni. Samþ. að heimila borgarstjóra að veita allt að kr. 15.000. - styrk og færa til útgjalda skv. fjárhagsáætlun gjaldalið.

16. Synjað beiðni Einars Sveinssonar Hrísakoti um 10.000 kr lán til kaupa á járnsmíðarvjelum.

17. Bæjarráð samþykki fyrir sitt leyti að leyfa megi knattspyrnumönnum frá Vestmannaeyjum afnot einnar kennslustofu í Austurbæjarskólanum til dvalar, meðan á knattspyrnumóti Íslands stendur.

18. Lagt fram brjef Starfsmannafjelagsins dags. 5. þ.m., svo og brjef slökkviliðsstjóra dags. 22. þ.m., varðandi starfstíma varðmanna Slökkvistöðvarinnar. Bæjarráð leggur til að varðmönnum stöðvarinnar verði fjölgað um tvo.

19. Lögð fram umsókn Friðsteins Jónssonar Ljósv. 14 um að bæjarstjórn endurnýi meðmæli til hans að hann fái veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með beiðninni.

20. Sigurður Sigurbjörnsson, Karlagötu 17, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með beiðninni.

21. Eyjólfur Guðsteinsson Lvg. 34 sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

22. Samþ. að fela borgarstjóra að láta reisa skýli, þar sem farið gæti fram hreinsun á húsunum til útrýmingar á veggjalús.

23. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 8. þ.m.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Jón Axel Pétursosn
Valtýr Stefánsson Helgi H. Eiríksson
Björn Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, miðvikudaginn 3. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Lagt fram brjef frá niðurjöfnunarnefnd, dags. 1. þ.m., þar sem tilkynnt er að aðalniðurjöfnun útsvara sje lokið og að jafnað hafi verið niður ca. kr. 11.706.000. - Verða þannig ca. 8.8 % fyrir vanhöldum. Þá vekur nefndin athygli á því að líklegt megi telja, að hlutur bæjarsjóðs af stríðsgróðaskatti skv. 2. gr. laga 30. maí 1942 verði allt að 3 milj. krónur á þessu ári.

Bæjarráð leggur til að svofelldar breytingar verði gerðar á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir yfirstandandi ár og að samþykki ráðherra verði fengið til breytingarinnar.

1. Tekjul. VII, 3, tekjur bæjarsjóðs af stríðsgróðaskatti, verði kr. 2.620.000.-
2. Gjaldal. XIV, 5, til húsbygginga, eftir ákvörðun bæjarráðs, verði kr. 3. 700.000.-

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Björn Benediksson
Valtýr Stefánsson Björn Bjarnason
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 5. júní , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti VII fyrir kr. 92.500. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. III fyrir kr. 20.000. - og bifreiðina R. 1786. Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýri II fyrir kr. 31.000. - Hafnað.

4. Eftir beiðni Þorl. H. Eyjólfssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Rauðarárstíg 34 við Guðrúnu Oddsdóttur Hvg. 59 og Guðmund Maríasson Barón. 49.

5. Samþ. að gefa Páli Einarssyni Hörð. 15 kost á bráðabirgðalóðinni Langholtsvegi 11.

6. Samþ. að gefa Magnúsi Gíslasyni Bráv. 8 kost á leigulóðinni Efstasundi 28.

7. Bæjarráð samþ. að verða við beiðni Þorleifs H. Eyjólfssonar varðandi byggingu á leigulóðinni Miklubraut 3.

8. Samþ. að gefa Anton Jónssyni Mýr. 1 kost á leigulóð við Brávallagötu nr. 18.

9. Lagt fram brjef utanríkisráðuneytisins dags. 29. f.m. varðandi leigu hermanna í Bandaríkjahernum á húsnæði í bænum.

10. Samþ. að greiða Jóni Guðjónssyni bifvjelavirkja hjá Rafmagnsveitunni laun skv. 7. flokki, vjelaviðgerðarmaður með aldurshækkun skv. tillögu rafmagnsstjóra.

11. Lagt fram brjef frá Þorl. Ben. Þorgrímssyni og Sigrúnu Pjetursdóttur varðandi byggingu á lóðinni nr. 100 við Laugaveg.

12. Samþ. að gera leigusamning til 75 ára (frá 1. jan. 1939) um iðnaðarlóðina Rauðará 3278 ferm, að stærð við h.f. Sænsk-ísl. verslunarfjelagið og jafnframt fella úr gildi leigusamning um 3180 ferm. lóð á þessum stað, dags. 15. mars. 1939.

13. Samþ. að mæla með þessum umsóknum um styrk úr Styrktarsjóði Hjálmars Kaupm. Jónssonar:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Þórunnar Fr. Þorsteinsdóttur | Von. 8 B |
| Sigríðar Þorsteinsdóttur | Frakk. 10 |
| Kristínar Hafliðadóttur | Oð. 20 B |
| Kristjónu Hálfdánardóttur | Hrefn. 4 |

14. Lögð fram útskrift úr lögregluþingbók Reykjavíkur varðandi rannsóknir í tilefni af skaðabótakröfu Lárusar Jóhannessonar, Suðurgötu 4.

15. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. 29. f.m., varðandi lóð undir nýja mjólkurvinnslustöð. Bæjarráð telur ekki unnt að ætla stöðinni lóð innan Hringbrautar, en felur bæjarverkfræðingi nánari athugun málsins.

16. Byggingarnefnd nýja stúdentagarðsins fer fram á, að bæjarsjóður leggi fram kr. 50.000. - til byggingarinnar og veiti bæjarábyrgð fyrir öðrum kr. 50.000.- Bæjarráð leggur til að Reykjavíkurbær kaupi 5 herbergi í garðinum með venjulegum skilmálum.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Valtýr Stefánsson Björn Bjarnason
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 12. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Þorleifi Eyjólfssyni að byggja svínahús og hlöðu á erfðafestulandinu Hjallalandi, enda verði byggingarnar teknar af landinu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með 3ja mán. fyrirvara.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti LVIIII fyrir kr. 2600. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. X fyrir kr. 18660. - Hafnað.

4. Samþ. að leyfa Sig. Eiríkssyni að byggja fjós og hlöðu úr steinsteypu á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXXV.

5. Samþ. skilmálar um leiguland K.F.U.M við Reykjaveg: Ársleiga kr. 20.-, landið afhendist bæjarsjóði endurgjaldslaust með 1 árs fyrirvara.

6. Lagt fram brjef frá E. Rokstad dags. 10. þ.m. varðandi yfirtöku erfðafestulandsins Kirkjumýrarbletti XIII, sbr. fundargerð bæjarráðs 8. maí, 3. liður. Bæjarráð lítur svo á að bletturinn hafi verið boðinn skilyrðislaust og vill ekki falla frá forkaupsrjetti, enda nauðsynlegt að taka blettinn úr erfðafestu.

7. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Norðurmýrarbl. VIII, eða hluta af landinu.

8. Lagt fram brjef Landsbankans dags. 8. þ.m. varðandi ráðstöfun á lóðarspildu er verður milli Eiðisgranda uppfyllingarinnar og lóðar bankans, Bráðræðiseignarinnar, sem bankinn ætlar að selja. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

9. Lagt fram brjef frá h.f. Vikurfjelaginu með beiðni um að flýta verði lagningu Hringbrautar vestur við Framnesveg.

10. Lögð fram matsgerð um leigu á lóð h.f. Bílasmiðjunnar við Mjölnisveg.

11. Beiðni h.f. Eimskipafjelags Íslands um lóð undir vörugeymsluhús í Kaplaskjóli vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

12. Ákveðinn 25 ára leigutími á lóðum (öðrum en bráðabirgðalóðum) við Langholtsveg og Efstasund.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagt fram brjef Rafmagnsveitunnar dags. 11. þ.m. með ósk um aðstoð bæjarráðs til að fá vöruflutningabifreið.

14. Lagt fram brjef dómnefndar í kaupgjalds- og verðlagsmálum, dags. 4. þ.m., með tilkynningu um að nefndin samþykki ákvörðun bæjarstjórnar um að greiða yfirvinnu fastra starfsmanna í stað frígjafa.

15. Lagt fram brjef dómnefndar í kaupgjalds- og verðalgsmálum dags. 4. þ.m. þar sem tilkynnt er um úrskurð nefndarinnar varðandi greiðslu áhættuþóknunar til lögregluþjóna. Í tilefni af brjefinu tekur bæjarráð fram, að það telur rjett að slökkviliðsmenn, hafnsögumenn, varðmenn og vatnsmenn hafnarinnar fái tilsvarandi áhættuþóknun.

16. Samþ. að greiða sundlaugavörðunum Kristbirni Bjarnasyni, Gísla Hanssyni og Stefáni Jónssyni laun skv. XI. launaflokki.

17. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra 3. þ.m. með tillögum um launakjör nokkurra starfsmanna Rafmagnsveitunnar. Tillögurnar samþykktar.

18. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 9. júní.

19. Anton Jónssyni Mýr. 1 gefinn kostur á leigulóðinni Brávallag. 12, ranglega bókað M.18 í fundargerð 5. júní 8. lið.

20. Forstjóri Sundhallarinnar kvartar enn yfir sóti úr Mjólkurstöðinni.

21. Kvenskátafjelag Reykjavíkur sækir um 3000 kr. styrk til sumardvalaheimilis og landsmóts kvenskáta. Bæjarráð mælir með 1000 kr. styrkveitingu.

22. Kristín Sigurðardóttir fer fram á að endurnýjuð verði meðmæli bæjarstjórnar, er hún fjekk til að fá veitingaleyfi 1. ágúst 1940.

23. Lagt fram brjef landlæknis, dags. 8. þ.m. varðandi nauðsyn þess að sett verði á stofn slysastofa í bænum, er ljetti af Landsspítalanum að taka á móti öllu fólki er verður fyrir slysum. Falið borgarstjóra til athugunar.

24. Samþ. úthlutun byggingalóða:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Páll Jónsson Sólv. 3 | fær | Efstasund | 26 |
| Ragnar Guðmundsson Linv. 36 | " | Skúlag. | 54 |
| Guðjón Sæmundsson Tjarn. 10 c | " | " " | 56 |
| Sveinbjörn Kristjánsson Hvg. 39 | " | " " | 58 |
| Dósaverksmiðjan h.f. | " | " " | 60 |
| Lilja Hjartardóttir Þorvag. 4 | " | Brávallag | 14 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Lagt fram brjef Strætisvagna Reykjavíkur h.f. með tillögum um malbikun nokkurra gatna í bænum.

26. Lagðar fram umsóknir um bókavarðarstöðuna við Bæjarbókasafnið. Vísað til bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediksson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel pétursson
Jakob Möller Sigfús Sigurhjartarson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 19. júní, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað beiðni Sigfúsar Guðnassonar um leyfi til að stækka íbúðarhús á erfðafestulandinu Norðurmýrarbl. XXXIV.

2. Samþ. að taka úr erfðafestu Laugamýrarblett VIII.

3. Eftir beiðni Gísla Þorsteinssonar var samþ. að gera erfðafestusamning við Þorstein Hraundal um Krossamýrarblett XIII.

4. Lagt fram brjef frá h.f. Eimskipafjelagi Íslands um byggingu vörugeymsluhúss við Haga.

5. Erindi Einars Eyjólfssonar varðandi töku erfðafestulandsins Laugamýrarbl. IV vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Bæjarverkfræðingi falið að útvísa Þórarni Gr. Víkingi lóð við Langholtsveg undir íbúðarhús.

7. Synjað erindi Kristófers Grímssonar um skiftingu erfðafestulandsins Fossvogsbl. II og byggingu á landinu.

8. Lagt fram brjef frá Karli Péturssyni Stýr. 10, varðandi byggingu á Efstasundi 64.

9. Synjað erindi Daníels Þorkelssonar Leifsg. 30 um frest til að byggja á lóðinni Miklubraut 9.

10. Lagt fram brjef frá byggingarnefnd Ungmennafjelags Reykjavíkur með beiðni um lóð undir æskulýðsheimili. Vísað til umsagnar Skipulagsnefndar, bæjarverkfræðings og húsameistara.

11. Beiðni h.f. Mjöl og Bein um leigu á lóð við Sveinsstaði vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

12. Synjað beiðni Vigfúsar Einarssonar um leigu á Tjarnarendabletti II til beitar, þar sem bærinn þarf á blettinum að halda.

13. Samþ. að leyfa Kvenfjelagi Hallgrímskirkju að halda útiskemmtun í Hljómskálablettinum 28. þ.m.

14. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 16. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Samþ. tillögur rafmagnsstjóra 18. þ.m. um launakjör Ingólfs Jónssonar og Sveinbj. Sveinbjarnasonar.

16. Lögð fram tillaga Gunnars Þorsteinssonar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær. Málið falið borgarstjóra til athugunar.

17. Samþ. að taka eftirfarandi kjósendur á alþingiskjörskrá:

| | |
|---|---|
| Ásgeir Jóh. Þorleifsson | Skólav. 44 |
| Berndsen, Sigurður | Grettisg. 71 |
| Dagbjört Hannesdóttir | Suðurg. 24 |
| Guðríður Þorsteinsdóttir | Grett. 40 B |
| Halldór Þórhallsson | Eiði v. Kapl. |
| Júlíus Á Jónsson | Suðurg. 24 |
| Magnús Hannesson | Garð. 4 |
| Valgerður Guðmundsdóttir | Kirk. 10 |
| Kristín Snæhólm | Ránarg. 2 |
| Svavar Pálsson | Sjafnarg. 12 |
| Valgerður Benediktsson | Sólv. 11 |
| Torfi Ólafsson | Njálsg. 36 |
| Sigurður Benediktssonar | Þingh. 29 |
| Hildur Kalmann | Bratt. 3 B. |

Samþ. að fella af kjörskrá þessi nöfn:

| | |
|---|---|
| Gísli Guðmundsson | Bræðr. 21 |
| Guðm. B. Guðmundsson | Brett. 42 B |
| Óskar M. B. Jónsson | Lind. 60 |
| Pétur Guðmundsson | Rán. 13 |
| Ragnar B. Sveinbjörnsson | Hofsv. 23 |
| Sigurberg H. Gíslason | Reykholt v. Lauf. |
| Þórarinn B. Ólafson | Njálsg. 30 a |
| Jón Jósef Magnússon | Ásv. 55, vegna lögheimilis utanbæjar. |
| Ingunn Jósefsdóttir | nr. 11007, er á skránni nr. 10378 |
| Jóhann Jónsson | nr. 11523, er á skránni nr. 11739 |

Kæra Sigurðar Kristjánssonar Kárastíg 4 um að vera tekinn á kjörskrá ekki tekin til greina, vegna lögheimilis á Akureyri. Ennfr. var ekki tekin til greina kæra Guðm. Guðl. Brynjólfssonar, þar sem hann hefir ekki verið í manntali hjer síðan árið 1936.

18. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Rauðarárstíg 32 við Áka Jakobsson, Pjetur H. J. Jakobsson og Valgerði Pjetursdóttur.

19. Samþ. að gefa Árnýju Ágústsdóttur kost á bráðabirgðalóðinni Kleppsvegi 10.

20. Lagt fram brjef frá dómsmálaráðuneytinu dags. 13. þ.m. með tillögum lögreglustjóra um fjölgun lögregluþjóna í bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í maí þ.á.

22. Samþ. að lækka vexti af skuld Elliheimilisins við Gamalmennahælissjóð niður í 3 1/2 % p.a. frá síðustu áramótum.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Valtýr Stefánsson Guðm. Ásbjörnsson
Jón Axel Pétursson Sigfús Sigurhjart.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 26. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Kjörskrá við alþingiskosningar í Reykjavík 23. júní 1942 til 22. júní 1943 undirrituð skv. umboði bæjarstjórnar.

2. Bæjarráð gefur borgarstjóra umboð til að skipa undirkjörstjórnir við alþingis-kosningarnar 5. júlí næstk.

3. Samþ. að leyfa L. Höjdahl að byggja svínahús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XIX.

4. Samþ. að leyfa Daníel Bernhöft að byggja íbúðarhús, allt að 8.9 metr. að flatar-máli, á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXIX, enda verði húsið tekið burtu af landinu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, ef krafist verður með 6 mánaða fyrirvara. Þessari kvöð verði þinglýst.

5. Synjað beiðni um stækkun íbúðarhúss á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti XIX, enda neitar herstjórn Breta að slíkti verði veitt, þar sem landið er svo nálægt flug-vellinum.

6. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Eiðsbletti I (Sindra) fyrir kr. 10.000. - Hafnað.

7. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XVI með húseign fyrir kr. 20.000. - Hafnað.

8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti IX með húsum fyrir kr. 40.142,86. Hafnað.

9. Borgarstjóra falið að svara beiðni Júlíusar Árnasonar um áritun á yfirlýsingu hans varðandi hús Einars Jónssonar á efðafestulandinu Laugamýrarbl. XIV, þannig að rjettur yfir landinu taki engum breytingum.

10. Lagt fram brjef frá Arngr. Kristjánssyni og L. Andersen, dags. 19. þ.m., varðandi málefni fasteignaeigenda við Skerjafjörð. Í tilefni af brjefinu var borgar-stjóra falið að úthluta lóðum til þeirra er hugsa sjer að endurbyggja hús sín, í Laugarneshverfi og að greiða eftir föngum fyrir því fólki er verður húsnæðislaust vegna hernaðaraðgerða þar í hverfinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Bæjarráð samykkir fyrir sitt leyti að Svifflugsfjelag Íslands fái til viðgerða eina kennslustofu í Austurbæjarskólanum, á sama hátt og síðastl. sumar.

12. Fjelagsmálaráðuneytið samþykkir, með brjefi dags. 18. þ.m., breytingar á fjárhagsáætlun bæjarins, sbr. tillögur bæjarráðs 3. júní þ.á

13. Lagt fram brjef „Sumargjafar", dags. 17. þ.m. varðandi umbætur á leikvöllum bæjarins.

14. Brjefi rafmagnsstjóra dags. 23. þ.m., varðandi skaðabætur vegna dauða tveggja hrossa af rafmagnsstraumi á Blönduhlíðartúnunum hinn 25. apríl s.l., vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Bæjarráð vill verða við beiðni Aðalst. Þórarinssonar um byggingu bráðabirgða trjesmíðastofu á landi bæjarins í Kringlumýri, norðan Sogavegar, enda verði skýlið rifið fyrirvaralaust bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvernær sem krafist verður.

16. Sigfús Sigurhjartarson bar fram svohlj. tillögu:

Bæjarráð felur borgarstjóra að láta nú þegar hefja rannsókn á húsnæðisástandinu í bænum, er beinist að:

1. Að fá yfirlit yfir hve margar fjölskyldur og einstaklingar verða húsnæðislausar í haust, ef ekki verður bætt úr með sjerstökum ráðstöfunum.
2. Að fá yfirlit yfir hvernig það íbúðarhúsnæði, sem til er í bænum, er hagnýtt.
3. Að fá yfirlit yfir hversu mikið íbúðarhúsnæði muni bætast við vegna nýbygginga einstaklinga og fjelaga í sumar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller   Valtýr Stefánsson
Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 3. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað beiðni um framlengingu leigutíma á bráðabirgðalóðinni nr. 9 (rjettara 7) við Langholtsveg.

2. Lagt fram brjef utanríkisráðuneytisins, dags. 30. f.m., varðandi rýmingu setuliðanna á nokkrum íbúðum í bænum.

3. Samþ. að mæla með umsókn Hansínu V. Jónsdóttur um styrk úr Styrktarsjóði Hjálmars kaupm. Jónssonar.

4. Umsókn Einars Kristjánssoanr um forkaupsrjett að hálfri jörðinni Vatnsholti í Villingaholtshreppi eða forleigurjett, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

5. Erindi nefndra fasteignaeigenda í Skerjafirði um aðstoð bæjarins til að festa kaup á timbri til endurbygginga, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Bæjarráð telur ekki fært að verða við umsókn frá sumarheimili templara í Kumbaravogi um leyfi til að halda hlutaveltu í fimleikasal Miðbæjarskólans.

7. Samþ. að leysa Steinar Þorsteinsson frá leigusamingi um Árbæjarblett 57.

8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýri IX (Litluhlið) svo og Sogamýrarbl. XXII fyrir kr. 30.000. - Hafnað.

9. Samþ. að verða við umsókn Hannesar Arnórssonar varðandi byggingu á leigulóðinni Hringbraut 83.

10. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti LV með húsum fyrir kr. 22.000. - Hafnað.

11. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýri XIV (Melavöllum) og Sogamýrarblettum XXV LVII fyrir kr. 145.000. - Hafnað.

12. Samþ. úthlutun leigulóða:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Gissur Erlendsson | Grett. 38 B | fær | Langholtsveg | 41 |
| Einar Kristjánsson | Freyjug. 37 | " | " " | 45 |
| Ólafur Þorgrímsson | Aust. 14 | " | Hraunteig | 12 |
| Eyjólfur Einarsson | Sólv. 7 A | " | Brávallag. | 16 |
| Kristín V. Jacobson ofl. | Garð. 39 | " | Gunnarsbr. | 42 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hallgrímssókn fær Auðarstr. 19 fyrir prestbústað.

Jafnframt afsalar Gissur sjer lóðinni Efstasundi 36 og Ólafur lóðinni Hraunteig 8

13. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti heimila Fjelagi ísl. myndlistarmanna að reisa sýningarskála á lóð bæjarins við íshúsið Ísbjörninn, enda verði húsið rifið bæjarsjóði að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður með 6 mánaða fyrirvara.

14. Lagður fram og samþ. uppdráttur af fyrirhuguðu verksmiðjuhverfi við Suðurlandsbraut. Lóðarúthlutun á svæðinu þvínæst samþykkt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Páll Einarsson ofl. Eiríksg. 23 | fær lóð mrk. | 1 | á uppdr. |
| Bifreiðastöð Rvíkur | " " | 2 | " " |
| Nærfatagerð Harpa og Georg Co. Lækj. 6 | " " | 4 | " " |
| Trjesmiðjan hf. | " " | 5 | " " |
| Verksmiðjan Magni hf. Þingh. 23 | " " | 6 | " " |
| Verksmiðjan Júnó | " " | 7 | " " |
| Trísmiðjan Fjölnir Bröttug. | " " | 8 | " " |
| Blikksmiðjan Grettir Grett. 18 | " " | 9 | " " |
| Símon Símonarson Hringbr. | " " | 10 | " " |
| Björn Ólafsson Ltd. | " " | 11 | " " |
| Bergur Hallgrímsson Vatnsstíg 3 | " " | 12 | " " |

15. Bæjarráð fellst á álitsgerð borgarritara um 4 konur er lögmaður tilkynnir að sjer hafi borist um að kærendur yrður teknir á alþingiskjörskrá.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jón Axel Péturson Sigfús Sigurhjartarson

Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 10. júlí, kl. 5 síðdegis hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarásbletti V fyrir kr. 35.000,00 Hafnað.

2. Lögð fram beiðni Valdimars Guðjónssonar Nýl. 6, um að hann fái leigurétt yfir landi undir hús sitt við Blesugróf, og samskonar beiðni frá Jónasi Jónssyni um leigurétt yfir landi undir hús hans, Lækjarveg við Blesugróf. - Samþ. var tillaga frá Jóni Axel Péturssyni um að leigja umsækjendunum 300 - 400 ferm. land hvorum, eftir nánari útvísun, til 15 ára, enda verði hús og mannvirki á löndunum tekin burtu, bænum að kostnaðarlausu, að þeim tíma liðnum. - Jafnframt tekur bæjarráð fram, að það muni eftirleiðis neita um öll lóðarréttindi þegar hús eru byggð án leyfis, eins og þessi.

3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 24 við Rauðarárstíg við Sigurð Jónsson, Fjöln. 18, og um lóðina nr. 26 við sömu götu við Sigurð Sigurbjörnsson, Hverf. 102 B.

4. Lagt fram bréf Olíuverslunar Íslands h/f, um skipti á lóðarskikum úr Arnarhólstúni. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

5. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja Eyjólfi Jónssyni tvo lóðarskika, 36,1 og 3,6 ferm. til viðbótar lóð hans nr. 46 við Bergstaðastræti.

6. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja h/f Steinsteypunni lóð bak við Bjarnaborg eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

7. Synjað kröfu Gríms Þorkelssonar um bætur fyrir tjón, er hann telur sig hafa orðið fyrir við byggingu hússins nr. 42 við Samtún.

8. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að semja við Sláturfélag Suðurlands um kaup á laxi úr Elliðaánum.

9. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, ásamt tilboðum um byggingu spennistöðva. - Málinu vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

10. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um ráðningu og launakjör Sigurðar Þórðarsonar, Guðmundar Sigurðssonar, Einars Sigurðssonar, Jóns Þorlákssonar og Jóhanns Einarssonar. - Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lagt fram bréf bæjarverkamanna um breytingu á launakjörum. Vísað til borgarstjóra til athugunar.

12. Samþ. að greiða Styrktarsjóði verkamanna- og sjómannafélaganna þær kr. 3500,00 sem ætlaðar eru til styrktarstarfsemi á gjl. VIII. 14, í fjárhagsáætlun.

13. Lagt fram bréf fimm lögregluþjóna þar sem þeir fara þess á leit, að þeim verði reiknaðar aldursuppbætur á laun fyrir allan þann tíma, er þeir hafa starfað sem lögregluþjónar í þágu ríkis og bæjar og að þeir fái tvær aldursuppbætur að auki. - Borgarstjóra heimilað að verða við fyrra atriðinu.

14. Lagt fram bréf frá skólastjóra Miðbæjarskólans um kaupgreiðslur til ræstingarkvenna í skólanum.

15. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings og borgarritara um innkaup á efni til hitaveitunnar.

16. Lögð fram beiðni Júlíusar Þorbergssonar um veðleyfi fyrir 2500 króna láni í Búnaðarbanka Íslands, er byggt verði með veði í landi við Reykjaveg, á undan veði bæjarsjóðs. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

17. Sigfús Sigurhjartarson bar fram svohljóðandi tillögur:

a. Bæjarstjórn Reykjavíkur lítur svo á, að lögreglumenn bæjarins þurfi ekki að vera öðrum vopnum búnir en kylfum og skammbyssum, og telur frekari vopnabúnað lögreglumanna óþarfan og jafnvel hættulegan. Bæjarstjórnin skorar því á dómsmálaráðherra að sjá um, að lögreglumenn bæjarins séu ekki öðrum vopnum búnir en þeim, sem um getur í þessari samþykkt, og ennfremur að vopn þau, sem fyrrverandi dómsmálaráðherra lét flytja til landsins verði seld úr landi eða eyðilögð.

b. Bæjarstjórn Reykjavíkur skorar á þingmenn Reykjavíkur að flytja eigi síðar en á haustþinginu 1942 frumvarp til breytinga á lögum nr. 50 frá 12. febr. 1940 um lögreglumenn, er feli í sér eftirtalin atriði:

1. að afnumið verði vald dómsmálaráðherra til að senda lögreglumenn bæjarins „hvert á land sem er" en bæjarstjórn fengið úrskurðarvald um hvort og hvenær þeir skuli starfa utan lögsagnarumdæmis bæjarins ( sbr. 8.gr. laga nr. 50, 12. febr. 1940)

2. að afnumið skuli verða vald dómsmálaráðherra til að ákveða „hver skuli vera útbúnaður lögreglumanna" í Reykjavík, en bæjarstjórninni fengið vald til að ákveða, hvaða tækjum lögreglumenn bæjarins skuli búnir. ( skv. 9. gr. laga nr. 50, 12. febr. 1940)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn, að gefnar verði 100 þús, kr. úr bæjarjsjóði til Noregssöfnunarinnar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller   Guðm. Ásbjörnsson
Jón Axel Pétursson   Sigfús Sigurhjartarson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 17. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Einari Magnússyni Skeggjag. 11 að byggja sumarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XVIII, með sömu skilmálum, að því er stærð snertir og skyldu til að taka húsið burtu og gilda um erfðafestulöndin í Fossvogi.

2. Bæjaráð samþykkir að erfðafestulandið Fossvogsbl. XLIII verði sent Jóhanni Eyvindssyni, Blönduhlíð.

3. Bæjarráð getur ekki að svo stöddu breytt í byggingalóð hluta af erfðafestulandinu Laugamýrarbletti IV.

4. Beiðni B.S. R. um að fá aðra iðnaðarlóð í stað þerrar er úthlutað var á fundi 3. þ.m. Vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Lögð fram matsgerð um leigu eftir lóðina Höfðatún 2 svo og Höfðatún 6.

6. Samþ. að gera lóðarleigusamning um lóðina Skarphjeðinsgötu 20 við Hilmar Foss., Hafn. 11, eftir beiðni Magnúsar K. Jónssonar, Baugsveg 13.

7. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa um byggingu á lóðinni Langholtsveg 9, sbr. fundargerð 3. júlí, 1. lið. Bæjarráð ítrekar synjun um framlengingu leigu-tímans.

8. Synjað erindi Fjel. Ísl. myndlistamanna um leyfi til að fyrirhugaður sýningarskáli á lóð Ísbjörnsins við Bjarkargötu megi standa þar a.m.k. í 15 ár.

9. Bæjarráð telur ekki fært að samþykkja að svo stöddu framtíðar skipulag á gatnamótum Bankastrætis, Laugavegar og Skólavörðustígs, en mæli með því að eigandi Bankastrætis 14 fái að byrja á byggingu við Skólavörðustíg, er verði komið fyrir þannig, að hún geti fallið inn í skipulag, hvort sem núverandi fyrirhuguðu skipulagi er haldið, eða að tillögur skipulagsnefndar frá maí verða samþykktar.

10. Erindi bæjarvinnumanna um bætt kjör vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

11. Lagt fram brjef frá h.f. Frosta, dags. 17. þ.m., varðandi kaup fjelagsins á eigninni sænsk-ísl. frystihússins hjer í bænum. Falið borgarstjóra til meðferðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Ingibjörg Ólafsdóttir Hvg. 69 sækir enn um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

13. Samþ. að fela borgarstjóra að semja við þá Einar B. Kristjánsson, Óskar Eyjólfsson, Halldór Guðmundsson og Gísla Þorleifsson um byggingu fyrirhugaðra íbúðarhúsa á Melunum.

14. Samþ. að gefa Mjólkursölunefnd kost á lóð undir mjólkurstöð, annaðhvort við Ás sunnan Laugavegs, eða innan við Lækjarhvamm, og telur bæjarráð þá lóð miklu heppilegri.

15. Samþ. að fyrst um sinn skuli laun formanns niðurjöfnunarnefndarinnar vera tvöföld á við laun annnara nefndarmanna.

16. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um raflögn að skrifstofuhúsi bankanna á bletti nr. C-III í Kópavogi, sbr. brjefi hans 16. júlí.

17. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 16. þ.m., um greiðslu fyrir yfirvinnu.

18. Bæjarráð getur eftir atvikum fallist á að lögregluþjónum bæjarins verði fjölgað svo mjög, að 2 lögregluþjónar komi á hvert 1000 íbúa bæjarins. Við síðasta manntak voru bæjarbúa alls 41290, þar af 1551 er taldir voru eiga lögheimili utanbæjar:

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson   Helgi H. Eiríksson
Sigfús Sigurhjartarson   Jón Axel Pétursson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 24. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa stækkun á íbúðarhúsi á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XVI.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti X með húsi fyrir kr. 14000. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXVII fyrir kr. 5000. Hafnað.

4. Lagt fram brjef frá utanríkisráðuneytinu, dags. 23. þ.m., með beiðni um að bæjarráð láti í tje lóð undir spítalabyggingu fyrir norska setuliðið hjer í bænum. Vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Synjað beiðni Helga S. Eggertssonar um lóðarrjettindi við hús hans við Breiðholtsveg.

6. Bæjarráð vill leyfa Sigurði Benediktssyni að hafa til bráðabirgða blaðasöluskúr við Suðurlandsbraut eftir tilvísun bæjarverkfræðings, enda verði skúrinn fluttur burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlaust, hvenær sem krafist verður.

7. Samþ. að leyfa stúdentum not nokkurs hluta hljómskálagarðsins um viku tíma, til þess að halda þar skemmtanir til fjáröflunar fyrir nýja stúdentagarðinn, skv. brjefi skemmtinefndarinnar 24. þ.m.

8. Lagt fram brjef frá Eiríki Sigurbergssyni dags. 18. þ.m., þar sem hann býður bæjarsjóði silfurberg til kaups. Bæjarráð telur ekki ástæðu til að sinna þessu tilboði að svo stöddu.

9. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXX fyrir kr. 2500. - Hafnað.

10. Erindi Símonar Símonarsonar Höfðaborg 24 um leyfi til að setja fiskisöluskúr á lóð Höfðaborganna vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

11. Erindi lögreglustjóra um umferð um Geirsgötu, Ægisgarð og þar um slóðir vísað til hafnarstjórnar.

12. Lagt fram brjef póst- og símamálastjórnarinnar dags. 24. þ.m., með fyrirspurn um afstöðu bæjarstjórnar til beiðni h.f. Strætisvagna Reykjavíkur um hækkun á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fargjöldum á sjerleyfisleiðum fjelagsins.

Bæjarráð tekur fram að úrskurður um þetta efni heyrir undir póst- og símamálastjórnina.

13. Lagt fram brjef frá lögreglustjóra með tillögum um skipun 7 fastra lögregluþjóna.

14. Bæjarráð leggur til að föstum starfsmönnum bæjarins verði greidd ómagauppbót skv. lögum frá síðasta þingi, eftir sömu reglum sem ríkissjóður kann að greiða starfsmönnum ríkisins.

15. Eftirfarandi lóðarúthlutun samþykkt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Benedikt Jónsson Ing. 21 A | fær | Efstasund | 24 |
| Sæmundur Elínmundsson Kleppv. | " | " " | 28 |
| Guðjón B. Guðlaugsson Hátún 17 | " | " " | 30 |
| Guðm. Fr. Einarsson Fálk. 26 | " | " " | 36 |
| Gunnsteinn Jóhannsson Lauv. 53 | " | " " | 40 |
| Magnús Gíslason Bráv. 8 | " | " " | 54 |
| Jónatan Jóhannsson Mið. 10 | " | Langholtsv. | 25 |
| Sigfús Kristján Þjórs. 1 | " | Miðtún | 52 |

Gunnst. Jóhannsson afsalar sjer jafnframt lóðinni Efstasundi 30 og Magnús Gíslason lóðinni Efstasundi 28. Ennfr. er það skilyrði sett fyrir lóðarúthlutun Miðtúns 52, að leigjandi greiði fyrir gröft á lóðinni eftir mati.

16. Samþ. að taka lóð við Nóatún (austan götu) af Þórði Pálssyni. Barón. 16, enda greiði væntanlegur leigjandi kostnað við gröft á lóðinni eftir mati.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller   Helgi H. Eiríksson
Sigfús Sigurhjartarson   Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 31. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Erindi Jóns G. Kárasonar Bakk. 10 um erfðafestuland vísað til bæjarverkfræðings.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti IX fyrir kr. 23.000. - Hafnað.

3. Synjað erindi Jóns Eyjólfssona Fálk. 36 um leigu á Klapparholtsbletti, þar eð bletturinn er ekki eign bæjarsjóðs.

4. Synjað beiðni Helga S. Eggertssonar um lóðarrjettindi við Breiðholtsveg.

5. Erindi Jóhanns Jóhannssonar Þórsg. 7 um ráðstöfun á lóðinni Miðtún 52 synjað.

6. Mjólkursölunefndin tilkynnir að hún hafi valið lóðina við Suðurlandsbraut innan við Ás, til þess að reisa á henni mjólkurstöð.

7. Synjað erindi Steindórs Einarssonar um leigulóð innan við Ás, þar sem lóðinni er raðstafað.

8. Synjað að svo stöddu beiðnum um leigulóðir á Melunum, suður af Kirkjugarðinum.

9. Lagt fram brjef frá Íþróttasambandi Íslands með tilkynningu um samþykkt síðasta aðalfundar um áskorun til bæjarstjórnar að velja heppilegri stað fyrir íþróttavöll.

10. Beiðni Snorra Jónssonar Nönnug. 8 um breytingu á hjalli við Þjórsárgötu í veitingahús vísað til byggingarnefndar. Bæjarráð mælir ekki með erindinu.

11. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í júní.

12. Samþ. tillaga forstjóra Sundhallarinnar í brjefi 31. þ.m. um kaup á blöndunartækjum fyrir steypiböð hallarinnar.

13. Erindi byggingarnefndar Stúdentagarðsins um aðstoð við fyrirhuguð hátíðahöld í hljómskálagarðinum í næsta mánuði vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

14. Bæjarráð samþykkir að Rafmagnsveitan tilnefni mann í nefnd til að gera tillögur um nýja reglugerð um raforkuvirki ofl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Tillaga rafmagnsstjóra í brjefi 29. þ.m. um skipun Guðm. Nikulássonar sem 2. fl. línumanns við Rafmagnsveitunnar og launakjör hans samþykkt.

16. Erindi ljósmæðra um aðstoð bæjarins til að þær geti fengið bifreiðar á hvaða tíma sem er, vísað til borgarstjóra til athugunar.

17. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu skólanefndar Miðbæjarskólans um að veita Geir Gígju kennara, frí frá kennslustörfum á næsta skólaári, til ritstarfa.

18. Samþykkt eftirfarandi úthlutun leigulóða:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jónas Bergmann Reykjavíkurveg 18 | fær | Miklubraut | 4 |
| Olafur Pálsson Hátún 1 | " | " " | 6 |
| Halldór Björnsson Karl. 12 | " | " " | 8 |
| Haukur Jóhannesson Skarp. 4 | " | " " | 10 |
| Agúst Jónsson Týsg. 3 | " | Hringbraut | 85 |

Sig. Ásbjörnsson Freyjug. 6 fær lóð við Nóatún, austan götu, enda greiði hann áfallinn kostnað við gröft á lóðinni.

19. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að taka úr erfðafestu hluta af löndunum Klepps-mýrarblettinn I, III og IV, eftir nánari ákvörðun í því skyni að gera þar bygg-ingarlóðir.

20. Samþ. að gefa kost á lóðunum 12, 14,16,18 og 20 við Miklubraut: Sig. Briem Barón. 65, Sig. Ingasyni Ásv. 35, Guðm. J. Gíslasyni Víðimel 49, Árna Jóhannssyni Von. 8, Jóni Gíslasyni Sjafn. 7.

21. Ákveðið að taka eftirfarandi lóðir af þeim sem hafði verið gefinn kostur á lóð-unum, þar sem frestur til undirbúning bygginga er löngu liðinn, án þess að hafist sje handa: Njálsgata 112 og Rauðarástígur 20, Hringbraut 40, Hringbraut 42, Laugavegur 100.-

22. Lagt fram brjef frá Bæjarverkfræðingi dags. 31. þ.m. varðandi fyrirhugaða bygg-ingu herbúða ameríska setuliðsins í Rauðhólum.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Tómas Jónsson
borgarritari
Jakob Möller Valtýr Stefánsson
H. Guðmundsson Helgi H. Eiríksson
Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 7. ágúst kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram skýrsla frá byggingarfulltrúa um rannsókn hans á því, hve margar íbúðir sjeu í smíðum hjer í bænum er líklegt megi telja að verði fullgerðar fyrir áramót.

2. Lagðar fram skýrslur húsaleigunefndar um skráningu fólks, er telur sig munu verða húsnæðislaust nú í haust.

3. Bifreiðastjórar í þjónustu bæjarins fara fram á kaupshækkun m.a. fyrir bifreiðar sínar. Vísað til borgarstjóra til athugunar.

4. Erindi byggingarnefndar Stúdentargarðsins um aðstoð til að lýsa skemtisvæði í Hljómskálagarðinum vísað til rafmagnstjóra til afgreiðslu.

5. Eftir beiðni Jóns Jóhannssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Hátún 7 við Hafliða Jóhannsson og Jóhann Hafliðason.

6. Samþ. að gefa Þorleifi Ben. Þorgrímssyni frest í eina viku til þess að færa borgarstjóra sönnur á, að hann geti byggt nú þegar á lóðinni Laugavegi 100.

7. Rætt um hitaveitumálið.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitð.

Bjarni Benediktsson
Helgi H. Eiríksson H. Guðmundsson
Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 14. ágúst kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gefa Halldóri Ólafssyni Þingh. 3 að nýju kost á lóðinni Njálsg. 112 og Rauð. 20, enda færi hann borgarstjóra nú þegar sönnur á, að hann geti byggt á lóðinni þegar í stað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XL fyrir kr. 6000. - Hafnað.

3. Samþ. að leyfa Kristjáni Einarssyni að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Sogamýri VI (Vonarland), enda verði húsið flutt af landinu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður. Þessi kvöð verði þinglesin.

4. Lagt fram brjef frá húsverði Miðbæjarskólans varðandi launakjör hreingerningakvenna við skólann. Vísað til borgarstjóra til athugunar.

5. Eftir tillögu heilbrigðisfulltrúa var samþ. að ráða Gísla Guðnason, Höfðaborg, sem verkstjóra við sorphreinsunina í bænum.

6. Lagt fram erindi Mæðrastyrksnefndar, dags. 11. þ.m., um að nokkru af húsrúmi í nýbyggingunni á Melunum verði ráðstafað til íbúðar fyrir einstæðar mæður og þar stofnsett m.a. dagheimili og vöggustofu fyrir börn. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til athugunar.

7. Rætt um húsnæðisvandræðin, er telja má fyrirsjáanleg nú í haust. Voru m.a. lagðar fram yfirlitskýrslur frá manntalsskrifstofunni um aðstreymi fólks til bæjarins á þessu og síðasta ári. Borgarstjóra falið að óska eftir því að húsaleigunefnd auglýsi aðvörun til utanbæjarmanna um að flytja ekki til Reykjavíkur, án þess að hafa tryggt sjer íbúðarhúsnæði á löglegn hátt. Ennfremur að brýna sjerstaklega fyrir mönnum ákvæði húsaleigulaganna, um

    að ekki sje heimilt skv. þeim lögum, að leigja húsnæði öðrum en heimilisföstum bæjarmönnum,

    að þeim, er keypt hafa húsnæði eftir 9. septbr. 1941, sje bannað að segja eldri leigjendum upp, til þess að flytja sjálfir í húsnæðið.

Jafnframt beinir bæjarráð til húsaleigunefndar, að ganga ríkt eftir því, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákvæðum húsaleigulaganna um ráðstöfun á húsnæði verði stranglega fylgt, svo og öðrum ákvæðum laganna.

8. Samþ. að legga enn fram kr. 3.500.- til viðhalds á Gufuneshúsinu.

9. Samþ. tillögur húsameistara um bráðabirðgalausn á húsnæði fyrir Skildinganes-skólann næsta vetur.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller H. Guðmundsson
Björn Bjarnason Helgi H. Eiríksson
Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 28 ág., kl. 5 síðdegis hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist.**

1. Synjað beiðni Sigurbjörns Björnssonar um leyfi til að byggja viðbyggingu við hús á erfðafestulandinu Bústaðabletti XXIII.

2. Samþ. að leyfa Erlendi Jónssyni, Bergstaðastræti 64, að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti II, enda verði húsið tekið burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður. Beiðni hans um skiptingu á landinu var synjað.

3. Samþ. að leyfa Lyder Höydal að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XIX.

4. Samþ. að Vikurfélaginu h/f að byggja þrjár bráðabirgðaíbúðir á leigulóð félagsins við Lágholtsveg og Hringbraut, enda verði byggingarnar teknar burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist er með 6. mán. fyrirvara.

5. Synjað beiðni Halldórs Ólafssonar um leyfi til að byggja nokkurn hluta af kjallara fyrirhugaðs húss nr. 20 við Rauðaárstíg.

6. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXX fyrir 10 þús. kr. - Hafnað.

7. Synjað beiðni Þóris Baldvinssonar um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Austurhlíð.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 11 við Flókagötu við Tryggva Ófeigsson, Hávallagötu 9.

9. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Vatnsmýrarblett VIII og hluta af túni norðan við Miðtún, til afnota fyrir knattspyrnufélögin í bænum til æfinga og keppni í knattspyrnu.

10. Lagt fram tilboð verksmiðjunnar Trausta um sölu á sápu til Sundhallarinnar, ásamt umsögn sundhallarstjóra. Frestað til athugunar.

11. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að Fiskifélag Íslands fái leigt kennslueldhús í Austurbæjarskólanum fyrir námskeið í matreiðslu fyrir matsveina á fiskiskipum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lagt fram bréf Stórstúku Íslands um stofnun lesstofu fyrir börn á skólaskyldu-aldri. - Ákveðið að leita umsagnar skólanefndanna.

13. Lagt fram bréf sjúkrahússráðs Hvítabandsins þar sem bæjarsjóði er boðið sjúkrahúsið að gjöf með vissum skilyrðum. - Falið borgarstjóra til athugunar.

14. Lagt fram bréf Íþróttafélags Reykjavíkur þar sem félagið fer fram á að fá verka-mannaskýlið til afnota fyrir hlutaveltu. Frestað.

15. Samþ. að greiða starfsmönnum bæjarins og bæjarstofnana hækkun á laun þeirra samkv. launasamþykktinni, eftir sömu reglum og starfsmönnum ríkisins verður greidd grunnkaupshækkun.

16. Lagt fram bréf Ámunda Sigurðssonar þar sem hann fer fram á að fá greidd laun eftir VI launaflokki. Samþ. að verða við erindinu.

17. Samþ. að fela borgarstjóra að ganga frá og undirrita samninga við verkamanna-félagið Dagsbrún um kaup og kjör verkamanna.

18. Synjað beiðni Marísar Arasonar um að hann verði færður fram um aldursuppbót í VIII. launaflokki.

19. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um launakjör fjögurra skrifstofukvenna hjá rafmagnsveitunni. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

20. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarstofunnar í júlí.

21. Lögð fram beiðni Karls Jónssonar járnsmiðs um launabætur. - Falið borgarstjóra til meðferðar.

22. Samþ. að leyfa Gísla Björnssyni, Bústaðabl. XIV, að byggja íbúðarhús úr stein-steypu á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXX.

23. Lögð fram tilboð um byggingu barnaskóla í Laugarneshverfinu. Samþ. að taka lægsta tilboði, frá þeim Einari Krisjánssyni, Gísla Þorleifssyni, Halldóri Guðmundssyni og Óskari Eyjólfssyni.

24. Samþ. að gefa þessum mönnum kost á eftirtöldum lóðum við Efstasund:

| | | |
|---|---|---|
| Kristján Friðriksson, Skól. 19, | fái nr. | 2 |
| Pétur Söbeck, Samtúni 28 | " " | 8 |
| Elías Kristjánsson, Rvíkurv. 29 | " " | 9 |
| Sigurður H. Ólafsson, Laug. 30 | " " | 10 |
| Sigfús Kristjánsson, Þjórsárg. 1 | " " | 11 |
| Ingimar Magnússon, Leif. 21 | " " | 12 |
| Þorkell A. Guðbjartsson, Bar. 59 | " " | 16 |
| Guðjón Sigurðsson, Bar. 63 | " " | 14 |
| Brynjólfur Jónsson, Berg. 27 | " " | 17 |
| Pétur Sveinsson, Grett. 46 | " " | 19 |
| Halldór Guðjónsson, bergþ. 37 | " " | 21 |
| Jón Finnbogason, Hörp. 38 | " " | 23 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Matthías Guðbjartsson, Svalbarða | " " | 25 |
| Björn A. Blöndal, Hring. 33 | " " | 27 |
| Guðni J. Björnsson, Þór. 15 | " " | 29 |
| Jón Jóhansson, Freyj. 45 | " " | 31 |
| Hannes G. Guðjónsson, Hverf. 88 B | " " | 33 |
| Guðrún Guðmundsdóttir, Grett. 58 | " " | 35 |
| Steingrímur Þórðarson, Þverv. | " " | 37 |
| Páll B. Oddsson, Mím. 2 | " " | 39 |
| Vilhjálmur Jónsson, Sjafn. 6 | " " | 41 |
| Jónas Sveinsson, Kirkjuhvoli | " " | 43 og 45 |
| Svavar Tryggvason, Auðnum | " " | 47 |
| Ólafur Sigurjónsson, Hverf. 82 | " " | 49 |
| Ingólfur Isebarn, Þing. 29 | " " | 51 |
| Bæjarsjóður Reykjavíkur | " " | 53 |
| Sigvaldi Thordarson, Óð. 4 | " " | 55 |
| Gísli Halldórsson, Fram. 21 | " " | 57 |
| Árni Jónsson, Hverf. 61 | " " | 59 |
| Kristjón Ólafsson, sjafn. 6 | " " | 61 |
| Sveinbjörn Erlingsson, Vit. 8 A | fái nr. | 63 |

25. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja bifreiðina R. 250.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Sigfús Sigurhjartarson H. Guðmundsson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 4. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað beiðni um byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti $V^{B}$.

2. Samþ. að leyfa Bjarna Jónssyni Þverh. 18 að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XL.

3. Samþ. að leyfa H. J. Hólmjárn að byggja viðbót við íbúðarhúsið á Kleppsmýrarbletti XI.

4. Samþ. að gefa Davíð Gíslasyni kost á leigulóðinni nr. 15 við Efstasund, enda verði bygging hafin á lóðinni fyrir 1. nóvbr. n.k.

5. Eftir tillögu baðhúsvarðar var samþ. að hækka aðgangseyri að baðhúsinu sem hjer segir:

   Fyrir kerlaugar kr. 1.75 (áður kr. 1.50)
   " steypiböð kr. 0.90 (" " " 0.75)

6. Erindi Fjáreigendafjelagsins varðandi fjallskil nú í haust vísað til borgarstjórnar til afgreiðslu.

7. Lagt fram erindi Jóns Engilberts, dags. 1. þ.m. með umsögn rafmagnsstjóra, dags.3. þ.m. varðandi rafhitun hússins Flókag. 17. Vísað til borgarstjóra og rafmagnstjóra til afgreiðslu.

8. Erindi Kristjáns Þorsteinssonar um lóðarrjettindi með húsi hans í Eiðislandi vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

9. Lagt fram brjef Rauða Krossins, dags. 12. f.m., með beiðni um aðstoð bæjarráðs til þess að geyma nú í vetur húsbúnað og hjúkrunargögn þau er Rauði Kross Bandaríkjanna gaf fjelaginu á síðastl. vori. Falið bæjarverkfræðingi til úrlausnar.

10. Eftir tilögu verkfræðings vatnsveitunnar var samþ. að skipa Stefán Þórðarson Njáls. 7, fastan eftirlitsmann með brunahönum, með launum skv. IX. flokki.

11. Beiðni innheimtumanna Rafmagnsveitunnar um launahækkun vísað til umsagnar rafmagnstjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Rauða Krossi Íslands verði leyft að halda námskeið í fyrstu hjálp sjúkra manna og slasaðra í húsakynnum Asturbæjarskólans.

13. Bæjarráð vill ekki leyfa að Verkamannaskýlið við höfnina verði leigt fyrir hlutaveltur nú í vetur.

14. Lögð fram tillaga Gunnars Thoroddsen í bæjarstjórn 3. þ.m., varðandi íþróttaráðunaut bæjarins.

15. Lögð fram tillaga Gunnars Þorsteinssonar í bæjarstjórn 3. þ.m., um endurbætur á Sundlaugunum.

16. Rætt um húsnæðismálin. Lagt fram brjef frá húsaleigunefnd, dags. 2. þ.m., þar sem skýrt er frá því, hvaða ráðstafanir nefndin hefir gert til þess að húsaleigulögunum verði framfylgt betur en til þessa.

17. Brjefi Sigursteins G. Þórðarsonar um aðstoð til að festa kaup á húsinu Laugafelli í Blesugróf vísað til framfærslunefndar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Helgi H. Eiríksson Bjarni Benediktsson
Valtýr Stefánsson H. Guðmundsson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, mánudaginn 14. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Jóni Björnssyni að byggja við hús sitt á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XIII vinnustofu og bílskúr úr vikursteini, enda verði viðbyggingin tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður.

2. Erindi Jóns Þ. Hannessonar Lvg. 132 lóðarblett undir íbúðarskúr vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

3. Samþ. að gefa Ásgeiri Jónssyni kost á leigulandinu Árbæjarbletti 57.

4. Erindi húsbygginganefndar Sjómannaskólans dags. 11. þ.m. með beiðni um útmælingu á lóð stofnunarinnar, sbr. fundargerð bæjarráðs 26. septbr. 1941, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Lagt fram brjef h.f. Magna, dags. 10. þ.m., varðandi byggingu á lóð er fjelaginu hefir verið gefinn kostur á sunnan Suðurlandsbrautar.

6. Ákveðið að gera leigusamning til 40 ára um iðnaðarlóðina nr. 4 við Borgartún.

7. Lagt fram brjef Hannibals Sigurðssonar, dags. 25. f.m., með beiðni um að fá keypta eignalóðina Eiríksgötu 8. Bæjarráð vill ekki samþykkja sölu á leigulóðum bæjarins eins og sakir standa.

8. Beiðni Eiríks Einarssonar frá Hæli f.h. eigenda húseignarinnar nr. 4 við Shellveg um greiðslu fyrir spildu af lóðinni, er tekin verður undir veg, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

9. Borgarstjóra heimilað að semja um kaup á lóðarspildum undir framlengingu Nýlendugötu.

10. Borgarstjóri skýrði frá því að ljósmæður bæjarins teldu óviðunandi hversu þeim gengi erfiðlega að fá bifreiðar leigðar, einkum á morgnana eins og nú standa sakir, og óskuðu eftir aðstoð bæjarins í þessu efni. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

11. Lagt fram bréf frá Kaupfjel. Reykjavíkur og nágrennis, dags. 9. þ.m., varðandi byggingu frystihúss með geymsluhólfum fyrir bæjarbúa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lagt fram brjef frá póst- og símamálastjórninni, dags. 8. þ.m., varðandi flutninga á fólki hjer innanbæjar með Hafnarfjarðarvögnunum.

13. Lagt fram tilboð verksm. Trausta um sölu á baðsápu og þvottasápu til Sundhallarinnar, dags. 27. f.m., með umsögn sundhallarforstjórans, dags. 28. f.m. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

14. Samþ. að semja við Aðalstein Jóhannsson Rauð. 36 um að standa fyrir rottueyðingu í bænum nú í vetur.

15. Kristján Gíslason Lind. 65 sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

16. Samþ. að leggja til að bæjarsjóður greiði Hallgrími Þorsteinssyni, fyriv. söngkennara, full laun er hann hefir undanfarið haft fyrir gæslu barnaleikvallarins við Lækjargötu, nú er hann segir lausu starfinu vegna sjóndepru. Jafnframt var borgarstjóra falið að ráða mann til gæslunnar.

17. Lagt fram brjef frá skólanefnd Austurbæjarskólans með tilkynningu um ályktun nefndarinnar á fundi 9. þ.m., varðandi fjölgun barnalesstofa í bænum.

18. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningastofunnar í ágústmánuði.

19. Samþ. að leggja til að hjúkrunarfjel. Líkn verði greiddar nú í ár kr. 15.000.- aukafjárveiting til heilsuverndarstarfseminnar.

20. Samþ. að auglýsa stöður íþróttafulltrúa bæjarins með umsóknarfresti til næstk. föstudags.

21. Rætt um húsnæðisvandræðin.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Valtýr Stefánsson   Helgi H. Eiríksson
H. Guðmundsson   Björn Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 18. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa byggingu íbúðarhúss úr steinsteypu á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti V B, með því skilyrði að íbúðarhús, sem nú er á landinu, verði rifið bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti IV með húsum fyrir kr. 150.000.-

3. Samþ. eftirfarandi lóðaúthlutun:

   a. Þorsteinn Einarsson, Grettisg. 44 fær Rauð. 28-30
   b. Oddsteinn Gíslason, Lind. 28 fær Efstasund 13 enda afsali hann sjer rjetti til lóðarinnar nr. 1 við Langholtsveg.
   c. Þórður Þórðarson, Gasstöðinni, fær Langholtsveg 1, bráðabirgðalóð
   d. Snæbjörn Jónsson Sólv. 5 fær Hringbraut 40
   e. Hafliði Jóhannsson og Jóhann Hafliðason fá Hringbraut 42.

   Það er skilyrði fyrir leigu lóðanna undir d. og e., að leigjendur greiði andvirði mannvirkja, sem á lóðunum eru, eftir samkomulagi eða mati.

4. Lagt fram brjef frá Stórstúku Íslands, dags. 14. þ.m., varðandi stofnun drykkjumannahælis að Kumbaravogi í Stokkseyrarhreppi. Frestað til athugunar.

5. Samþ. að ráða Benedikt Jakobsson sem íþróttaráðunaut bæjarins með launum skv. V. launaflokki.

6. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að fela löggiltum endurskoðanda að fara yfir reikninga Sogsvirkjunarinnar frá byrjun og fá umsögn hans um þá.

7. Erindi Fjelags ísl. myndlistamanna um rafmagnshitun á fyrirhugaðri byggingu við Kirkjustræti vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

8. Lagt fram brjef frá loftvarnanefnd, dags. 17. þ.m., með tilmælum um fjárveitingu til að gera loftvarnabyrgi. Samþ. að óska eftir nánari greinargerð og kostnaðaráætlun.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Samþ. að skipa nefnd til að athuga húsnæðisvandamálin og gera tillögu til úrlausnar. Í nefndina voru kosnir Björn Bjarnason, Gunnar Þorsteinsson, Jón A. Pétursson bæjarfulltrúar og Magnús V. Jóhannesson framfærslufulltrúi.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Valtýr Stefánsson H. Guðmundsson
Björn Bjarnason Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 26. sept., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að úthluta þessum leigulóðum:

   a. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis fái Efstasund 3
   b. Jón H. Bjarnason, Bergþ. 11 A fái Efstasund 18
   c. Einar J. Gíslason, Suðurpól 1, og Þórarinn G. Sigurjónsson, Ásvallag. 1 fái Efstasund 20
   d. Gottskálk Þ. Gíslason, Hverf. 43 fái Efstasund 22

2. Eiríkur Sigurbergsson endurnýjar tilboð sitt frá 18. júlí um sölu á silfurbergi. Bæjarráð telur, að atvik hafi ekki breyst síðan í júlí og vill því ekki sinna tilboðinu.

3. Lagt fram bréf Jóhanns M. Kristjánssonar þar sem hann fer fram á að fá leyfi til að reka fjölleika- og kvikmyndahús og að honum verði leigð hentug lóð til að byggja hús fyrir starfsemina. - Bæjarráð sér sér ekki fært að mæla með þessum leyfisveitingum að svo stöddu.

4. Lagt fram bréf Gunnars Kristjánssonar, Mýrargötu 3, um lóð undir vélaverkstæði. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Lagt fram bréf íbúa í Laugarnesskólahverfi um flutning skólabarna, ásamt umsögn skólastjóra. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Lögð fram beiðni Jóns Sveinssonar, Brekk. 6 A, um leyfi til að breyta söluvagni, er hann hefir við Útvegsbankann. - Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.

7. Lagt fram bréf eigenda hússins nr. 12 við Ingólfsstræti þar sem þeir segja upp húsnæði Bæjarbókasafnsins frá 1. apríl 1943.

8. Lagt fram bréf Barnavinafélagsins Sumargjöf þar sem það tilkynnir að það hafi kosið í nefnd til að hafa samstarf við bæjarráð um fyrirkomulag og fjölgun leikvalla: Aðalbjörg Sigurðardóttur, Leif. 3, Jónas Jósteinsson, Egilsg. 30 og dr. Símon Jóh. Ágústsson Víðimel 31.

9. Lagt fram bréf h/f Frosta, dags. 23. sept. um kaup á sænsk-íslenska frystihúsinu.

10. Lögð fram beiðni verksmiðjunnar Vífilfell h/f um rafmagn til hitunar í verksmiðjuhús félagsins í Haga. Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

11. Lögð fram beiðni Björns Sæmundssonar og Elínar Þórðardótur um rafmagn til ljós í bústað þeirra við Elliðavatn. Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að ráða Guðna Guðbjartsson vélgæslumann hjá Rafmagnsveitunni frá næstu áramótum, með launum samkv. VI. launaflokki.

13. Samþ. að heimila borgarstjóra að kaupa lóð Sveins Björnssonar ríkisstjóra, við Baugsveg í Skerjafirði.

14. Í tilefni af beiðni Jóns Sigurðssonar um leyfi til að byggja íbúðarhús á landi vestan Garðavegar, leggur bæjarráðið fyrir bæjarverkfræðing að ganga frá þeim breytingum á skiplaginu á þessu svæði, sem nauðsynlegar eru vegna flugvallarins.

15. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXVII fyrir kr. 16.000.00. - Hafnað.

16. Samþ. að verða við beiðni Óskars Magnússonar, Helga P. Hraunfjörð og Gunnars Sæmundssonar um að vatn verði leitt í bústaði þeirra við Blesugróf.

17. Lögð fram beiðni Barnaheimilisins Sólheima um rekstrarstyrk. Frestað til fjárhagsáætlunar.

18. Lögð fram matsgjörð lóðamatsnefndar á leigu eftir lóðina nr. 4 við Borgartún.

19. Samþ. að greiða Fanneyju Tryggvadóttur starfsstúlku við baðhús Miðbæjarskólans sama kaup og greitt er fyrir sömu störf við Austurbæjarskólann.

20. Samþ. að verða við beiðni Baldurs Andréssonar, Jóns B. Jónssonar og Lárusar Sigurbjörnssonar um að þeim verði greidd laun eftir IV. launaflokki.

21. Samþ. að mæla með beiðni Fiskhallarinnar um kaup á tveimur vöruflutningabifreiðum.

22. Synjað beiðni Ingva Hraunfjörð um lán til að byggja hús í Árbæjarlandi.

23. [autt]

24. Samþ. að veita Gústaf Gíslasyni veðleyfi fyrir 5000 kr. veðdeildarláni er hann ætlar að taka úr á húsið nr. 19 við Fálkagötu.

25. Lögð fram að nýju beiðni Kristjáns Gíslasonar, Lind. 65, um meðmæli með veitingaleyfisbeiðni. - Vísað til bæjarstjórnar.

26. Rætt um húsnæðismálið og lagðar fram tillögur húsnæðisnefndar, er bæjarráð félst á í meginatriðum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller H. Guðmundsson
Valtýr Stefánsson Björn Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, þriðjudaginn 29. septbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. í dag, með tilkynningu um að í dag hafi verði gefin út bráðabirgðalög um breytingu á gildandi húsaleigulögum, þess efnis að bæjarstjórn Reykjavíkur heimilist að taka leigunámi sumarbústaði og annað íbúðarhæft húsnæði í nágrenni bæjarins, til afnota fyrir húsnæðislausra bæjarbúa nú í vetur, svo og að bæjarstjórn veitist heimild til þes að bera út fólk sem tekið hafi ólöglega húsnæði á leigu síðan 9. septbr. 1941 (utanbæjarfólk). Samþ. að skipa Magnús V. Jóhannesson yfir-framfærslufulltrúa sem húsnæðisráðunaut bæjarins fyrst um sinn, en jafnframt óskar bæjarráð þess, að húsnæðisnefndin, sem skipuð var á fundi 18. þ.m. (sbr. 9. lið) , starfi áfram. Bæjarráð leggur til að borgarstjóra, í samráði við bæjarráð, verði að fengnum tillögum húsnæðisráðunautar, falið að leita leigunámsheimild bráðabirgðalaganna, og ennfr. að húsnæðisráðunautinum verði gefið umboð til þess að framfylgja ávæðum laganna um útburð á utanbæjarmönnum. Á fundinum var lagt fram brjef frá stjórn Fasteignaeigendafjelagsins, dags. 27. þ.m.

2. Útsvarsmál: Jens Pálsson Hofsv. 21, Eiríkur Eiríksson db. Flókag. 3, Davíð Jónsson Grett. 33 b, Jóhannes Þorsteinsson Vest. 51 A, Sveinbjörn Ársælsson db., Lvg. 137, Ágúst Kristjánsson Hringbr. 33, Ólafur H. Jónsson Seljav. 15, Kjartan Höskuldsson Höfðatún 2, Jón Jakobsson Vest. 56, Sigurður Ó. E. Waage db. Rán. 11, Helgi Guðmundsson Skeggjag. 6, Sigurgeir Sigfússon Auðnum Langhv., Magnús Hannesson Garð. 4, Ingólfur Jóhannesson Lvg. 161, Vigfús Guðmundsson Hreðavatni, Þórður Pálsson Framnesv. 22, Helgi Guðmundsson Grett. 57 a, Margrjet Ingimarsdóttir Hvg. 42, Valdimar Guðmundsson Akranesi, Jón Ben. Jonsson Vestur., Arngrímur Jóhannesson Vest. 50 a, Jónassen Caroline db. Þingh. 35, Björn Guðmundsson Fjöln. 11, Hans Nielsen Lvg. 27, Dagbjartur F. JónssonVesturg. 46, Stefán Pálsson Lágh. 7, Ingibj. E. Vestmann Hallv. 8, Magnús Pétursson Njarð. 35, Sivertsen, Michel Barón. 43.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Björn Bjarnason H. Guðmundsson
Jakob Möller Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 2. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram tillaga bæjarstjórnar 1. þ.m. um að kjördeildir verði stofnaðar í sjúkrahúsunum við kosningarnar 18. þ.m. Vísað til forstjóra manntalsskrifstofunnar til athugunnar.

2. Lagðar fram tillögur er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 1. þ.m., varðandi húsnæðismál og starfsemi almenningseldhúss: Frá bæjarfulltr. Alþýðuflokksins, Gunnari Þorsteinssyni og Steindóri Guðmundssyni. Bæjarverkfræðingi og húsnæðisráðunaut falið að athuga möguleika fyrir stofnun almenningseldhúss.

3. Erindi frá Tjarnarbíó um rafmagnshitun til bráðabirgða falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu á þeim grundvelli, sem lagður er í umsögn hans, dags. 1. þ.m.

4. Rafmagnsstjóra heimilað að verða við erindi Finnboga R. Valdimarssonar um rafmagn til ljósa og suðu eftir því sem við verði komið í bústað hans við Nýbýlaveg, gegn því að Finnbogi útvegi efnivið til leiðslunnar.

5. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að skipa Sigurð Sigurðsson vjelgæslumann við Rafmagnsveituna með launum skv. VI. flokki og Óla Jónsson 1. fl. rafvirkja með launum skv. VII. flokki.

6. a. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um erindi innheimtumanna Rafmagnsveitunnar um launahækkun.
   b. Lagt fram brjef Starfsmannafjelagsins dags. 28. f.m., með erindum starfsmanna bæjarins í II.-IV. launaflokki um launabætur.
   c. Lagt fram brjef Starfsmannafjelagsins dags. 28. f.m. varðandi greiðslu áhættuþóknunnar til nokkurra starfsmannahópa.
   d. Lagt fram brjef Starfsmannafjelagsins dags. 28. f.m. um skilning á reglum um greiðslu fyrir yfirvinnu.

   Málinu frestað til athugunar.

7. Erindi skólastjóra Austurbæjarskólans, dags. í dag, um launakjör Valgeirs Pálssonar og Kristjáns Eiríksonar starfsmanna í skólanum vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Erindi Mangúsar B. Friðrikssonar laugavarðar um launakjör hans, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

9. Lagt fram brjef Friðþjófs Björnssonar Njg. 56 með beiðni um erfðafestuland.

10. Samþ. að gefa vitamálastjórninni kost á leigulóð við Holtsgötu undir áhalda og efnisgeymslu, eftir útvísun bæjarverfræðings.

11. Vegna umsóknar Jóhanns G. Kristjánssonar um lóð undir íbúðarhús austan Hjeðinshöfða var ákveðið að leita umsagnar Skipulagsnefndar um málið.

12. Bæjarverkfræðingi heimilað að leyfa h.f. Olíuverslun Íslands að byggja bifreiðarskúra til bráðabirgða sunnanvert við vegamót Eiríksgötu og Hringbrautar.

13. Lagt fram brjef frá Hannesi Jónssyni Ásv. 65 um byggingarlóðir við Ásvallagötu.

14. Lögð fram umsögn landlæknis um erindi Stórstúkunnar um stofnun drykkjumannahælis í Kumbaravogi við Stokkseyri.

15. Gangfræðaskóli Reykvíkinga sækir um 10 þús. króna viðbótarstyrk til skólahaldsins nú á þessu ári. Bæjarráð mælir með erindinu.

16. Flugfjelag Íslands sækir um 10 þús. króna styrk til aðgerða á vegi að flugvjelarskýli fjelagsins og dráttarbraut sjóflugskýli fjelagsins og dráttarbraut sjóflugvjelarnnar. Bæjarráð mæli með erindinu.

17. Bæjarráð samþykkir að veita eigi Elliheimilinu Grund veðleyfi til að taka skuldabrjefalán til greiðslu á veðdeildarláni er hvíli á húseign stofnunarinnar.

18. Borgarstjóra heimilað að láta gera nauðsynlegar endurbætur og viðbyggingu við húsið á Elliðavatni.

19. Lögð fram umsókn Jóns Sveinssonar Brekk. 6 a um leyfi til að breyta pylsuvagni sínum og stækka hann og jafnframt að vagninn megi standa allan sólarhringinn í Kolasundi. Bæjarráð vill leyfa breytinguna, en vísar erindinu til lögreglunnar að öðru leyti.

20. Lagt fram brjef sænsk-íslenska verslunarfjelagsins h.f. dags. 29. f.m., varðandi leigulóð fjelagsins við Rauðará. Falið borgarstjóra til athugunar.

21. Teknir til úrskurðar kjörskrárkærur:
A. Eftir tillögu manntalsskrifstofunnar voru þessir kjósendur teknir á kjörskrána, er gildi við alþingiskosningar til 23. júní 1943:

| | |
|---|---|
| 1. Ágúst N. Benjamínsson, vkm | Frakk. 13 |
| 2. Árni R. Jóhannesson, vkm. | Njálsg. 11 |
| 3. Árni Th. Pétursson | Túng. 35 |
| 4. Ásgrímur Jónsson, vkm. | Trað. 3 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| 5. Biering, Pétur W. | Smiðj. 12 |
| 6. Bjarni Bjarnason, vkm, | Ljósv. 32 |
| 7. Björn Ó. Carlsson, verslm. | Sólv. 5 |
| 8. Egill Þorgilsson, stýrim. | Reyn. 44 |
| 9. Guðmundur R. Guðmundsson , brunav. | Hallv. 10 |
| 10. Guðmundur Jónsson, vkm. | Rauðag. 13 |
| 11. Guðmundur Kristinsson, vkm. | Berg. 12 |
| 12. Guðmundur Þórðarson, sjóm. | Lind. 22 a |
| 13. Gunnar H. Vigfússon, skósm. | Lvg. 27 |
| 14. Hannes J. Jónsson verslm. | Ásv. 65 |
| 15. Hansen Olav. M. bílstj. | Skól. 22 a |
| 16. Hólm Elías F. verkm. | Óð. 28 B |
| 17. Ingólfur Árnason verslm. | Hringbr. 181 |
| 18. Ingvar Þ. Ólafson verkm. | Bergþ. 2 |
| 19. Jón A. Jóhannsson | Hrg. 44 |
| 20. Jón Sæmundsson, vkm | Grund. 2 |
| 21. Jón Ögmundsson, vkm. | Bræðr. 39 |
| 22. Karen A. Þórarinsson hfr. | Sólvg. 68 |
| 23. Karl S. Þorsteinsson, bakari | Vest. 14 |
| 24. Kristinn Jóhannson, vkm. | Hrg. 125 |
| 25. Leó Ólafsson, sjóm., | Kapl. Baldursheimum |
| 26. Magnús V. Guðmundsson, sjóm. | Hörp. 7 |
| 27. Ólafur Árnason, sjóm. | Fjöln. 20 |
| 28. Ólafur R. K. H. Hallgrímsson, stud, | Freyj. 36 |
| 29. Ólafur Ó. Jónsson bílstj. | Grjót. 12 |
| 30. Páll F. Jóhannsson, bílstj. | Grund. 4 |
| 31. Páll Kristinsson, vkm. | Hvg. 125 |
| 32. Sigurður Hannesson | Bræðr. 14 |
| 33. Sigurjón Kr. Jóhannesson, bílstj. | Rán. 36 |
| 34. Sivertsen, Michael, Vjelstj. | Vest. 18 |
| 35. Soffía I. Jóhansdóttir | Hvg. 102 a |
| 36. Ström, Viktor L. vkm. | Grett. 58 b |
| 37. Tryggvi Jóhannesson vkm, | Lind. 63 a |
| 38. Valgerður Guðmundsdóttir | Nýl. 16 |
| 39. Þórður Þórðarson | Tunguv. Urðarholt |
| 40. Þórhallur Pálsson, lögfr. | Hvg. 102 a |
| 41. Þorsteinn Pétursson vkm. | Kár. 3 |
| 42. Hallbjörn Þórarinsson, trjesm. | Ljósv. 12, með aths. fær kosningarétt 17./10. 1942 |

B. Skv. kærum voru teknir á kjörskrána þessir kjósendur:

| | |
|---|---|
| 43. Sigurður Sveinsson, sjóm. | Óðinsg. 24 |
| 44. Steingrímur J. Þorsteinsson, mag. art | Garð. 14 |
| 45. Arna Kl. Jónsson, frú p.x. | Laufási |
| 46. Agnar Kl. Jónsson, lögfr. p.x. | Laufási |
| 47. Kristján Björnsson | Lvg. f. 26/4 1919 |
| 48. Guðmundur Ágústsson | Hvg. 100 B f. 2/9 1918 |
| 49. Benedikt Þ. Guðmundsson | Bergþ. 15 |
| 50. Ólafía Guðmundsdóttir | Fisch. 1 |
| 51. Foss, Hilmar | Hafn. 11 (skv. A-lið) |

C. samþykkt að taka eftirgreinda kjósendur á kjörskrána, enda sanni viðkomandi fyrir næstk. þriðjudag, að hann sjé ekki á kjörskrá í því kjördæmi er getur við nafn hans:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| 1. Margrjet Jónassína Benediktsdóttir | Rauð. 38 | A.Hv. |
| 2. Gísli Tómas Guðmundsson | Vest. 22 | Ak. |
| 3. Trausti Guðmundsson | Þverveg 40 | Ve-Árn. |
| 4. Jón Sigurjónsson Engilberts | Njálsg. 42 | G-K |
| 5. Tove Sigurjónsson Engilberts | " " | G-K |
| 6. Sigurgeir Jóhannesson | Bókhl. 9 | Sigl. |
| 7. Sigurður Briem | Barón. 65 | V-Hv |
| 8. Sigurður Kristjánsson | Kár. 4 | Ak. |

D. Úrskurður að þessir kærendur skuli ekki teknir á kjörskrána:

1. Bára Sigurjónsdóttir, í kæru talin eiga lögheimili Þingh. 26. Í plöggum manntalsskifstofunnar finnast engin gögn um þennan kæranda, hefir ekki verið hjer í manntali árum saman.
2. Anna Olafsdóttir, í kæru talin eiga heima á Smiðjustíg 6. Samskonar aths. og undir 1. lið.
3. Jóhanna Grímsdóttir, í kæru talin eiga heima á Hvg. 32. Samskonar aths. og undir 1.lið.
4. Laufey Bogadóttir, Tjarnarg. 33 flutningur frá Reykjavík tilk. 14. maí 1941 og aftur tilk. að kærandi hafi flutt hingað frá Ytri-Njarðvíkum 14. maí 1942
5. Steinn Dofri, Miðstr. 8B. Er ekki íslenskur ríkisborgari.

E. Samkvæmt kæru voru þessir menn úrskurðarir af skjörskránni:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Björn Jónsson, vkm. | Lvg. 147 A | (Nr. 272729) |
| 2. Blomsterberg, Andrjes | Hringbr. 63 | (Nr. 2818) |
| 3. Sigurgeir Sigurðsson | Vest. Selbr. | (Nr. 20834) |

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Valtýr Stefánsson  Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 9. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Kjörskrá er gildi við alþingiskosningarnar hjer í Reykajvík 18. þ.m., undirrituð af bæjarráði, skv. umboði bæjarstjórnar.

2. Samþ. að skifta 850 ferm. frá erfðafestulandinu Laugamýrarbletti IV og leyfa Gísla Þorkelssyni að byggja á landinu viðbyggingu úr steinsteypu, enda verði húsin, sem á landinu eru nú og verða, tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður.

3. Bæjarráð getur ekki, að svo stöddu, fallist á að selja lóðarspildu til viðbótar lóðinni nr. 47 við Laufásveg.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XIII, með húsi, fyrir kr. 38.000. - Hafnað.

5. Samþ. að bæta 1.55 metr. meðfram götu við lóðina nr. 88 við Laugarnesveg.

6. Samþ. að leyfa Kristni Helgasyni að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti LVIII.

7. Skógræktarfjelag Íslands og Garðyrkjufjelag íslands skora á bæjarstjórn að banna allt sauðfjárhald í landi bæjarins. Ákveðið að fá umsögn Fjáreigendafjelagsins um málið.

8. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar um ráðstöfun á byggingarlóðum austan við „Höfða”.

9. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar um stað fyrir fyrirhugaða kirkju Frjálslynda safnaðarins.

10. Samþ. að mæla með beiðni Kristjáns Gíslasonar, Lindarg. 65 um að fá veitingaleyfi, enda skuldbindi hann sig til að selja a. m.k. 25 bæjarmönnum fast fæði í vetur.

11. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnenfndar 8.þ.m.

12. Synjað erindi Ágústs Jónssonar Lvg. 137 um skiftingu á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti XXXIII.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lögreglustjórinn í Reykjavík tilkynnir, að Þórður Geirsson lögregluþjónn segir starfi sínu lausu frá næstu áramótum, vegna heilsubrests.

14. Samþ. að skipa Guðjón Jónsson sem húsvörð Miðbæjarskólans

15. Ákveðið að fá umsögn Gasstöðvarstjóra um erindi Árna Árnasonar um launabætur.

16. Lögð fram umsókn Þorsteins Jónssonar um að verða skipaður fastur starfsmaður bæjarins.

Fleira gerðis ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller H. Guðmundsson

Valtýr Stefánsson Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 23. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXIII fyrir kr. 25.000. - Hafnað.

2. Samþ. að leyfa viðbyggingu úr timbri við íbúðarhúsið á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXIII.

3. Samþ. að leyfa byggingu bifreiðaskúrs úr steinsteypu á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. LIX.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti VIII fyrir kr. 30.000. - Hafnað.

5. Samþ. að leyfa Jóni Gíslasyni Sjafn. 7, að reisa skýli til steinagerðar við Grensásveg, eftir tilvísun bæjarverkfræðings og með því skilyrði að skýlið verði flutt burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður.

6. Lagt fram brjef frá Kennarfjelagi Laugarnesskólans, dags. 14. þ.m., með beiðni um að kennurum skólans verði ætlað 10-15 lóðir undir íbúðarhús í nágrenni skólans. Vísað til bæjarverkfræðings og Skipulagsnefndar.

7. Synjað erindi Sigurlínu Bjarnadóttur um lóðarrjettindi í Blesugróf.

8. Samþ. að hús Valtýs Friðrikssonar Vinarminni í Kaplaskjóli megi standa í 15 ár.

9. Synjað erindi Einars G. Skúlasonar um byggingarlóð við Sundlaugaveg.

10. Samþ. að veita h.f. Skautahöllinni frest til að byggja fyrirhugaða skautahöll þar til öðruvísi verður ákveðið .

11. Erindi h.f. Vikurfjelagsins, dags. 23. þ.m., um skilyrði fyrir byggingu íbúðarhúsa við Lágholtsveg, vísað til borgarstjóra til athugunar.

12. Samþ. að gera lóðarleigusamning um iðnaðarhlóðina Sætún 4 (Olíuhreinsunarstöðin) til 10 ára.

13. Bæjarráð vill ekki verða við erindi Barnavinafjel. Sumargjafar um að ljetta af húseigninni Vesturborg kvöð um að flytja verði húsið af lóðinni þegar krafist verður, en vísar erindinu annars til borgarstjóra til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 15. þ.m., með tillögum Skipulagsnefndar 7. f.m. og Erlings Pálssonar yfirlögrþj. 9. þ.m. um ýmsar breytingar á umferðareglum í bænum. Falið borgarstjóra til athugunar.

15. Lagt fram brjef Erlings Pálssonar yfirlögþj. og húsameistaranna Harðar Bjarnasonar og Einars Sveinssonar dags. 19. þ.m., um bifreiðastæði í bænum. Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til athugunar..

16. Lögð fram erindi Sigurmunda Guðnasonar Lvg. 13, dags. 8. og 21 þ.m., með kröfum um bætur fyrir tjón, er hann kveðst hafa orðið fyrir vegna viðskifta sinna við bæjarstjórn (byggingarnefnd) í sambandi við flutning hússins Reykjarvíkurveg 4. Bæjarráð vill ekki sinna bótakröfunni.

17. Samþ. tilmæli Skautafjelagsins um að mega hafa skúr á tjarnarbakkanum við Hljómskálann nú í vetur.

18. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 14. þ.m.

19. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 7. þ.m. með tilkynningu um að Sólon Lárusson og Jón Guðjónsson segir upp stöðum sínum sem fastir starfsmenn við smiðju Rafmagnsveitunnar.

20. Erindi Sundhallarinnar um að fá rafmagn til að reka rafmagnsgufuketil í þvottahúsinu vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

21. Lagt fram erindi yfirlæknisins á Vífilstöðum dags. 8. þ.m., um að hælið megi nota næturhitara sína nokkra klt. að degi til, svo og umsögn rafmagnsstjóra. Samþ. að verða við erindinu.

22. Lögð fram umsókn Norska Sjúkrahússins í Reykjavík um heimilistaxta rafmagns í skúra hjá sjúkrahúsinu. Falið rafmagnsstjóra til nánari athugunar.

23. Rafmagnsstjóra falið að senda rafmagnsnotendum bæjarins umburðarbrjef, þar sem þeir sjeu hvattir til þess að nota ekki rafmagn til hitunar kl. 11-12 á daginn.

24. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í septbr. þ.á..

25. Lagt fram brjef frá Árna J. I. Árnasyni Berg. 80, dags. 22. þ.m., með tillögu um stofnun minjasafns Reykajvíkur. Jafnframt sendi hann bæjarráði að gjöf næturvarðaklukku, er notuð var um aldamótin síðustu. Bæjarráð þakkar gjöfina og felur borgarstjóra athugun tillögunnar.

26. Samþ. tillögu forstjóra Sundhallarinnar í brjefi, dags. 11 þ.m., um launakjör starfsstúlkna þar.

27. Lögð fram umsókn Jóns I. Guðmundssonar um launabætur. Falið borgarstjóra til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. Lagt fram brjef frá íþróttaráðunaut bæjarins varðandi starfssvið hans. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.

29. Bæjarráð getur ekki orðið við beiðni Jóns Jónssonar Berg. 52 um leyfi til að byggja íbúðarskúr innan við Lækjarhvamm.

30. Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið tilkynnir með brjefi, dags. 21. þ.m., að það hafi ákveðið tölu lögregluþjóna hjer í bænum 80, skv. lögum nr. 50 / 1940.

31. Bæjarráð leggur til að greiddur verði aukastyrkur á yfirstandandi ári kr. 2300.- til starfsemi Námsflokka Reykjavíkur.

32. Bandalag ísl. skáta sækir um kr. 12.000.- viðbótarstyrk til starfsemi skátaskólans á Úlfljótsvatni síðastl. sumar.

33. Lagt fram brjef Sigurðar Sigurðarsonar yfirlæknis vegna heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, dags. 20. þ.m., með tillögum um starfsemi stöðvarinnar, að því er snertir eftirlit og rannsókn með ófrískum konum og svo kostnaðaráætlun um þá starfsemi. Bæjarráð fellst á að taka þátt í kostnaðinum á móti þeim aðiljum öðrum, sem greiða kostnað Heilsuverndarstöðvarinnar.

34. Erindi Bents Bjarnasonar Miðstr. 10 um greiðslu skuldar Valdimars Sigurðssonar, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

35. Lagðar fram tillögur skólanefndar Skildinganesskólans, sbr. fundargerð 10. þ.m., er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 15. þ.m.

36. Rætt um hitaveitumálið og væntanlega lántöku.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Asbjörnsson   Helgi H. Eiríksson
Sigfús Sigurhjartarson   H. Guðmundsson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 30. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Friðbirni F. Hólm að reisa lítð smíðahús sunnan Hafnarsmiðjunnar, eftir tilvísun bæjarverkfræðings og með því skilyrði, að húsið verði tekið burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður.

2. Lagt fram eftirrit af brjefi frá loftvarnanefnd, dags. 8. þ.m., með tilkynningu um samþykkt nefndarinnar 5. þ.m., um að byggja sandpokabyrgi við Oddfellowhúsið, við Tjarnarg. 10, á Austurvelli, á Útnorðurvelli og við Lækjargötu hjá Menntaskólanum. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að nefndin láti byggja nauðsynleg byrgi í Miðbænum og felur borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að ákveða staði í samráði við nefndina.

3. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að loftvarnanefnd kaupir 150 þús. sandpoka af setuliðinu fyrir ca. 25 aura stykkið.

4. Borgarstjóri skýrði frá athugunum sínum og bæjarverkfræðings á tillögum um bifreiðastæði í bænum, sbr. 15. lið fundargerðar 23. þ.m. Frestað til nánari ath.

5. Lagðar fram tillögur um takmörkun umferðar í bænum, skv. tilmælum lögreglunnar, sbr. 14. lið fundargerðar 23. þ.m., svo og brjef varðandi mál þessi, frá dr. Gunnlaugi Claessen og Vörubílastöðinni Þrótti. Vísað til bæjarstjórnar.

6. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 29. þ.m., varðandi fyrirhugaða byggingu Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð. Vísað til bæjarverkræðings og húsameistara til athugunar.

7. Borgarstjóri skýrði frá því, að væntanlega verði Skildinganesskólinn tekinn að fullu til starfa innan hálfs mánaðar. Samþ. að greiða úr bæjarsjóði fargjöld barna af svæðinu sunnan fyrirhugaðra aðalflugbrautar að skála og frá.

8. Erindi Skautafjelags Reykjavíkur um lýsingu skautasvells á tjörninni vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

9. Lagt fram brjef Fjáreigendafjelagsins, dags. 26. oktbr, með mótmælum gegn því að sauðfjárhald í landi bæjarins verði bannað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lagt fram brjef Jóns Jónssonar, Hafn. 20, þar sem hann býður aðstoð sína til að reka almenningseldhús í bænum.

11. Samþ. að greiða óhjákvæmilega verðhækkun á lögreglufatnaði, sem orðið hefir síðan samningar voru gerðir.

12. Lögð fram útskrift af dómi hæstarjettar 19. þ.m. á útsvarsmáli Grímsneshrepps gegn Sogsvirkjuninni. Bæjarráð samþykkir tillögu borgarstjóra, að tilkynna oddvita hreppsins, að Sogsvirkjunin muni ekki skorast undan því að greiða þau gjöld sem lögð eru eða lögð verða á hreppsjóðinn lögum samkvæmt, beinlínis vegna þess að mannvirki Sogsvirkjunarinnar eru í hreppnum.

13. Bæjarráð getur ekki orðið við tilmælum norska setuliðsins um að fá heimilistaxta rafmagns í skúra nálægt húsinu Eiríksgötu 27.

14. Samþ. þessi úthlutun byggingarlóða:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurður Jónsson, Skeggjg. 25 | fær | Efstasund | 8 |
| Sigurgeir Magnússon, Lav. 81 | " | " " | 16 |
| Björn Jónsson, Bald. 17 | " | " " | 21 |
| Jón Sveinsson, Ljósafoss | " | " " | 27 |
| Pétur Söebeck, Samtún 28 | " | " " | 47 |
| Árni Jónsson, Hvg. 61 | " | " " | 49 |
| Sæmundur Halldórsson, Hvg. 61 | " | " " | 59 |
| Laugarnessókn | " | Langholtsv. | 41 |
| Teitur Magnússon, Óld. 7 | " | Miðtún | 52 |
| Páll G. Þormar , Laugamýrarbl. 32 | " | Miklabr. | 8 |

Jafnframt afsalar Pétur Söebeck sjer lóðinni Efstasundi 8 og Árni Jónsson afsalar lóðinni Efstasundi 59.

15. Synjað beiðni um skiftingu erfðafestulandsins Þvottalaugabletts XXIII.

16. Borgarstjóra falið að svara erindi Húsaleigunefndar varðandi heimilisfestu Kristins Gíslasonar kennara við Laugarnesskólann.

17. Útsvarsmál: Jón Eiríksson Laugalandi, H.f. Sæfari, Einar Hjörleifsson Hringbr. 124, Páll H. Pétursson, Stefán Gíslason db. Sólv. 8, Einar Stefánsson Samtún 2, Torfi Ólafsson Njg. 36, Guðmundur Hallgrímsson Bár. 33, Þangmjöl h.f., Jóhann Hákonarson Ásv. 10, María Jónsdóttir Rán. 3 a, Júlíus Ingvarsson Hvg. 92 a, Guðm. H. Þórðarson.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson H. Guðmundsson
Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson
Gunnar Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, miðvikudaginn 4. nóvbr. kl. 6 e.h. var haldinn sameiginlegur fundur í bæjarráði og hafnarstjórn í fundarstofu bæjarráðs, Austurstr. 16. Borgarstjóri stýrði fundinum og lagði fram plögg varðandi kaup h.f. Frosta á eignum Sænsk-ísl. frystihúss-hlutafjelagsins hjer í bænum, en skv. lóðarleigusamningi dags. 26. febr. 1927, hefir hafnarsjóður forkaupsrjett að fasteignum frystihússins, ef lóðarleigjandi selur þær.

Á fundinum samþykktu bæjarráðsmenn með 4:1 atkv. að skora á hafnarstjórn að neyta forksaupsrjettarins.

Þá samþykktu hafnarstjórnarmenn með 5 samhlj. atkv., að nota forkaupsrjettinn fyrir söluverð og falla frá kröfu um mat, sem ráð er fyrir gert í lóðarleigusamningum.

Vjeku hafnarstjórnarmenn þá af fundi og var þá rætt um hitaveitumálið og lagt fram brjef Landsbankans, dags. í dag, varðandi lánsútboð til hitaveituframkvæmdanna. Bæjarráð samþ. með 4 samhlj. atkv. að taka tilboði bankans um lánsútvegun til framkvæmdanna.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson H. Guðmundsson
Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson
Vatlýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 6. nóvbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að íbúðarhús, er h.f. Vikurfjelagið ætlar að reisa á leigulóð sinni við Lágholtsveg megi standa þar í 10 ár.

2. Lögð fram greinargerð frá borgarritara um viðtöl við eiganda Litla-Vallar, vegna fyrirhugaðra kaupa á lóðarspildum af honum til framlengingar Nýlendugötu vestur fyrir Brunnstíg. Þar sem ekki næst samkomulag um verð og götulagningin ekki mjög aðkallandi, fresta bæjarráð fyrirætlunum um lóðarkaupin.

3. Lagt fram brjef póst- og símamálastjóra, dags. 3. þ.m., með beiðni um að breytt verði í byggingarlóð þeim hluta af „bæjarfógetagarðinum" við Aðalstræti og Kirkjustræti, sem ekki verður tekin til breikkunar Kirkjustrætis. Jafnframt er þess óskað að dregið verði úr breikkun Kirkjustrætis frá því sem fyrirhugað hefir verið. Samþ. með 3:2 atkv. að fela borgarstjóra og bæjarverkfræðingi að undirbúa samninga við póst- og símamálastjórnina um málið.

4. Lagt fram brjef frá Einari Kristjánssyni og Gísla Þorleifssyni, með fyrirspurn um hvort þeim myndi leyft að taka að sjer byggingu fyrirhugaðrar Hallgrímskirkju, þrátt fyrir ákvæði samnings þeirra við bæjarráð um byggingu íbúðarhúsa á Melunum. Bæjarráð telur ekki aðkallandi að svara erindinu.

5. Lagt fram erindi h.f. Ofnasmiðjunnar, með umsögn rafmagnsstjóra, þar sem beiðst er rafmagns til hitunar að næturlagi. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

6. Erindi h.f. Hörpu um rafmagnshitun vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

7. Samþ. að verða við tilmælum lögreglustjóra í brjefi, dags. 1. þ.m., um að lögreglan fái eina bifreið enn til notkunar.

8. Lagt fram brjef frá Stórstúku Íslands, dags. 5. þ.m., varðandi stofnun drykkjumannahælis í Kumbaravogi við Stokkseyri. Bæjarráð leggur til að leggja fram allt að 30 þús krónur til stofnkostnaðar hælisins gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar frá.

9. Lagt fram frv. að samingi við A.S. Höjgaard & Schultz um að firmað taki að sjér að fullgera hitaveituna. Frv. samþykkt og borgarstjóra heimilað að undirrita saminginn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Rætt um hitaveitulánið. Samþykkt að taka tilboði Landsbankans í brjefi 4. þ.m. um sölu brjefanna og skiftingu lánsins þannig að 7 milj. krónur veði teknar til 20 ára með 4% ársvöxtum, en 3 milj. kr. til 5 ára með 3 1/2 % ársvöxtum. Jafnfram ákveðið að 20 ára lánið verði annuitets-lán, en 5 ára lánið afborgunarlaust fyrsta árið og endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Helgi H. Eiríksson   Guðm. Ásbjörnsson

Sigfús Sigurhjartarson   H. Guðmundsson

Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 13. nóvbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Fossvogsbl. II, eftir nánari ákvörðun bæjarverkfræðings og borgarstjóra.

2. Lögð fram matsgjörð lóðamatsnefndar á lóðinni Sætúni 4.

3. Lagt fram brjef Þorvaldar Guðmundssonar Barón. 5, dags. 12. þ.m., með beiðni um aðstoð bæjarráðs til þess að fá heppilegan stað fyrir fullkomna nýtísku fiskverslun. Frestað til athugunar.

4. Lagt fram eftirrit af brjefi borgarstjóra 4. þ.m. til Þorleifs Ben. Þorgrímssonar, leigjanda lóðarinnar nr. 100 við Laugaveg, svo og brjef frá Gunnari Bjarnason, dags. 11. þ..m. Samþ. að taka lóðina af Þorleifi.

5. Samþ. að leigja lóðina nr. 104 við Kleppsveg meö sömu skilmálum og lóðirnar við Efstasund ( til 25 ára), enda samþykki byggingarnefnd teikningu af húsi á lóðinni.

6. Samþykkt að gefa Mjólkurfjelagi Reykjavíkur fyrirheit um lóð undir vörugeymsluhúsið Suðurlandsbraut, austan mjókurstöðvarinnar nýju, að Nóatúni og suður að ónefndri götu.

7. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu Skipulagsnefndar um staðsetningu sjómannaskólans á lóð skólans í Vatnsgeymisholtinu.

8. Bæjarráð vill ekki sinna erindi Harðar Valdimarssonar Vit. 9 um kaup á húseigninni Fálkagötu 8.

9. Samþ. að gefa Júlíusi F. Óskarssyni kost á lóðinni Efstasundi 23.

10. Lagt fram brjef utanríkisráðuneytisins, dags. 9. þ.m., varðandi greiðslu skaðabóta vegna hernáms Austurbæjarskólans og Reykjavegsskólans sumarið 1940. Samþykkt tillaga bæjarverkfræðings að svari.

11. Samþ. að gefa Innflytjendasambandinu kost á að fá keypta múrsteina, sem bærinn (Hitaveitan) á, en mun ekki nota. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

12. Samþ. að gefa sóknarnefnd Hallgrímssóknar kost á lóð undir Kirkjubyggingu á Skólavörðuhæð, eftir nánari útvísun síðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Sóknarnefnd Laugarnessóknar fer fram á, að bæjarsjóður leggi fram kr. 30.000. - til kirkjubyggingar í sókninni. Frestað til fjárlagsáætlunar.

14. Ásgeir Einarsson dýralæknir sækir um að verða ráðinn bæjardýralæknir og gerir grein fyrir væntanlegu starfsviði sínu. Lögð fram umsögn hjeraðslæknis um málið. Vísað til borgarstjóra til nánari athugunar.

15. Helgi Elíasson fulltrúi fræðslumálastjóra sendir greinargerð fyrir nauðsyn þess að skipaður verði sjerstakur fræðslumálafulltrúi fyrir Reykjavík. Ákveðið að fá umsögn skólanefndanna um málið.

16. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í október.

17. Haraldur Guðmundsson og Sigfús Sigurhjartarson báru fram svohlj. tillögu: „Bæjarráð samþykkir að fela borgarstjóra, að leitast fyrir um leigu á togara eða öðrum veiðiskipum, fyrir bæjarins hönd, í þeim tilgangi, að bærinn geri þau út, til þess að afla fiskjar til neyzlu í bænum." Tillögunni var vísað til athugunnar borgarstjóra og fisknefndar bæjarstjórnar.

18. Lögð fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 1. og 13. þ.m., með gjaldskrá Rafmagnsveitunnar. Ákveðið að fjölrita brjefin og senda bæjarfulltrúum.

19. Að fenginni umsögn rafmagnsstjóra, dags. 10. f.m., synjar bæjarráð erindi Reynis Eyjólfssonar um rafmagn til hitunar á húsinu Efstasundi 3.

20. Rafmagnsstjóra heimilað að gefa Þórði Þorsteinssyni Sæbóli kost á rafmagni með sömu skilmálum og aðrir sæta á þessum slóðum.

21. Samþ. að veita Haraldi Jónssyni Bergþ. 35 löggildingu sem rafmagnsvirkja við lágspennuveitu í Reykjavík.

22. Samþ. að taka til greina uppsögn Óskars Árnsonar á starfi hjá Rafmagnsveitunni.

23. Erindi innheimtumanna rafmagnsveitunnar um flokkshækkun synjað, en rafmagnsstjóra falið að gera nánari tillögur um að leggja þeim til hlífðarföt.

24. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 13. f.m., um erindi nokkurra línumanna Rafmagnsveitunnar um launabætur, svo og tillögu um verklegt nám starfsmanna Rafmagnsveitunnar í loftlínu og jarðstrengjasetningu. Bæjarráð samþykkir tillögurnar.

25. Samþ. að ákveða launagreiðslur til Ólafs Halldórssoanr aðstm. skv.VI. launaflokki, Sveins Jónassonar aðstm. framfærslufulltrúa skv. VII. launaflokki og til Eyjólfs Gíslasonar innhm. skv. VIII. launaflokki.

26. Lögð fram umsögn skólastjóra Austurbæjarskólans um erindi Jóns I. Guðmundssonar baðvörslumanns um launabætur. Erindinu synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. Ákveðið að fá umsögn forstöðumanna stofnana um erindi starfmanna í II. - IV. launaflokki um launabætur.

28. Ásmundur Gíslason præp. hon., Reynimel 39, skorast undan störfum sem varamaður í sáttanefnd.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson H. Guðmundsson
Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 20. nóvbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýri II fyrir kr. 45.000. - Hafnað.

2. Lagt fram brjef frá Þorleifi Ben. Þorgrímssyni og Sigrúni Pétursdóttur, með beiðni um framlengingu frests til að byggja á lóðinni nr. 100 við Laugaveg. Ennfr. lagðar fram umsóknir um lóðina frá Gunnari Bjarnason og Robert Þorbjörnssyni.

3. Lagt fram brjef frá Sænsk-ísl. verslunarfjelaginu, dags. 28. oktbr. síðastl., með fylgiskjölum, varðandi lóðarleigusamninga um Rauðará. Borgarstjóra falið að svara erindinu.

4. Lagt fram brjef Gísla Sigurðssonar kennara, með umsögn rafmagnsstjóra, varðandi greiðslu heimtaugargjalds rafmagnsleiðslu í sumarbústað við Ljósafoss. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

5. Boðinn forkaupsrjettur að leigulandinu Árbæjarbletti XXXIII fyrir kr. 1800. Hafnað.

6. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 16. þ.m. með tillögum um að þessir menn verði skipaðir lögregluþjónar í Reykjavík:

   Konráð Ingimundarson, Vífilsg. 11
   Vernharður Kristjánsson Hvg. 101
   Sigurður M. Þorsteinsson, Lav. 43
   Torfi Jónsson, Njg. 10 a
   Kristján Hafliðason, Hvg. 64
   Lárus Salómonsson, Lauf. 19

7. Lagðar fram fundargerðir loftvarnanefndar 6., 20., 29. oktbr. þ.á.

8. Helgi H. Eiríksson ítrekaði það sem hann hafði áður tilkynnt, að hann óskaði eindregið eftir því að vera leystur frá störfum í loftvarnanefnd.

9. Synjað greiðslu á reikningum fyrir matarkaup handa lögregluþjónum kosningadagana í sumar og haust.

10. Lagt fram brjef Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns til lögreglustjóra, dags. 14. þ.m., með tillögu um að banna matvælasölu pylsuvagnanna í Kolasundi. Bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráð telur ekki fært að verða við þessari tillögu, en skorar hinsvegar á lögregluna að herða á eftirliti með þrifnaði á staðnum.

11. Samþ. tillaga íþróttaráðunauts bæjarins um að hann leigi afnot af skrifstofu Í. S. Í. við Amtmannsstíg.

12. Samþ. að Sólveig Pétursdóttir taki laun skv. 13 launaflokki.

13. Samþ. að verða við beiðni Þóris Baldvinssonar vegna Mjólkursamsölunnar um breytingu á lóðarmörkum Mjólkurstöðvarlóðarinnar. Falið bæjarverkfræðingi til nánari afgreiðslu.

14. Lagðir fram tillöguuppdrættir að nýjum bifreiðastæðum við Lækjargötu og Vonarstræti.

15. Lagt fram brjef frá h.f. Frosta, dags 18. þ.m., svo og símskeyti frá Sifa, Göteborg, með tilkynningu um að kaupin á eignum Sænsk-ísl. frystihússins hjer sjeu gengin til baka. Borgarstjóra falið að svara þessum tilkynningum til bráðabirgða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Valtýr Stefánsson

Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson

Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 27. nóvbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gefa Guðbirni E. Guðjónssyni Höfðaborg 97 kost á leigulóðinni Efstasundi 11 og Sveini Jónssyni Barón. 20 kost á lóðinni Skúlagötu 56.

2. Bæjarráð fellur frá forkaupsrjetti að hálfu erfðafestulandinu Laugarásbletti XIX með byggingum, sem Bjarni Jóhannesson ætlar að selja í makaskiftum fyrir húseignina Langholtsveg 57.

3. Lagt fram brjef frá Einari B. Guðmundssyni hrmflm. f.h. hreppsnefndar Mosfellshrepps, dags. 26. þ.m., varðandi skifti hreppsins við bæjarsjóð vegna kaupana á jarðeignum Thors Jensens í Mosfellssveit. Bæjarráð telur að tillögur þær, sem fram eru settar í brjefinu, sjeu óaðgegnilegar og komi ekki til greina sem samningsgrundvöllur.

4. Borgarstjóri lagði fram eftirrit af skímskeyti er hann sendi til Sifa, Göteborg, 21. þ.m., vegna tilkynningar fjelagsins um að sala á eignum þess hjer væri gengi til baka svo og svarskeyti frá Sifa mótt. 24. þ.m. Bæjarráð leggur til, með 4:1 atkv., að hafnarstjórn og bæjarstjórn ákveði að halda fram rjetti sínum til þess að kaupa eignirnar, vegna sölu á þeim í júní síðastl. - og að ákveðið verði að nota þann rjett.

5. Lagt fram bjref frá Verkamannafjel. Dagsbrún, dags. 25. þ.m., þar sem vakin er athygli á því, að fullgildir fjelagsmenn hafi forgangsrjett til vinnu hjá bænum, skv. samningum bæjarins við fjelagið, dags. 15. oktbr. síðastl.

6. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra með eftirriti af brjefi utanríksiráðuneytisins til hans, dags. 26. þ.m., þar sem tilkynnt er símskeyti frá sendiráðinu í Washington, er segir vaxandi erfiðleika á því að fá afgreiddar rafmagnsvörur í U.S. A. er jafnvel geti haft áhrif á afgreiðslu rafmagnsvara til stækkunar Ljósafoss stöðvarinnar.

7. Rafmagnstjóra falin til afgreiðslu tillaga hans um kaup á rennibekk fyrir Rafmagnsveituna.

8. Lagt fram brjef frá Ásgeiri Þorsteinssyni verkfr., dags. 21. júlí síðastl., svo og umsögn rafmagnsstjóra, dags. 27. þ.m., með tillögum um að Reykjavíkurbær og ríkið hefjist handa til samvinnu um stofnun verksmiðja til framleiðslu á vatnsefni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

annarsvegar og hinsvegar til áburðarvinnslu. Borgarstjóra falið að ræða málið við ríkisstjórnina.

9. Rætt um ýmis atriði varðandi hitaveituframkvæmdirnar.

10. Lagt fram brjef frá nokkrum eigendum sumarbústaða í Fossvogi með mótmælum gegn því að bústaðirnir verði teknir leigunámi. Bæjarráð óskar eftir því að hjeraðslæknir skoði bústaðina.

11. Bændur í lögsagnarumdæminu skora á bæjarstjórn að ráða Ásgeir Einarsson sem bæjardýralækni.

12. Samþ. að skipa Helga Gíslason og Val Lárusson fasta starfsmenn með launum skv. IX. flokki.

13. Synjað beiðni Páls Einarssonar um að breyta leigumála lóðarinnar Langholtsveg 11.

14. Samþ. að skipa Katrínu Magnúsdóttur starfsmann Bæjarbókasafnsins með launum skv. XIII. flokki.

15. Lagt fram brjef frá gasstöðvarstjóra varðandi launakjör hans. Falið borgarstjóra til athugunar.

16. Lagt fram brjef frá Fjelagi afgreiðslustúlkna í brauðsölubúðum með óskum um breytingar á lokunartíma mjólkur- og brauðabúða. Ákveðið að fá umsögn bakarameistara og Mjólkursamsölunnar.

17. Nemendasamband Kvennaskólans fer fram á að bæjarsjóður veiti styrk til að koma upp fimleikahúsi við Kvennaskólann.

18. Samþ. að greiða halla af útgáfu Foreldrablaðsins í janúar, allt að kr. 3000. -

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jón Axel Pétursson   Sigfús Sigurhjartarson
Helgi H. Eiríksson   Valtýr Stefánsson
Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, þriðjudaginn 1. desbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist**

Rætt um tilboð er borist hefir um að leggja götuæðar hitaveitunnar frá þeim Benedikt Gröndal verkfr. og pípulagningameisturunum Óskari Smith, Rich. Eiríkssyni og Grími Bjarnasyni.

Borgarstjóra heimilað að semja við tilboðsgefendur.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 4. desbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Eftir beiðni Guðm. Jónssonar, Öld. 7 A, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Miðtún 42 við Guðjón Jónsson.

2. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Braga Kristjánssyni, Ártúnum, hluta af Ártúnartúninu, sem Ágúst Guðmundsson segir lausum.

3. Erindi frá Ólafi Auðunssyni og Kristínu Dalstedt um rafmagn til húsa þeirra við Nýbýlaveg vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu með sama hætti og önnur samskonar erindi hafa verið afgreidd.

4. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að svara fyrirspurn frá K. Höjgaard, Kaupmannahöfn, um sölu á efni til hitaveitugeyma á Öskjuhlíð.

5. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, dags. 3. þ.m., varðandi skipulag Grjótaþorpsins.

6. Samþ. tillögur Helga Sigurðssonar verkfr. um hækkun á gjaldskrá hitaveitunnar frá næstk. áramótum, þannig að hámarkskolaverð, K, verði ákveðið kr. 125.-, í stað kr. 90, og að sleppt verði ákvæði um 10% frádrátt.

7. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 27. nóvbr. síðastl.

8. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 3. þ.m., varðandi Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð.

9. Lúðrasveitin Svanur fer fram á að hækkaður verði bæjarstyrkur til sveitarinnar. Frestað til fjárhagsáætlunar.

10. Synjað kröfu frá Þorsteini Bernharðssyni, Ásvallag. 22, um bætur vegna meiðsla, er hann kveðst hafa orðið fyrir í Sundhöllinni í ágústmánuði 1940.

11. Samþ. að verða við beiðni Páls Einarssonar Langholtsvegi 11 um að gera við hann lóðarleigusamnig til 25 ára, enda verði hús á lóðinni byggt undir eftirliti byggingarnefndar.

12. Borgarstjóri skýrði frá því, að útgerð bv. Geirs til fiskiöflunnar fyrir bæjarbúa hafi gengið mjög erfiðlega vegna aflaleysis og að útgerðarfjelagið treysti sjer ekki til að halda veiðunum áfram eins og nú horfir. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

semja við útgerðarfjelagið um að halda áfram veiðunum enn um sinn, gegn því að greiða rekstushalla úr bæjarjsóði.

13. Lögð fram tillaga Haraldar Guðmundssonar og Björns Bjarnasonar um húsnæðismál, er var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 3. þ.m. Ákvörðun frestað.

Fleira gerðist.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ássbjörnsson   Sigfús Sigurhjartarson
Helgi H. Eiríksson   Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 11. desbr. , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Eftir beiðni frú Rannveigar Ásgrímsdóttur var samþykkt að leigja Eyjólfi Gíslasyni Lvg. 56 leigulandið Árbæjarblett 58.

2. Ákveðinn 40 ára leigutími fyrir iðnaðarlóðina Þverholt 15 A.

3. Samþ. að gefa Magnús Einarssyni kost á lóðinni Skúlagötu 68 í stað lóðarinnar nr. 60 við Skúlagötu, sem hann afsalar sjer gegn greiðslu áfallins kostnaðar við gröft á lóðinni.

4. Samþ. að gefa Hilmari Lúðvíkssyni Lvg. 27 B kost á leigulóðinni nr. 8 við Efstasund sem Sigurður Jónsson Skeggjag. 25 afsalar sjer.

5. Samþ.að gera leigusamning um iðnaðarlóðina við Skúlagötu, er á sínum tíma var ákveðið að gefa H. Benediktssyni og Co kost á, við hlutafjel. Ræsi, sem er að reisa hús á lóðinni. Leigutími ákveðinn 75 ár.

6. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 30. f.m., varðandi skipulag Miðbæjarins og kaup á húseigninni Lækjargötu 6 B í því sambandi.

7. Bæjarráð vill ekki sinna tilmælum Laufeyjar Jónsdóttur Leifsg. 28 um bætur vegna tjóns á fatnaði, er hún fjell á gatnamótum Laugavegs og Frakkastígs hinn 17. f.m.

8. Lagt fram brjef skólastjóra Miðbæjarskólans, dags. 5. þ.m., með tilkynningu um brjefi frá íþróttaráðunaut bæjarins þar sem gerðar eru tillögur um endurbætur á leikfimisal skólans. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

9. Bæjaráð getur ekki, svo sem málið liggur fyrir, orðið við tilmælum Páls Þorkelssonar Lvg. 40 B um greiðslu daglauna í 6 mán. vegna sjúkdóma.

10. Lagt fram brjef frá Þorleifi B. Þorgímssyni og Sigrúnu Pjetursdóttur Berg. 2, dags. 25. f.m. um byggingu á lóðinni nr. 100 við Laugaveg. Bæjarráð ítrekar fyrri ákvörðun sína, um að þau hafi ekki lengur umráð yfir lóðinni vegna þess hve þau hafa dregið að hefjast handa um byggingu.

11. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að ráða Ásmund Jónsson, Miðstr. 4, sem 1. flokks rafvirkja við Rafmagnsveitunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samkv. 18. grein Reglugerðar fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur leggur bæjarráð til, að bönnuð verði með öllu rafmagnshitun á heimilum á tímabilinu kl. 10 $\underline{45}$ - 12 á hádegi.

13. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 10. þ.m., með skýrslum um rekstrarafkomu Rafmagnsveitunnar, sem fylgiskjöl með tillögum hans um gjaldskrárhækkun.

14. Ágúst Sigurðsson fer fram á, að Námsflokkar Reykjavíkur verði viðurkennd bæjarstofnun og að kosin verði nefnd til að standa fyrir þeim, nokkurskonar skólastjórn. Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn kjósi 5 manna forstöðunefnd.

15. Lagt fram brjef frá hússtjórn Góðtemplarareglunnar, dag. 9 þ.m., með beiðni um að reglunni verði veitt leyfi til að reka kvikmyndahús í bænum.

16. Bandalag starfsmanna ríkis og bæjar sendir áskorun til bæjarstjórnar, sem samþykkt var á þingi bandalagsins, um að þær veiti starfsmönnum sínum samskonar kjarabætur og starfsmönnum ríkisins eru veittar.

17. Blindrafjelagið sækir um 1500 kr. styrk á næsta ári til starfsemi sinnar. Frestað til fjárhagsáætlunar.

18. Lögð fram skýrsla Stefáns A. Pálssonar um starfsemi Vetrarhjálparinnar á síðastl. vetri.

19. Borgarstjóri lagði fram svohlj. tillögu:

„Með því að húsnæðisvandræðin í Rekjavík og örðum kaupstöðum stafa af orsökum sem ekki hefir verið á valdi bæajrstjórnar að stemma stigu fyrir, telur bæjarráð að ráðstafanir til úrlausnar beri að fela stjórnskipuðum mönnum eða nefnd, enda veiti bæjarstjórnin aðstoð eftir föngum. Bæjarráð ítrekar þó fyrri samþykkt sína um að bæjarstjórnin fái um sinn vald til þess að ráðstafa ónotuðu og lítt notuðu húsnæði, sem hæft er eða gera má hæft til íbúðar, þar til lýkur endurskoðun húsnæðis löggjafarinar, sem ríkisstjórnin hefir stofnað til"

Tillagan var samþykkt með 3 atkv.

20. Borgarstjóra heimilað að semja við sýslusjóð Gullbringusýslu um afslátt af skuld sýslunnar vegna ábyrðarskuldbindingar fyrir Bessastaðahrepp, gegn greiðslu nú fyrir áramótin.

Fleira gerðist ekki.
Fundi sltið.

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1942, föstudaginn 18. desbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram brjef frá vegamálastjóra, dags. 16. þ.m., varðandi leigu á landi undir flugvöllinn, sem setuliðin hafa gert. Borgarstjóra falið að taka þátt í samningum um málið við ríkisstjórnina og herstjórnina. Jafnframt heimilað að taka úr erfðafestu þau lönd, sem liggja innan flugvallarsvæðisins.

2. Lagt fram brjef frá Skipulagsnenfd, dags. 17. þ.m., með tillögu um að breikka Skólavörðustíg neðanverðan, á milli Laugavegs og Bergsstaðastrætis og breyta í því skyni nýbyggingu Sveins Zöega á lóðinni Bankastræti 14. Bæjarráð getur ekki fallist á tillögu nefndarinnar, eins og málum er komið.

3. Samþ. að gefa Símoni Símonarsyni ofl. kost á iðnaðarlóð við Suðurlandsbraut, á lóð nr. 13. Jafnfram afsala þeir tilkalli til lóðar nr. 10.

4. Lagt fram brjef frá utanríkisráðuneytinu, dags. 17. þ.m, með tilkynningu frá A. S. Höjgaard & Schultz Köbenhavn, um að firmað hefði selt efni til vatnsgeyma, sem legið hefir í Köbenhavn, þrátt fyrir það, að borgarstjóri hafði, í umboði bæjarráðs, óskað eftir því að sitja fyrir kaupum á efnisvörum þessum. Borgarstjóra falið að skrifa firmanu í tilefni af sölunni.

5. Lagðar fram umsagnir rafmagnsstjóra og bæjarverkfræðings um erindi starfsmanna í 2.- 4. launaflokki um kjarabætur.

6. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 1. þ.m., þar sem skýrt er frá símskeytum frá Washington, er staðfesta að á næsta ári verði afgreiddar efnisvörur til Ljósafossaukningarinnar.

7. Samþ. að veita Ágústi Óskari Sæmundssyni löggildingu sem rafvirkja við lágspennuveitu í Reykjavík.

8. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 15. þ.m., varðandi rafmagnsreikning til skólanefndar Grímsneshrepps. Bæjarráð telur ekki ástæðu til að sinna tilmælum hreppsins um lækkun.

9. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um tillögu þess efnis, að innheimtumenn fái hlífðarfatnað. Bæjarráð heimilar að greiða fyrir einkennishúfur handa innheimtumönnum, svo og regnfrakkar.

10. Bæjarráð ítrekar fyrri samþykkt um að greiða beri slökkviliðsmönnum áhættuþóknun samsvarandi þeirri þóknun sem lögregluþjónum eru greidd. Erindi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Starfsmannafjelagsins um sjerstaka slysatryggingu nokkurra starfsmanna meðan á stríðinu stendur, vísað til hagfræðings bæjarins til athugunar.

11. Ásmundur Sveinsson fer fram á að halda áfram styrk sínum til þess að standa straum af sköttum af Freyjugötu 41.

12. Forstöðunefnd Kvennskólans sækir um 20 þús. styrk á næsta ári.

13. Lagðar fram umsagnir Mjólkursamsölunnar og Bakarameistarafjelagsins um erindi frá Fjelagi afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkursölubúðum um breytingar á lokunarsamþykktinni.

14. Bæjarráð leggur til, að greiddar verði á eftirlaun sömu uppbætur og greiddar eru á laun fastra starfsmanna.

15. Samþ. að leggja til, að Ásgeiri Einarssyni dýralækni verði greiddar úr bæjarsjóði kr. 200. - á mánuði, auk verðlagsuppbótar, enda vinni hann að dýralækningum hjer í lögsagnarumdæminu eftir erindisbrjefi er borgarstjóri setji honum.

16. Lögð fram útskrift af dómi hæstarjettar í máli Bjarna Eggertssonar fyrv. lögregluþj. gegn bæjarsjóði. Borgarstjóra falið að athuga möguleika fyrir því að endurheimta dómkröfuna.

17. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í nóvbr.

18. Samþ. að setja Sigríði Sigurjónsdóttur sundkennara sem forstjóra Sundahallarinnar fyrst um sinn.

19. Eftir tillögu baðhúsvarðar var samþ. verð á böðum:

| | | |
|---|---|---|
| Steypiböð | kr. | 1.00 |
| Kerlaugar | " | 2.00 |

20. Svohlj. tillaga samþykkt:

> Bæjarráð telur rjettmætt, að við niðurjöfnun útsvara á næsta ári, geri niðurjöfnunarnefnd mun á því til lækkunnar, ef gjaldandi hefir ekki greidd útsvarsskuld sínar við bæjarsjóð fyrir áramót. Þó er ekki ætlast til að slíku ákvæði verði beitt við þá gjaldendur, sem greiða útsvör sín reglulega af kaupi.

21. Útsvarsmál: Tryggvi Jónsson Bræðr. 55, Guðmunda Kristjánsdóttir Höfn, Guðjón Kristjánsson Höfn, Þorgrímur Guðjónsson Bratt. 6, Ásgeir Guðmundsson Samtúni 6, Skúli Gíslason db., Júlíus Magnússon Freyjug. 39, Tryggvi Guðmundsson db, Bárug. 7, Torfi Björnsson Bergþ. 31, Guðm. H. Pétursson Hring. 192, Guðm. Einarsson db., Bergþ. 16 a, Jón Eiríksson Urð. 15.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson    Sigfús Sigurhjartarson
Helgi H. Eiríksson    Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur